

HÚSAKÖNNUN - FJARAN OG INNBÆRINN 2012

endurskoðun könnunar frá 1982 og deiliskipulags frá 1986



Hjörleifur Stefánsson, Gullinsnið
Hanna Rósa Sveinsdóttir, Minjasafnið á Akureyri

maí 2012

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Formáli.....	4
1. Hvernig hefur tekist til um varðveislu bæjarhlutans?.....	7
1.1. Friðuð hús og mikilsverðar varðveisluheildir.....	8
1.2. Ný einbýlishús.....	10
1.2.1. Einbýlishús við Naustafjöru, Duggufjöru og Búðafjöru.....	10
1.3. Kjarnasvæði við austanvert Hafnarstræti.....	12
1.4. Skipulag byggðar við Spítalaveg.....	15
1.5. Breytingar á gömlum húsum, viðbyggingar og ný hús innan um eldri.....	16
1.6. Niðurstaða.....	18
2. Endurskoðun á húsakönnun- Helstu niðurstöður.....	19
3. Húsaskrá.....	22

Formáli

Aðdragandi þeirrar húsakönnunar sem hér sér dagsins ljós er orðinn nokkuð langur. Um er að ræða endurskoðun og uppfærslu á húsakönnun sem upphaflega var gerð árið 1981-1982 en hún átti sér líka forsögu.

Við gerð Aðalskipulags Akureyrar 1972-1993 var meðal annars fjallað um varðveislu gamallar byggðar í bænum. Þann þátt skipulagsins annaðist Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, en hann skoðaði öll hús á Akureyri sem byggð voru fyrir 1927 og lagði mat á varðveislugildi þeirra. Lagði hann til að gert yrði sérstakt varðveislu- eða verndunarskipulag fyrir Fjöruna og Innbæinn.

Bæjarstjórn féllst á tillögu hans og í greinargerð með Aðalskipulaginu voru markmið bæjarstjórnar skilgreind meðal annars þannig: “Stefna ber að deiliskipulagi fyrir svæðið (þ.e. Fjöruna og Innbæinn), þar sem kveðið er nánar á um varðveislu bygginga, gróðurs og annarra hluta, svo og götur, gangstíga, staðsetningu bílastæða, götulýsingu, hugsanlegar nýbyggingar, ný tré o.s.frv. Stefna ber að ströngum skipulagsákvæðum á staðnum.”¹

Undirbúningur að gerð deiliskipulags Fjörunnar og Innbæjarins hófst í ársbyrjun 1981. Þá var ráðist í gerð ítarlegrar húsakönnunar þar sem byggingarsaga bæjarhlutans var skráð og saman dregnar allar helstu upplýsingar um hverja lóð og hvert hús á svæðinu. Niðurstöðurnar voru fólgnar í skilgreiningum á húsasamstæðum eða –heildum sem tryggja skyldi að varðveittust til framtíðar með ákvæðum í deiliskipulagi. Torfusamtökin gáfu húsakönnunina út á bók árið 1986 í samvinnu við Skipulagsstjóra ríkisins og Akureyrarbæ undir heitinu *Akureyri, Fjaran og Innbærinn. Byggingarsaga*.

Vinna við gerð deiliskipulags að Fjörinni og Innbænum hófst svo árið 1983 á vegum Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar og tillaga að skipulagi var lögð fram um mitt árið. Eftir að gerðar höfðu verið á henni ýmsar breytingar með hliðsjón af athugasemdum sem fram komu við kynningu og samkvæmt ákvörðunum skipulagsnefndar Akureyrar var deiliskipulagið samþykkt og gefið út sem bæklingur árið 1986 sem nefnist *FJARAN OG INNBÆRINN. Greinargerð með deiliskipulagi*.

Í deiliskipulaginu var kveðið á um þau hús og húsapýrpingar sem mikilvægt væri að varðveita. Á uppdráttum voru auðkennd þau hús sem voru friðuð samkvæmt þjóðminjalögum. Öðrum húsum sem talin voru sérstaklega varðveisluverð var skipað í þrjá varðveisluflokka eftir mikilvægi. Einnig voru afmarkaðar svokallaðar varðveisluheildir, þ.e.a.s. húsapýrpingar eða húsaraðir sem talið var mikilvægt að vernda óháð varðveislugildi einstakra húsa innan hversrar heildar. Einnig voru skilgreind og afmörkuð nokkur nýbyggingarsvæði sem talið var að óhætt væri að byggja á enda skyldu ný hús falla að svipmóti gömlu byggðarinnar. Í greinargerð með deiliskipulaginu var lögð áhersla á að vandasamt sé að skapa hús og húsapýrpingar sem falla að þeirri byggð sem fyrir er. “Nýju húsin þurfa að vera að öllu leyti nútímaleg en ekki eftirmyndir af byggingum fortíðarinnar í útliti. Jafnframt þurfa þau nauðsynlega að falla að þeim eldri og vera sem eðlilegust viðbót nútímans við gömlu Akureyri sem áfram þarf að þróast sem lifandi bæjarhluti.”²

¹ Greinargerð með aðalskipulagi Akureyrar 1974, s.

² Fjaran og Innbærinn. Greinargerð með deiliskipulagi 1986 s. 13.

Þrátt fyrir yfirlýst markmið bæjarstjórnar í Aðalskipulagi frá 1974 um að stefna bæri að ströngum skipulagsákvæðum var það ekki gert í deiliskipulaginu sem samþykkt var 1986. Miklar umræður áttu sér stað meðal þeirra sem unnu að gerð skipulagsins um skipulagsákvæði og -skilmála. Hvort og þá hvernig mætti gera þá þannig úr garði að þeir stuðluðu að því að byggðin myndi þróast á jákvæðan hátt, án þess að setja mönnum óþarfar skorður og þrengja um of að möguleikum til nýsköpunar.

Sú velþekkta aðferð við að stýra mótun byggðarinnar sem fólgin er í ítarlegum skipulagsskilmálum/ákvæðum þar sem kveðið er á um fjölmörg atriði í gerð húsa hefur mjög augljósa galla. Enda þótt yfirbragð byggðarinnar í Fjörinni sé heilsteypt þá einkennist það einnig að hluta til af fjölbreytni sem á rætur sínar í athöfnum íbúanna og þessi fjölbreytni veldur því að ógerlegt er að setja einhlítar reglur um hvernig ný hús skuli aðlöguð umhverfi sínu. Þetta styrkir því þá skoðun að nauðsynlegt sé að meta hvert tilvik fyrir sig. Ástæða þótti til að leita annarra leiða til að auka líkur á því að byggðin héldi þessum einkennum sínum þegar ný hús tækju að rísa á svæðinu.

Í greinargerðinni frá 1986 var mælt með því að efnt yrði til samkeppni meðal arkitekta um byggingar sem féllu vel að gömlu byggðinni en væru engu að síður ný hönnun. Þeir sem hyggðust byggja á svæðinu gætu valið á milli nokkurra slíkra teikninga og jafnvel látið aðlaga þær sérstökum þörfum hvers og eins. Ástæða þótti til að ætla að þessi aðferð kynni að skila betri árangri en hefðbundnir skipulagsskilmálar.

Þrátt fyrir að þessi tillaga hafi verið hluti af þeirri skriflegu greinargerð sem fylgdi deiliskipulagsuppdrættinum og að greinargerðin hafi verið samþykkt af bæjarstjórn kom aldrei til þess að samkeppnin yrði haldin.

Þess í stað var farin sú leið að gerðir voru sérstakir deiliskipulagsuppdrættir að hverju byggingarsvæði um sig og samdir voru sérstakir byggingarskilmálar fyrir hvert þeirra þar sem kveðið var á um byggingarreiti, húsagerðir, stærð og hæð og þakhalla. Þessi vinna fór fram á skrifstofu skipulagsstjóra Akureyrar án samvinnu við þá sem höfðu unnið deiliskipulagsuppdráttinn og samið greinargerðina. Á næstu árum var lóðum á svæðinu úthlutað og lóðarhafar létu hanna hús sín með hliðsjón af skilmálunum að mestu leyti en þó var vikið frá þeim um ýmis meginatriði eins og t.d. mænishæð og breidd húsa.

Ýmislegt hefur breyst í málsmeðferð skipulagsáætlana á þeim tíma sem liðinn er frá því deiliskipulagið fyrir Fjöruna og Innbæinn var samþykkt árið 1986. Mun strangari kröfur eru nú gerðar til réttarfarslegrar nákvæmni skipulagsuppdráttanna. Deiliskipulagið frá 1986 þykir ekki kveða nógu ljóst á um rétt lóðarhafa og því er nauðsynlegt að endurskoða það og færa til nútímahorfs.

Húsakannanir sem þessi eru ekki gerðar á hverju ári, ekki einu sinni á hverjum áratug. Að sama skapi og nauðsynlegt þykir að endurskoða skipulög hverfa með reglubundnum hætti er nauðsynlegt að endurskoða jafnframt húsakönnun og mat og varðveislugildi svæðisins. Viðhorf við varðveislu byggðar geta breyst með tímanum og nauðsynlegt að áherslur í húsvernd haldist í hendur við endurskoðun á deiliskipulagi hverfa.

Við endurskoðun á húsakönnuninni frá 1982 hefur verið farið í gegnum heimildir og í sumum tilfellum kafað dýpra í byggingarsögu einstakra húsa. Öll hús á svæðinu voru ljósmynduð auk þess sem leitað var eftir gömlum ljósmyndum að húsunum. Hanna Rósa Sveinsdóttir sérfræðingur á Minjasafninu á Akureyri vann þann verkþátt ásamt Herði Geirssyni. Hjörleifur Stefánsson arkitekt uppfærði varðveislumatið á byggðinni.

1. Hvernig hefur tekist til um varðveislu bæjarhlutans?

Ekki er auðvelt að leggja mat á hvernig byggð í Innbænum og Fjörinni hefur þróast eftir að húsakönnunin var gerð árið 1982 og deiliskipulagið samþykkt árið 1986. En þegar litið er til þess hver tilgangur með endurskoðun húsakönnunarinnar er verður þó ekki hjá því vikist. Hér verður því metið hvernig tekist hefur að varðveita svipmót og andblæ gömlu byggðarinnar og hvernig tekist hefur að laga nýju byggðina að svipmóti þeirrar gömlu. Eðlilegt er líka að litið sé til þeirra markmiða bæjarstjórnar Akureyrar frá 1974 sem höfð voru að leiðarljósi við gerð deiliskipulagsins:

Á svæðinu er óvenjulega heilleg byggð frá gamalli tíð, hér eru mörg af elstu húsum bæjarins og flest þeirra litið breytt frá upprunalegri gerð. Auk þess einkennir staðinn mikill trjágróður og garðrækt, sem Akureyringar hafa löngum verið frægir fyrir. Þetta tvennt ásamt þeim rólega andblæ, sem ríkir á staðnum, gerir það að verkum að hiklaust má telja svæðið í heild einn yndislegasta stað bæjarins.... Á svæðinu er eitt fegursta göturými bæjarins, Aðalstræti.

Yfirleitt er húsunum haldið vel við, en einstaka þeirra þarfnast þó gagngerrar endurnýjunar. Auk þess veldur smæð húsanna sérstökum vandkvæðum í samanburði við nútíða íbúðarkröfur.

*Stefna ber að deiliskipulagi fyrir svæðið, þar sem kveðið er nánar á um varðveislu bygginga, gróðurs og annarra hluta, svo og götur, gangstíga, staðsetningu bílastæða, götulýsingu, hugsanlegar nýbyggingar, ný tré o.s.frv. Stefna ber að ströngum skipulagsákvæðum á staðnum.*³

Við gerð deiliskipulagsins var leitast við að fylgja þessum markmiðum bæjarstjórnar í hvívetna. Þegar kom að seinasta atriðinu, þ.e.a.s. um ströng skipulagsákvæði segir í greinargerðinni:

Ekki er vandalaust að skapa hús og húsabyrpingar, sem falla að þeirri byggð sem fyrir er, og óhætt er að fullyrða að íslenskir arkitektar hafi ekki oft fengist við svipuð viðfangsefni.

Nýju húsin þurfa að vera að öllu leyti nútímaleg en ekki eftirmyndir af byggingum fortíðarinnar í útliti. Jafnframt því sem þau eiga augljóslega að vera “ný hús”, þurfa þau augljóslega að falla að þeim eldri og vera sem eðlilegust viðbót nútímans við gömlu Akureyri, sem áfram þarf að þróast sem lifandi bæjarhluti.

Hefðbundin aðferð bæjaryfirvalda til að tryggja eins og kostur er að vel takist til um mótun byggðar og húsa, er sú að setja skilmála um form húsa og útlit, misstranga eftir atvikum. Reynsla sýnir þó að stundum reynast slíkir skilmálar lítil trygging fyrir góðri útkomu, ef ekki er einnig til að dreifa hæfni og metnaði hönnuða.

*Æskilegri aðferð er sú að efna til samkeppni um mótun byggðar og húsa.... Markmið hennar.... væri að fá fram tillögur að húsum og húsagerðum sem fullnægir m.a. framgreindum kröfum um nútímalegar byggingar, er falli að gömlu byggðinni.*⁴

³ Fjaran og Innbærinn. Greinargerð með deiliskipulagi 1986, s. 5.

⁴ Sama heimild s. 13.

1.1. Friðuð hús og mikilsverðar varðveisluheildir

Eitt helsta markmið húsakönnunarinnar og deiliskipulagsins var að skilgreina og tryggja eftir mætti varðveislu friðaðra húsa og mikilvægra varðveisluheilda.

Ekki verður betur séð en þetta hafi tekist í aðalatriðum. Þegar litið er til heildarinnar þá hefur umgengni um gömlu byggðina og umhirða hennar þróast til hins betra. Friðuð hús á svæðinu eru að mestu leyti í góðri umhirðu og fá dæmi eru um að hús sem tilheyra mikilsverðum varðveisluheildum séu í verri umhirðu nú en þau voru fyrir aldarfjórðungi. Miklu fleiri dæmi mætti nefna um hið gagnstæða, þ.e.a.s. hús sem nú eru í góðri hirðu en voru vanhirt þá. Sem dæmi um það skulu nefnd húsin Lækjargata 6, Lækjargata 3 og Aðalstræti 16.

Lækjargata 6 var gert upp eftir bruna árið 1998 og er orðið bæjarprýði. Í húsakönnuninni árið 1981 var ekki gert ráð fyrir varðveislu þess því það var í mjög slæmu ásigkomulagi og í ráði var að breikka Spítalaveginn við gatnamót Lækjargötu.

Nú er Lækjargata 6 hins vegar órjúfanlegur hluti varðveisluheildar.



Lækjargata 6 árið 1981



Lækjargata 6 árið 2011

Lækjargata 3 var í niðurníðslu fyrir aldarfjórðungi og óvissa um framtíð þess. Það hefur nú verið gert upp og er umhverfi sínu styrkur og til sóma.



Aðalstræti 16 er mjög gott dæmi um merkilegt hús sem var í niðurníðslu árið 1981 en er nú bæjarprýði.



Aðalstræti 16 árið 1981



Aðalstræti 16 árið 2011

Í húsakönnunni frá 1982 voru tilgreindar átta varðveisluheildir, þ.e. húsbýrpingar eða götumyndir í Innbænum sem stuðla átti að varðveislu á óháð varðveislugildi einstakra húsa innan hvernar varðveisluheildar. Þær voru:

1. Aðalstræti 62, 66 og 66A (3 hús)
2. Húsaröðin við Aðalstræti 32-54 (12 hús)
3. Aðalstræti 19 og norður fyrir Hafnarstræti 3 (13 hús)
4. Húsin á horni Aðalstrætis og Lækjargötu ásamt Aðalstræti 4 og Lækjargötu 3
5. Höepfnerhús og Túliníusarhús ásamt Hafnarstrætis 19
6. Húsaröðin við vestanvert Hafnarstræti frá 23 til 29
7. Húsaröðin við vestanvert Hafnarstræti frá 33-41
8. Barnaskólinn og Samkomuhúsið.

Flest húsin innan þessara varðveisluheilda eru nú í mun betri hirðu en árið 1982.

Sum þeirra hafa verið gerð upp frá grunni og í flestum tilvikum færð til upprunalegs horfs með stuðningi og ráðgjöf frá

Húsafríðunarnefnd ríkisins.

Sem dæmi um slíka heild eru

Samkomuhúsið og Gamli

Barnaskólinn við Hafnarstræti.

Þessi hús eru ómetanleg bæði

hvað varðar byggingarlist og

menningarsögu og mynda einn

af hornsteinum í bæjarmynd

Akureyrar.



Til vinstri er Gamli barnaskólinn, upphaflega byggður árið 1900 og endurbyggður á árunum 2006-2007. Utan við hann er Samkomuhúsið byggt 1906. Það gekk í gegnum gagngerar endurbætur á árunum 2003-2004. Barnaskólinn er í einkaeign en Samkomuhúsið í eigu Akureyrarkaupstaðar.

1.2 .Ný einbýlishús

Nýbyggingarsvæði voru skilgreind fimm talsins. Þar af þrjú fyrir einbýlishús sem þegar hafa verið byggð (Naustafjara, Búðafjara og Duggufjara), kjarnasvæði fyrir atvinnustarfsemi sem þegar hefur risið og að auki nýbyggingarsvæði við Spítalaveg sem nú er verið að taka í notkun.

1.2.1. Einbýlishús við Naustafjöru, Duggufjöru og Búðafjöru

Í deiliskipulaginu frá 1986 var gerð tillaga um að efna til samkeppni um húsagerðir eins og áður segir. Það var ekki gert heldur voru síðar settir skilmálar um ýmis atriði í gerð nýrra húsa í því skyni að fella þau sem best að svipmóti gömlu byggðarinnar. Við gerð skilmálanna var ekki haft samráð við höfund deiliskipulagstillögunnar sem samþykkt hafði verið af bæjarstjórn. Hins vegar ber að líta til þess að höfundur deiliskipulagsins taldi æskilegt að nýju húsin væru ekki eftirmyndir gamalla húsa. Þetta hefur gengið eftir. Nýja byggðin hefur augljós einkenni síns tímiskeiðs.



Hús við Naustafjöru. Kannski hefðu þau átt að taka meira mið af stærðarhlutfalli rauða hússins við Aðalstræti 63 eða jafnvel syðsta hússins við götuna, Aðalstræti 82?

Þessi tvö meginmarkmið, að fella nýju byggðina að þeirri gömlu en að hún greini sig jafnframt frá henni, eru auðvitað að nokkru leyti andstæð. Helsta viðfangsefni þeirra er fást við skipulagsviðfangsefni af þessum toga er að sætta þessar andstæður. Flest atriði skilmálanna eru auðskilin og ljóst hvernig þeim var ætlað að stuðla að því að fella ný hús að þeim gömlu.

Eitt atriði sker sig þó úr, en þar er kveðið á um að nýju húsin megi vera allt að 8 m á breidd en meginþorri gömlu húsa í Fjörinni eru hins vegar mun mjórri. Á

skýringaruppdrátti sem var hluti af samþykktu deiliskipulagi kemur fram að nýju húsunum var upphaflega ætlað að vera mun mjórri en deiliskipulagsskilmálarnir segja til um.



Húsaröðin við Aðalstræti. Hefðu þau átt að verða meiri innblástur við hönnun á nýju húsum við Duggufjöru?

Meðal einkenna gömlu byggðarinnar er byggingarformin, þakformin, stærðir og stærðarhlutföll.

Að mati höfunda er ástæða til að ætla að mjórri ný hús hefðu fallið betur að gömlu byggðinni. Þetta er þó ekki einhlýtt því hluti gömlu húsanna, t.d. þau sem standa við austanvert Aðalstræti, eru breiðari en þau sem eru innar í Fjörinni. Heppilegra hafði verið að leggja meiri áherslu á margbreytileika byggðarinnar og nauðsyn

Þess að líta til sérkenna þeirra húsa sem næst eru hverju nýbyggingarsvæði fyrir sig. Með því móti hefði nýbyggingarsvæðið við Naustafjöru tekið meira tillit til byggðarinnar næst sér og hús við Duggufjöru tekið meira svipmót af nærliggjandi húsalínu við austanvert Aðalstræti og hús við Búðarfjöru við hús við Hafnarstræti.



Hafnarstræti 10 er byggt árið 1998. Það stendur í línu við Hafnarstræti 6 sem er funkishús frá 1942 og byggt í anda skipulagsins frá 1927. Á móti þessu húsi eru Hafnarstræti 7 og 9 sem eru líka steinhús frá 1947 og 1948. Hefði útlit þessa húss fremur átt að miða við nærliggjandi hús?



Hafnarstræti 6 árið 2011

Annað atriði í skipulagsskilmálunum sem vinnur gegn aðlögun að gamla svipmótinu er ákvæði um stakstæða bílskúra. Þar með varð mynstur byggingarforma á nýjum lóðum öðruvísi en á öðrum lóðum. Þörfin fyrir bílskúra var

óvæfingjanleg en spyrja má hvort ekki hefði verið hægt að finna þeim form sem félli betur að mynstrinu sem fyrir var. Í deiliskipulaginu frá 1986 var ekki gert ráð fyrir að stakstæðum bílskúrum nema í Duggufjöru. Slíkir skúrar voru hins vegar heimilaðir með skipulagsuppráttum og skipulagsskilmálum sem síðar voru gerðir.



Hús við Duggufjöru. Þau eru hæð og ris. Húsið við Duggufjöru 2 var byggt árið 1988. Húsið snýr gaffli að götu sem er í ósamræmi við önnur húsi við Duggufjöru og einnig húsaröðina við Aðalstrætið.



1.3. Kjarnasvæði við austanvert Hafnarstræti

Í deiliskipulaginu frá 1986⁵ var gert ráð fyrir þjónustu, verslun og smáíðnaði á kjarnasvæðinu. Ekki voru sett ákvæði um lóðastærðir eða húsagerðir heldur ákveðið að móta þessi atriði eftir þeirri eftirspurn eftir lóðum sem í ljós kæmi. Á skýringarupprættinum með skipulaginu voru þó sýnd hús sem að lögun og stærðarhlutföllum báru keim af gömlu húsunum og leitast var við að skipa þeim niður þannig að þau skyggðu sem minnst á eldri byggðina, þ.e.a.s. að sjónlínur milli Pollsins og gömlu húsanna yrðu sem opnastar.

Í kjölfar deiliskipulagsins 1986 gerði skipulagsdeild Akureyrarbæjar uppdrátt að nánari útfærslu og auglýsti eftir aðilum sem kynnu að hafa áhuga á að reka starfsemi á þessum stað. Áhugi reyndist meiri en svo að rúm væri fyrir alla. Í ársbyrjun 1987 ályktaði atvinnuálanefnd um skipulag svæðisins og taldi að þarna ætti að koma fyrir *iðngörðum fyrir smáíðnað, handverk og listiðnað* '... útivistarsvæði undir plast/glerþaki þar sem koma mætti fyrir samkomuhaldi og söluskála eða gróðurhúsi.⁶



Hafnarstræti 26 var byggt 1993 eftir teikningum Fanneyjar Hauksdóttur og Hauks Haraldssonar.

Árið 1989 gerði skipulagsdeildin önnur drög að deiliskipulagi svæðisins þar sem horfið var frá því byggingarmynstri sem samþykkt hafði verið 1986. Í Aðalskipulagi Akureyrar sem staðfest var árið 1990 var þetta svæði stækkað mikið til norðurs og í kjölfarið var samin ný tillaga að deiliskipulagi sem dagsett var 4.2. 1992 og samdir ítarlegir byggingarskilmálar. Af skilmálunum má ráða að markmið bæjarstjórnar frá 1974 hafa enn svifið yfir vötnunum:

Skipulagshugmyndin byggist á því að byggja ný hús í áþekktum hlutföllum og fyrir eru á svæðinu frekar en að gera ráð fyrir stórum húsnum og húsasamstæðum. Hugmyndir um stór, samfelld, yfirbyggð svæði stangast bæði á við smæð einstakra byggingaframkvæmda og kröfur um rými fyrir bílastæði og bílaaðkomu.⁷



Hafnarstræti 34 var byggt árið 1993 sem iðnaðarhúsnæði. Það er byggt eftir skilmálum frá 1992.

⁵ Fjaran og Innbærinn. Greinargerð með deiliskipulagi s. 8.

⁶ Deiliskipulag Höepfnarsvæðis, byggingar- og skipulagsskilmálar 1995 s.2.

⁷ Sama heimild s. 5



Húsið lengst til hægri er Hafnarstræti 16, byggt 1994. Hér er ekki gerð nein tilraun til aðlögunar að umhverfinu eða nærliggjandi húsum, hvorki í stíl eða kvarða.

Árið 1995 fól skipulagsnefnd Akureyrar skipulagsdeildinni að endurskoða byggingar- og skipulagsskilmála svæðisins. Tilefnið var að í ljós hafði komið að skilmálarnir tryggðu ekki að nýbyggingar austan við Hafnarstræti féllu nægilega vel að gömlu húsunum vestan götunnar. Í greinargerð með breyttu deiliskipulagi segir m.a.:

Við endurskoðun hefur verið litið nánar á hlutföll nýbygginganna á þessum þremur lóðum (nr. 24, 28 og 30) og þau færð nær hlutföllum húsanna vestan Hafnarstrætis. Breytingar voru gerðar á þakhalla, þaklit, byggingarreitum nr. 28 og 30 og nýtingarhlutfall. M.a. er hús nr. 28 og 30 mjókkuð úr 10,5 m í 9 m. Þetta er gert til að leitast við að tryggja ásættanlega aðlögun að núverandi byggð.⁸



Húsin við Hafnarstræti 28 og 30 voru byggð árið 1996 eftir teikningum Haraldar Árnasonar. Við hönnun þeirra var leitast við að tryggja ásættanlega aðlögun að nálægri eldri byggð.

Af þessari framvindu má sjá að mjög fljótlega var ákveðið að víkja frá því byggingamynstri sem skilgreint hafði verið með deiliskipulaginu 1986 en samt sem áður skyldi tekið tillit til svipmóts gömlu byggðarinnar.

⁸ Sama heimild s. 5.

Þegar sú byggð sem þarna hefur risið er skoðuð og metin með hliðsjón af því hvernig hún fellur að eldri húsum í nágrenninu er niðurstaðan ekki jákvæð. Fátt bendir til þess að í reynd hafi mikið farið fyrir viðleitni til að fella nýja byggð að svípmóti gömlu byggðarinnar þrátt fyrir ofangreind atriði í skilmálum sem ætlað var að knýja slíkt fram.



Loftmynd frá 2009. Á henni sést vel hve byggðin á kjarnasvæðinu við austanvert Hafnarstrætið er sundurleit.



Loftmynd frá 2009. Sýnir vel nýjustu húsin við Búðarfjöru og Duggufjöru.

1.4. Skipulag byggðar við Spítalaveg

Í deiliskipulaginu frá 1986 var brekkan neðan sjúkrahússins ætluð til íbúðabyggðar í framtíðinni. Reiknað var með 20-30 íbúðum og á skýringaruppdrætti deiliskipulagsins voru sýnd húsum sem voru áþekk að stærð þeim húsum sem stóðu þegar við Spítalaveg. Í greinargerð með skipulaginu er þess getið sérstaklega að innra skipulag þessa reits sé ekki fastákveðið heldur óski skipulagsnefnd að efnt verði til samkeppni um skipulag og húsagerðir. Ekkert varð af samkeppninni heldur var samin sérstök deiliskipulagsáætlun um svæðið á vegum skipulagsstjóra Akureyrar árið 1990 með uppdrætti og skipulagsskilmálum. Ekki var lögð sérstök áhersla á aðlögun nýrra húsa að gömlum. Þetta skipulag var umdeilt meðal íbúa svæðisins og kvörtuðu þeir undan því hve lítið tillit væri tekið til eldri byggðar. Aðeins eitt hús reist eftir þessu skipulagi árið 2002.

Árið 2008 var ákveðið að endurskoða þetta skipulag og koma til móts við gagnrýni íbúanna. Árið 2010 var lögð fram tillaga að nýju skipulagi og um svipað leyti var ákveðið að gera nýja húsakönnun. Þar var í

raun um að ræða endurskoðun á hluta af húsakönnun Fjörunnar og Innbæjarins frá 1982. Í raun réttari hefði húsakönnunin átt að liggja fyrir áður en tillögur að endurskoðuðu deiliskipulagi voru samdar svo að hægt hefði verið að taka tillit til ábendinga og leiðbeininga í niðurstöðum könnunarinnar. Svo var hins vegar ekki. Vakin var athygli á þessu í húsakönnuninni:



Tónatröð 1 var byggt árið 2002 eftir teikningum Birgis Ágústssonar.

Tilgangur bæja- og húsakannana er auðvitað sá að tryggja eftir mætti að þekking og mat á byggingar- og menningarsögulegu gildi byggðarinnar sé til staðar þegar deiliskipulag er samið á byggð svæði.... Skipulagsdrögin sem þegar liggja fyrir hljóta hins vegar að verða endurmetin með hliðsjón af niðurstöðum þeirrar húsakönnunar sem hér er kynnt áður en þau verða lögð fram sem tillaga skipulagsnefndar Akureyrarbæjar.⁹

Þrátt fyrir þessi orð verður ekki séð að húsakönnunin hafi haft nein áhrif á deiliskipulagið. Sú tillaga sem lá fyrir þegar húsakönnunin hófst var að lokum samþykkt óbreytt.

⁹ Byggða- og húsakönnun við Spítalaveg á Akureyri, 2009, s. 4.

1.5. Breytingar á gömlum húsum, viðbyggingar og ný hús innan um eldri.

Í greinargerð deiliskipulagsins frá 1986 segir í kafla um hús sem talin eru hafa varðveislugildi:

“Mörg þeirra húsa, sem hér um ræðir, eru orðin léleg og þarfnast verulegra endurbóta. Sumum þeirra þarf að breyta til að gera þau hentugri til íbúðar og sum eru svo lítil að nauðsynlegt er að byggja við þau til að nota megja þau með góðu móti. Um þessar breytingar er ekki skynsamlegt að setja algilda reglu aðra en þá að breytingarnar skyldu alltaf taka mið af gerð hússins og nærliggjandi húsa. Að breytingarnar skyldu fremur laða fram þá eiginleika sem ætlunin er að varðveita en spilla þeim. Meta verður hvert tilvik



Viðbygginguna við Aðalstræti 44 teiknaði Finnur Birgisson arkitekt árið 1994. Gamla húsið er í forgrunni en viðbyggingin í bakgrunni.

um sig og ákveða gerð húss eða viðbyggingar, lögun, byggingarefni o.fl. með tilliti til kringumstæðna hverju sinni.¹⁰”

Viðbyggingar hafa risið við nokkur hús síðan deiliskipulagið var samþykkt. Tvö þeirra, Aðalstræti 44 og 52, eru friðuð. Húsafríðunarnefnd ríkisins samþykkti teikningu Hjörleifs Stefánssonar að viðbyggingu við Aðalstræti 52 árið 1987 og teikningu Finns Birgissonar að viðbyggingu við Aðalstræti 44 árið 1994.



Viðbyggingu við Aðalstræti 42 teiknaði Logi Einarsson arkitekt árið 2010.

Árið 2007 samþykkti Húsafríðunarnefnd fyrir sitt leyti teikningar Kollgátu ehf. að viðbyggingu við Aðalstræti 42, sem tilheyrir einni þeirrar heilda sem skilgreindar voru í húsakönnuninni 1982. Allar þessar viðbyggingar eru gerðar eftir fyrirmælum deiliskipulagsins sem tilgreind eru hér að framan en með misjöfnum árangri eins og gefur að skilja. Viðbyggingin við Aðalstræti 52 er timburhús en hinar tvær eru steinsteyptar.

¹⁰ Fjaran og Innbærinn. Greinargerð með deiliskipulagi s. 18.



Árið 1988 var byggt við húsið við Aðalstræti 52 eftir teikningum Hjørleif Stefánssonar. Nýja viðbyggingin er tengd gamla húsinu með lítilli tengibyggingu og viðbyggingin er með vilja höfð lægri en gamla húsið sem nýtur sín í forgrunni.

Á lóðinni Aðalstræti 62 var vikið frá deiliskipulaginu frá 1986. Skipulaginu var breytt til að heimila nýbyggingu sem ekki fylgdi þeirri reglu sem annars var að finna í byggðinni. Húsið sker sig því nokkuð úr, stendur hærra og gnæfir yfir gamla húsið.



Aðalstræti 64 byggt árið 2007. Á myndinni til hægri sést vel hvað nýja húsið gnæfir yfir gömlu friðuðu húsið við Aðalstræti 62-66A.

1.6. Niðurstaða


Þegar á heildina er litið hefur yfirbragð byggðarinnar batnað verulega. Fjöldmörg hús á skipulagssvæðinu hafa verið endurbætt og gerð upp frá því húsakönnunin var gerð 1982 en þá voru sum þeirra í vanhirðu. Tvö hús hafa verið rifin, Ráðhússtígur 8 og Lækjargata 13 en hvorugt þeirra var talið hafa varðveislugildi í könnuninni árið 1981.



Húsin á horni Lækjargötu og Aðalstrætis hafa öll verið endurbætt frá því að húsakönnunin frá 1982 var gerð.

Þau hús sem höfðu verið friðuð þegar húsakönnunin var gerð og þau sem talin voru hafa varðveislugildi eru öll enn til staðar og flest þeirra eru nú í betra ástandi. Óvíst er hvort húsakönnunin og deiliskipulagið hafa átt þátt í þessu og þá í hvaða mæli. Hins vegar er ljóst að húsakönnunin og deiliskipulagið voru og eru til staðfestingar á vilja bæjarstjórnar Akureyrar í þessum efnum. Akureyrarbær hefur lagt mikið af mörkum til að fegra og bæta umhverfið til dæmis með endurbótum á götum og gangstéttum, götulýsingu og umhirðu opinna svæða.

Engu að síður er ljóst að niðurstöðum húsakönnunarinnar og greinargerðar deiliskipulagsins var ekki fylgt eftir í þeim mæli sem vænta mátti. Ekki var efnt til þeirrar samkeppni um gerð nýrra húsa sem þar var lögð til og við endanlega gerð deiliskipulags og skipulagsskilmála var verndunar- og aðlögunarsjónarmiðum ekki alltaf gert eins hátt undir höfði og til var ætlast.



Aðalstræti 52 er friðuð hús, byggt 1849-1850. Í þessum hluta Aðalstrætis hafa bæjaryfirvöld endurnýjað götu og gangstéttar og sett upp nýja lýsingu sem hæfir hinum gamla bæjarhluta afar vel.

2. Endurskoðun á húsakönnun- Helstu niðurstöður

Við endurskoðun á húsakönnuninni hefur form hennar verið aðlagð stöðluðu skráningarformi Húsafriðunarnefndar um húsakannanir og fært yfir á tölvutækt form.

Öll hús á svæðinu hafa verið ljósmynduð á nýjan leik. Missagnir og rangar upplýsingar hafa verið leiðréttar eftir bestu vitneskju. Upplýsingar um lóðamörk hafa verið uppfærðar á vegum skipulagsstjóra Akureyrar með hliðsjón af öllum tiltækum gögnum.

Þegar húsakönnunin var gerð árið 1982 voru 9 friðuð hús á svæðinu. Þar af voru 3 í A-flokki, þ.e.a.s. friðuð bæði hið ytra og innra. Sex hús voru friðuð í B-flokki sem merkir að friðunin náði aðeins til ytra byrðis. Frumkvæði að friðun allra húsanna hafði Húsafriðunarsjóður Akureyrarbæjar.

Ný þjóðminjalög gengu í gildi árið 2001 og þar var kveðið á um að öll hús sem reist eru fyrir 1850 skuli njóta friðunar. Þar með fjölgaði friðuðum húsum í Fjörinni og Innbænum um 7 og eru þau nú 16 talsins. Þau eru nú: Minjasafnskirkjan við Aðalstræti, Nonnahús og Aðalstræti 4, 14, 16, 44, 46, 50, 52, 62, 66 og 66A. Við Hafnarstræti eru það Laxdalshús, Túlinúshús, Höepfnershús og Samkomuhúsið.

Í Lækjargötu er Frökenarhúsið (Lækjargata 2A) friðað.



Húsin á horni Aðalstrætis og Lækjargötu mynda eina elstu húsaþyrpingu á Akureyri. Þau eru hluti af sögulegum kjarna gömlu byggðarinnar í hjarta gömlu Akureyri. Elsta húsið, Frökenarhús, Lækjargata 2A er byggt um 1840 og er friðað nú þegar en það er órjúfanlegur hluti heildarinnar sem myndar þessa þyrpingu og því ætti friðunin að ná til hennar allrar.

Fyrir Alþingi liggur um þessar mundir fyrir lagafrumvarp mennta- og menningarmálaráðherra um menningarminjar. Í VII kafla frumvarpsins um Verndun og varðveislu húsa og mannvirkja segir í 29. grein: “Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri eru friðuð svo og allar kirkjur 70 ára og eldri.” Verði þetta lögfest fjölgar friðuðum húsum í Fjörinni og Innbænum mjög mikið.

Nýlega hafa komið fram í dagsljósið upplýsingar um byggðina sem fylla í þá mynd sem fyrir var af þróun hennar á tímabilinu 1878-1903.¹¹ Þar kemur meðal annars fram að umtalsverður hluti tímburhúsa á Akureyri var með torfi á þaki í upphafi tímabilsins.

¹¹ Matsgerðir húsa á tímabilinu 1878-1903. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ekki hafa komið fram umtalsverðar nýjar upplýsingar um einstök hús eða hluta byggðarinnar sem hafa afgerandi áhrif á varðveislumatið. Öll þau hús sem talin voru varðveisluverð árið 1982 og skipuðu einhvern þeirra þriggja varðveisluflokka sem þar voru skilgreindir eru enn talin hafa mikið varðveislugildi. Eitt hús, Lækjargata 6, sem ekki var talið varðveisluvert 1982 er nú talið hafa umtalsvert varðveislugildi bæði af eigin verðleikum en ekki síður vegna þess að það er hluti af mikilverðri heild.



1Aðalstræti 15 byggt 1903 er eitt af glæsilegum fulltrúum klassískrar húsagerðar í Innbænum. Ef nýtt frumvarp um friðun húsa verður lögfest er það eitt af mörgum húsum í Innbænum sem verða sjálfkrafa friðuð sökum aldrs.

Í húsakönnuninni frá 1982 var leitast við að skilgreina varðveisluverðar heildir, þ.e.a.s. húsaðir eða –þyrpingar sem hefði hver um sig ákveðin sérkenni sem gefa bæri gaum og tryggja að röskuðust ekki. Sú greining er góðra gjalda verð en vegur þó ekki eins þungt á metunum nú og áður. Varðveislumatið tekur nú mið af breyttum áherslum þar sem litið er til Innbæjarins og Fjörunnar sem einnar órofa heildar. Bæjarhlutinn er í heild sinni menningarlandslag þar sem mannvirkin, umhverfi þeirra og landslag verða skoðuð í samhengi og mikilvægt að heildin njóti hverfisverndar samkvæmt skipulagslögum.

Þau markmið sem liggja til grundvallar endurskoðun á Húsakönnuninni eru að mestu leyti þau sömu og við gerð hennar fyrir rúmum aldarfjórðungi. Enn er viðfangsefnið fólgið í því að greina og lýsa þeim þáttum byggðarinnar sem talin eru hafa slíkt menningarsögulegt gildi að þau beri að varðveita og jafnframt leggja grunninn að leikreglum um hvernig byggðin geti þróast í framtíðinni.

Þótt aðferðir við gerð húsakannana hafi þróast og reynsla af þeim orðin miklu meiri en var 1982 þá hefur komið berlega í ljós að erfitt er að lýsa einkennum gamallar byggðar eða

menningarlandslags þannig að einhlýtt sé og ekki er síður snúið að gera ný hús þannig úr garði að þau falli vel að gamalgrónu umhverfi. Markmið húsakönnunar er þó öðrum þræði einmitt að greina og lýsa einkennum í byggðu umhverfi þannig að þau verði sem auðskiljanlegust bæði fyrir íbúana sjálfa og skipulagsyfirvöld hverju sinni.

En jafnvel þótt að vel kunni að takast að lýsa einkennum byggðarinnar þannig að öllum séu þau ljós er alls ekki tryggt að hönnuði og húseiganda takist að móta nýtt hús þannig að það falli inn í myndina. Mikið er í húfi. Gömul byggð með mikið umhverfislegt gildi getur sett ofan og orðið fyrir áfalli af nýju húsi og þess eru engin dæmi að nýtt hús hafi verið rífið þó að í ljós hefi komið að það hafi valdið spjöllum á umhverfi sínu.

Það er auðvelt að segja eða skrifa að ný hús skuli falla að umhverfi sínu en það er hins vegar illmögulegt að skilgreina hvernig það skuli gert eða hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til þess að svo verði. Engu að síður er æskilegt að leitast sé við að gefa slíkar leiðbeiningar í skilmálum með deiliskipulagi. Þannig ætti að gefa almennar leiðbeiningar um hvernig móta skuli nýjar byggingar og viðbyggingar við eldri hús þannig að þær falli sem best að umhverfinu.



Hafnarstræti 31 er dæmi um nýlegt hús sem fellur mjög vel inn í húsalínuna við Hafnarstræti. Það er teiknað af Höskuldi Sveinssyni og var byggt árið 1999.

Mikilvægt er einnig að höfða til ábyrgðar húseigenda gagnvart umhverfi sínu og það verður best gert með því að veita þeim sem ítarlegasta fræðslu um hús sín og umhverfi. Húsakönnun er verkfæri sem kemur að góðum notum í þessu skyni. Enda þótt tilgangur hennar sé undirbúningur að gerð deiliskipulags þá á hún brýnt erindi til almennings og húseigenda. Hún kann að vekja áhuga þeirra og skilning á samfélagslegu gildi húsa þeirra og auka skilning á því að hús sem stendur í umhverfi eins Fjörinni og Innbænum er hluti af heild sem hefur miklu meira gildi en einstök hús innan hennar. Brýnt er þess vegna að miðla niðurstöðum húsakönnunarinnar til almennings, t.d. gera þær aðgengilegar á rafrænu formi eða gefa þær út á bók líkt og var gert með húsakönnunina frá 1982 en hún var gefin út af Torfusamtökunum árið 1986 undir titlinum: Fjaran og Innbærinn, byggingarsaga.

Þegar lóðarhafi eða húseigandi hefur látið gera teikningar að nýju húsi eða viðbyggingu kemur til kasta þeirra sem eiga að meta teikningarnar með hliðsjón af reglugerðum og ekki síður með hliðsjón af því hvaða áhrif þetta muni hafa á byggðina. Mikilvægasta niðurstaða þessarar endurskoðunar húsakönnunarinnar er sú, að mælt er með því að málsmeðferð allra byggingar- og skipulagsmála í Fjörinni og Innbænum verði ítarlegri og um leið vandaðri en venjulegt er og núgildandi lög gera ráð fyrir. Að hún markist af því að bæjarhlutinn í heild sinni er viðgangsefni

verndunaraðgerða í gegnum hverfisvernd. Allur undirbúningur og ákvarðanir mótist af því að um er að ræða heild sem á að varðveita.

Að sjálfsögðu verður farið að gildandi lögum um alla málsmeðferð, en að auki verður leitað umsagnar fagaðila um allt er snertir menningarsögulegt og byggingarlistarlegt gildi byggðarinnar áður en ákvarðanir verða teknar. Tillögur að skipulagsbreytingum og óskir um nýbyggingar eða breytingar á eldri húsum sem fram kunna að koma verða sendar Húsafriðunarnefnd ríkisins til umfjöllunar óháð aldri hússins. Húsafriðunarnefnd gerir skriflega grein fyrir áliti sínu að höfðu samráði við Minjasafnið á Akureyri og/eða aðra fagaðila. Allar breytingar á friðuðum húsum og nágrenni þeirra eru háðar samþykki Húsafriðunarnefndar eins og lög gera ráð fyrir.

3. Húsaskrá

Fyrsti eigandi Margrét Halldórsdóttir og Gunnlaugur Guttormsson

Hönnun Jón Chr. Stephánsson?

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 2, 1882, lítið hús fyrir miðri mynd snýr stafni fram.



Aðalstræti 2 og 2B árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Ris

Helstu breytingar

1886?	Hækkun
1886?	Þakhækkun
1924	Viðbygging
1924	Þakhækkun
1945	
	Íbúð í kjallara
	Ný klæðning
2002	Íbúð í risi
2002	Svalir

Hönnuðir breytinga

Tryggvi Tryggvason
Tryggvi Tryggvason

Saga

Haustið 1850 stofnaði Gunnlaugur Guttormsson verslun á Akureyri og byggði sér hús sem er stofninn að þessu húsi sem nú er Aðalstræti 2. Hann var kvæntur Margréti Halldórsdóttur en bróðir hennar var Jóhannes Halldórsson barnakennari á Akureyri. Jóhannes leigði húsið af systur sinni um árabíl eftir að hún varð orðin ekkja og hafði hann barnaskóla í húsinu um hríð. Um 1875 keypti Jósep Jóhannesson járnsmiður húsið af Margréti og stuttu seinna flutti Jóhannes barnakennari í nýbyggt hús sitt í Eyrarlandsbrekkunni. Árið 1886 keypti húsið Magnús Jónsson úr- og gullsmiður húsið og rak þar úrsmíðaverkstæði og eftir hans dag rak Sigmundur Jónas Sigursson úrsmiður þar verslun og úrsmíðaverkstæði til fjölda ára. Framan á húsinu var klukka bæjarins sem allir bæjarbúar og aðkomumenn stilltu úrin sín eftir.

Byggingarsaga hússins er flókin. Upphaflega húsið mun hafa verið einnar hæðar timburhús með háu risi eins og algengast var að byggt væri á Akureyri á þeim tíma og sést vel á ljósmynd frá 1882. Í fasteignamati er byggingarár hússins sagt vera 1886 og má vera að það ár hafi húsið verið hækkað um eina hæð og ris. Af ljósmyndum frá þessum tíma að dæma var húsið klætt svipaðri klæðningu og er nú á Lækjargötu 6. Það gæti verið visbending um að Jón Chr. Stephánsson smiður hafi komið að stækkun hússins. Árið 1924 stækkaði Sigmundur Sigurðsson úrsmiður húsið mikið, hann breikkaði það um rúma þrjá metra og byggði ofan á það portbyggt ris með kvistum. Viðbótin vestan við húsið var steinsteyp. Um tíma rak Sigmundur verslun á neðri hæð hússins. Árið 1945 voru gerðar tvær íbúðir í suðurhlutanum en nú eru þrjár íbúðir í húsinu, ein á hvorri hæð og ein í risi.

Áfast við aðalhúsið er yngra hús, Aðalstræti 2b en stofninn af því húsi mun vera einnar hæðar skúr sem Magnús Jónsson byggði árið 1899. Árið 1904 var skúrinn hækkadur um eina hæð og árið 1924 var byggð viðbót vestan við hann. Árið 1926 lét Carl. J. Lillindal gera steinsteypar tröppur framan við húsið og rak sportvöruverslun í kjallaranum undir tröppunum. Ein þekktasta verslun á Akureyri, Brynja, hóf starfsemi sína í kjallarnum árið 1939. Norðurhlutanum var breytt í tvær íbúðir árið 1942 en þær voru síðar sameinaðar aftur í eina sem er 106 fermetrar að stærð.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Steinþór Jensson og Þorvaldur Jónsson

Hönnun Stefán Reykjalín

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Aðalstræti 3 árið 2011.



Aðalstræti 3 árið 1985.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrslétt
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Tvílyft
Kjallari
Svalir
Bilskúr

Helstu breytingar

Viðbygging
Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið er byggt á lóð sem áður stóðu gömul verslunarhús sem brunnu árið 1912.

Árið 1946 fékk Steinþór Jensson úthlutað byggingarlóðinni og sama ár var honum og Þorvaldi Jónssyni veitt leyfi til að byggja íbúðar- og verslunarhús á lóðinni. Húsið teiknaði Stefán Reykjalín en húsið var upphaflega tvær hæðir með flötu þaki. Kjallari var undir norðausturhorni húnsins og bilskúr við norðausturhlið. Á neðri hæð var verslunarhúsnæði og íbúðarherbergi en á efri hæð var íbúð. Seinna var byggður nýr bilskúr norðan við hinn upprunalega sem var í framhaldi var tekin í notkun fyrir stækkun verslunarinnar. Ofan á þaki nýja bilskúrsins var komið fyrir þaksvölum og sólskála.

Húsið er að lögun og gerð byggt samkvæmt Skipulaginu frá 1927 en samkvæmt því var gert ráð fyrir byggingu 2ja hæða húsa á þessu svæði.

Steinþór Jensen keypti verslunina Brynju og flutti hana úr Aðalstræti 2B í þetta hús árið 1946. Verslunin hefur verið rekin undir þessu nafni allt frá árinu 1939 og hvað þekktust fyrir heimgerðan ís sem byggir á uppskrift frá því um 1952.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Jóhann Pétur Thorarensen

Hönnun Jón Chr. Stefánsson

Upphafleg notkun Apótek

Íbúðarhús



Aðalstræti 4 um 1880. Til eru upprunalegar teikningar af húsinu.



Aðalstræti 4, Gamla apótekið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Gaflsneitt þak
Þakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kvistir Port Ris Útitróppur Annað

Helstu breytingar

1929	Breytt í íbúð
1956	Gluggabreyting
1956	Múrhúðun

Hönnuðir breytinga

Saga

Jón Chr. Stephánsson teiknaði og byggði húsið árið 1859. Bæði staðsetning, stærð og byggingarstíll mörkuðu tímamót í húsbyggingum á Akureyri. Það var fyrsta íbúðarhúsið við Aðalstræti sem byggt var í brekkunni fyrir ofan Búðarlækinn og stóð því hærra en öll önnur hús kaupstaðarins. Lögum hússins og stíll dró dóm af klassískum dönskum steinhúsum enda höfundur nýkominn frá námi í Danmörku. Þegar það var byggt var það eitt af stærstu og skrautlegustu húsum á Akureyri með stórum miðjukvisti þvert í gegnum húsið sem var alger nýlunda á þessum tíma. Upphaflega voru útveggir klæddir með lóðréttri fingerðri listaklæðningu og miklum gluggafaldi og bjór yfir útidyrum. Á þaki var upphaflega rennisúð en fljótlega kom á þakið pappi og um aldamótin 1900 var sett bárujárn á þakið. Árið 1956 var útliti hússins umbylt. Allt skraut var tekið af húsinu, ramar fjarlægðir úr gluggum og miðjupóstur einnig en nýr póstur settur láréttur efst í gluggana. Að lokum var húsið allt múrhúðað. Við þessar breytingar fékk húsið það útlit sem það hefur haft æ síðan.

Frá upphafi og fram til 1929 var apótek á neðri hæð hússins en íbúð á efri hæð. Núna eru þrjár íbúðir í húsinu, tvær minni á jarðhæð og ein stærri í rishæðinni. Húsið er rúmí 250 fermetrar að stærð.

Vegna mikilvægis hússins í bæjarmyndinni og einstakts byggingarsögulegs gildis var húsið friðað samkvæmt þjóðminjalögum árið 2006. Upprunalegar teikningar af húsinu hafa varðveist og gerðar hafa verið ítarlegar úttekir á sögu þess og ástandi. Út frá þessum gögnum og gömlu ljósmyndum er hægt að færa húsið til upprunalegs horfs af töluverðri nákvæmni og hefur núverandi eigandi hafið undirbúning að endurreisn þess.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Ólafur Danielsson

Hönnun Stefán Reykjalin

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 5 árið 2011.



Aðalstræti 5 árið 1985.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Tvílyft
Svalir
Kjallari

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið er byggt eftir teikningum Stefáns Reykjalin og er byggt í samræmi við aðalskipulag bæjarins frá 1927. Á þessum slóðum stóðu áður gamla beykisbúðin og nýja þakkhúsið sem kölluð voru. Þau brunnu ásamt 10 öðrum húsum árið 1912.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Grímur Laxdal

Hönnun óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 6 um 1895.



Aðalstræti 6 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Ris Útitröppur

Helstu breytingar

1862	Viðbygging
1898	Ný klæðning
1953	Ný klæðning
1953	Útlitsbreyting
1960?	Kvistur?

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur

Saga

Húsið er byggt í tveimur áföngum. Eldri hluti þess, norðurendinn er sagður í fasteignamati byggður árið 1845 en í öðrum heimildum er húsið talið byggt 1850-1851 af Grími Laxdal bókbindara. Þá var það einlyft með háu risi. Eigi síðar en árið 1862 eignaðist Stefán Thorarensen sýslumaður húsið og lét hann lengja húsið til suðurs og gerði þar tveggja hæða viðbyggingu í turnlíki sem enn stendur. Hendrik Schiöth bakameistari og kona hans Anna bjuggu í húsinu frá 1898 og keyptu það árið 1901. Hendrik gegndi ýmsum trúnaðarstörfum á Akureyri. Hann var póstafréttisgjafi og var fyrsta útibú Íslandsbanka í húsinu. Sagt er að neðst í reykhláfi hússins hafi verið innfelldur peningaskápur. Anna kona hans var lærður ljósmyndari og margar af elstu ljósmyndum Akureyrar eru teknar af henni. Árið 1898 fékk Hendrik leyfi til að setja bárujárn á þakið og klæða það að utan og færa dyr lítið eitt til norðurs. Húsið er nokkuð breytt frá upphaflegri mynd. Bárujárn var sett á útveggi hússins árið 1953 og árið 1960 var settur stór kvistur á framhlið hússins og gluggum hefur verið breytt.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Kristdór Vigfússon
Hönnun Mikael Jóhannesson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 7 árið 2011.



Aðalstræti 7 árið 1985.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Kjallari
Einlyft
Útitróppur

Helstu breytingar

2004 Hækkun

Hönnuðir breytinga

Þróstur Sigurðsson

Saga

Teikningar af húsinu gerði Mikael Jóhannesson og er hún dagsett í júlí 1958 og samþykkt í bæjarstjórn 15.7.1958. Upphaflega teikningin gerði ráð fyrir 2ja hæða húsi en tveimur árum seinna var leyft að sett yrði skúrþak yfir neðri hæðina til bráðabirgða. Árið 2004 var svo byggð efri hæð

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Jón Geirsson

Hönnun Guðmundur H. Þorláksson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 8 árið 2011



Aðalstræti 8 árið 1985.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Tvilyft Ris Útitröppur Kjallari Anddyri Útskot

Helstu breytingar

1971 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Mikael Jóhannesson

Saga

Árið 1929 teiknaði Guðmundur H. Þorláksson í Reykjavík þetta hús fyrir Jón Geirsson lækni. Upphaflega teikningin gerði ráð fyrir að húsinu yrði hátt valmaþak en frá því var horfið og mænispak sett á húsið í staðinn. Ein íbúð var í húsinu til 1954 en þá var því skipt upp í tvær íbúðir, eina á hvorri hæð og er inngangur á neðri hæð að sunnan en inngangur á efri hæð er austan á húsinu. Árið 1971 var útskot við suðurgafli hússins stækkað og þar komið fyrir baðherbergi fyrir íbúðin á neðri hæðinni. Búið er að einfalda útlit hússins miðað við upprunalegt útlit. Rammar hafa verið teknir úr gluggum og útihurðir og handrið eru ekki með upprunalegu útliti.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Benedikt Arthursson og Hrönn Friðriksdóttir

Hönnun Mikael Jóhannesson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Bílskúr



Aðalstræti 9 árið 2011



Aðalstræti 9 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyptr

Klæðning Hraunað

Þakgerð Valmaþak

Þakklæðning

Undirstaða Steinsteyptr

Útlit Einlyft

Kjallari

Svalir

Útskot

Bílskúr

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Benedikt Arthursson og Hrönn Friðriksdóttir byggðu þetta hús árið 2001 eftir teikningum Mikael Jóhannessonar.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Sigvaldi og Jóhannes Þorsteinssynir

Hönnun

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Aðalstræti 10, Berlín árið 2011.



Aðalstræti 10, Berlín, um 1910.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, stokkverk
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvílyft Svalir Kjallari Útitróppur Ris Anddyri

Helstu breytingar

1922	Breytt í íbúð
1921	Gluggabreyting
1922	Breytt í íbúð
1924	Gluggabreyting
1955	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Saga

Bræðurnir Sigvaldi og Jóhannes Þorsteinssynir byggðu þetta húsið árið 1902 í kjölfarið á bruna eldra verslunarhúss á lóðinni. Þeir fengu þá Sigtrygg Jóhannesson og Jónas Gunnarsson til að reisa fyrir sig myndarlegt og vandað hús á tveimur hæðum. Verslunina ráku þeir á neðri hæðinni en íbúð var á efri hæð. Verslunin var ýmist kölluð verslun yngri bræðra, Berlín eða Sigvaldabúðin. Nálægt 1920 var neðri hæð hússins breytt í íbúð og þá voru gerðar nokkrar breytingar á útliti hússins. Upphaflega voru verslunargluggarnir stórir járngluggar en þeim var skipt út fyrir minni tréglugga auk þess sem gluggum var bætt á norðurhlíð og inngangi í verslunina sem var á framhlið hússins var lokað. Á efri hæð voru rammar og póstar fjarlægðir um 1955 og tvöfalt gler sett í gluggana. Undanfarin ár hafa farið fram endurbætur á húsinu.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Jón Antonsson og Ari Hallgrímsson

Hönnun Mikael Jóhannesson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 12 árið 2011.



Aðalstræti 12 árið 1985.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Tvílyft Ris Svalir Geymsla Bílskúr Kvistir

Helstu breytingar

1958	Íbúð á jarðhæð
1988	Dyr á suðurhlíð

Hönnuðir breytinga

Mikael Jóhannesson
Mikael Jóhannesson

Saga

Húsið er byggt eftir teikningum Mikael Jóhannessonar árið 1957. Á upphaflegu teikningunni var ekki gert ráð fyrir íbúð á jarðhæðinni heldur íbúðarherbergi, geymslum og þvottahúsi en horfið var því í byggingu hússins og íbúð gerð í staðinn. Þrjár íbúðir eru í húsinu, ein á hvorri hæð.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Þórður Thorarensen

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Óþekktur



Aðalstræti 13 um 1925.



Aðalstræti 13 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Portbyggt ris
Þakklæðning	Pappi?
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Ris Kjallari Einlyft Útitróppur Port

Helstu breytingar

1903	Viðbygging
1945?	Breytt í íbúð
1945	Nýr inngangur Gluggabreyting
1972	Þaki lyft milli kvista
1987	Stækkun á kvistum
1987	Svalir á suðurhlið Útlitsbreyting/hurðir
	Bruni

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Mikael Jóhannesson
Mikael Jóhannesson

Saga

Þórður Thorarensen gullsmiður byggði fyrsta áfanga hússins á uppfyllingu austan Aðalstrætis árið 1898. Uppfyllingin var þá ný og var tekið til hennar efni úr brekkunni vestan Aðalstrætis. Þar hafði brekkan frá fyrstu tíð verið svo brött í sjó fram, að ekkert svigrúm var þar til húsbygginga. Því var skarð milli byggðarinnar á eyrinni og í Fjörinni, þar til fyrrnefnd fylling var gerð. Þá mynduðust byggingarlóðir á fyllingunni og einnig í þeim stalli, eða hvilft, sem myndaðist í brekkuna þar sem fyllingarefnið var úr henni tekið. Framan af var fyllingin kölluð nýja Ísland.

Þórður Thorarensen hafði áður búið fremst í Gilinu, en þar reisti hann sér íbúðarhús árið 1886 fyrir sunnan lækinn og vestan við hlöðu bæjarfógetans. Hús Þórðar er nú númer 6 við Lækjargötu.

Hið nýja hús Þórðar við Aðalstræti var 12x15 álnir að grunnfleti, ein hæð og portbyggt ris með miðjukvisti þvert í gegn. Árið 1903 lengdi hann húsið um 10 ½ alin til norðurs með kvisti á vesturhliðinni og sjá skilin á milli eldri og yngri hluta hússins vel á bakhliðinni. Á neðri hæðinni var gullsmiðaverkstæði Þórðar og sölubúð, en íbúð hans var á efri hæð.

Fljótlega eftir daga Þórðar árið 1944 skiptist húsið í fjórar íbúðir. Dyr voru settar á norðurstaft árið 1945 og seinna var þar gerð forstofubygging. Þaki hússins var lyft milli kvistanna á báðum hliðum árið 1972. Skipt hefur verið um útidyrhurðir. Gluggar voru upphaflega krossgluggar með römmum og sprossa en rammar hafa verið fjarlægðir og í sumum gluggum hefur krosspóstur einnig verið fjarlægður.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Baldvin Hinriksson Skagfjörð

Hönnun óþekktur

Upphafleg notkun Apótek

Íbúðarhús



Aðalstræti 14 árið 2011



Aðalstræti 14 líklega um 1900.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvílyft Ris Kjallari Gripahús

Helstu breytingar

1870	Viðbygging
1873	Endurbætur
1899	Breytt í íbúð
1943	Atv.húsn. innr.
1961	Endurbygging
04-09	Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Sigtryggur Jónsson	
Mikael Jóhannsson	
Finnur Birgisson	Arkitekt

Saga

Aðalstræti 14 er í raun tvö sambyggð hús með sama húsnúmeri. Aðalhúsið er herra og eldra. Baldvin Hinriksson Skagfjörð hóf byggingu hússins árið 1835 en seldi það ófullgert til Eggerts Johnsens héraðslæknis. Á þeim tíma virðist sem apótek hafi verið í hluta af neðri hæð en auk þess bjó læknirinn með fjölskyldu sinni í húsinu. Eftir daga Eggerts keypti eftirmaður hans, Jón Finsen, húsið en árið 1872 tikynnti B. Steincke verslunarstjóri Gudmanns verslunar á Akureyri að Friðrik Gudmann kaupmaður í Kaupmannahöfn hygðist kaupa húsið og gefa bæjarfélaginu það undir spítala eða bústað fyrir fátæka bæjarbúa. Gudmann keypti svo húsið, útbjó það sem spítala og lét byggja norðan við það einlyfta viðbyggingu sem hýsti þvottahús og líkhús spítalans. Spítalinn var á efri hæð hússins en á neðri hæðinni bjó spítalahaldarinn og þar var einnig holað niður örvasa gamalmennum og fólki sem átti ekki í nein hús að venda. Húsið var nefnt Gudmanns Minde til heiðurs Gudmanni kaupmanni.

Árið 1896 tók Guðmundur Hannesson við héraðalæknisembættinu. Hann taldi ótækt að reka spítala lengur í húsinu og var ráðist í byggingu nýs spítala sem tók til starfa árið 1899. Þá voru allar eignir gamla spítalans seldar Sigtryggi Jónssyni trésmíðameistara. Hann kom sér upp trésmíðaverkstæði í viðbyggingunni í norðurhluta hússins en leigði aðalhúsið fyrir íbúðir. Árið 1934 voru eignir hans seldar á uppboði og þá keypti Oddur Pálmi Sigmundsson húsið og bjó sjálfur í aðalhúsinu. Árið 1942 flutti Leó Guðmundsson í norðurhlutann og breytti því í íbúðarhús og eignaðist það svo árið 1946. Norðurhlutinn skemmdist mikið í bruna árið 1961 og var eftir það endurbyggt í núverandi mynd og gerðar úr því tvær íbúðir, sín á hvorri hæð. Suðurhlutinn, þ.e. elsti hluti hússins var friðaður árið 1978 enda um að ræða eitt merkasta hús bæjarins. Árið 1994 keypti Húsfriðunarsjóður Akureyrarbæjar húsið og félag lækna og hjúkrunarfræðinga stóðu fyrir umfangsmiklum viðgerðum á húsinu á árunum 1995-2009 með það fyrir augum að færa það sem næst upprunalegu útliti. Í upphafi var rennisúð á þakinu en nú er það klætt bárujarni en klæðning, gluggar og hurðir og glugga- og dyraumbúnaður er með upphaflegu útliti. Gamli spítali er fyrsta tvílyfta íbúðarhúsið sem byggt var á Akureyri og líklega annað elsta tvílyfta húsið sem byggt var á landinu öllu.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Magnús Kristjánsson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Skrifstofa



Aðalstræti 15 árið 1907, skreytt í tilefni konungskommunnar 1907.



Aðalstræti 15 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, stokkverk
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvílyft Kjallari Svalir Útskot Inng.skúr Útitróppur

Helstu breytingar

1927	gluggi í stað svala
1951	Útidyrtróppur og dyr á
2001	Svalir
2001	Glugga breytt í svalahurð

Hönnuðir breytinga

óþekktir	
Mikael Jóhannesson	
Finnur Birgisson	Arkitekt
Finnur Birgisson	Arkitekt

Saga

Kristján Magnússon settist að á Akureyri og gerðist þar tómthúismaður. Synir hans voru Karl, Magnús, Friðrik og Stefán. Magnús nam beykisiðni í Danmörku. Þeir bræður, Magnús og Friðrik hófu verslun um 1892 og voru nefndir eldri bræður. Magnús gerði uppfyllingu í sjó fram, suður úr uppfyllingu Þórðar Thorarensens gullsmiðs og suður á móts við við norðurmörk lóðar Gríms Laxdals, um 1896. Árið 1903 lét Magnús svo byggja umrætt íbúðarhús á lóð sinni, 17x14 álnir að grunnfleti, tvílyft. Allir útveggir og burðarveggir voru hlaðnir úr láréttum plönkum, 3" á þykkt og 7" á hæð, tvínótaðir. Jafnvel er talið að húsið hafi komið tilsníðið til landsins frá Noregi en ekki hafa fundist heimildir sem staðfesta þann orðróm.

Magnús Kristjánsson sat lengi stjórn í bæjarstjórn Akureyrar og gegndi síðan embætti fjármálaráðherra landsins. Hann lést árið 1928. Árið 1927 lét Magnús taka burt veggsvallirnar og hurð á vesturhlíð hússins og setja þar glugga í staðinn. Friðrik, sonur Magnúsar, lét gera nýjar útidyr á norðurhlíð hússins og þar fyrir innan var gerður nýr stigi, en hann hafði fram til þessa verið í miðju húsi. Breytingin var gerð til þess að fá aðgreindar aðkomuleiðir að báðum hæðum hússins.

Aðalstræti 15 er velbyggt hús og traust. Því hefur verið mjög vel haldið við í gegnum árin og er húsið er lítið slitnið miðað við aldur. Herbergi eru stór og björt. Nú eru tvær íbúðir í húsinu.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Sigtryggur Jónsson

Hönnun Sigtryggur Jónsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Aðalstræti 16 um 1950.



Aðalstræti 16 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Pakgerð	Risþak
Pakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvílyft Ris Svalir Útskot

Helstu breytingar

1917	Forstofa
1950?	Inngönguskúr, hækkaður
1989	Bruni
1994	Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Tómas Böðvarsson

Saga

Sigtryggur Jónsson, snikkari frá Espihóli, keypti gamla spítalann (Aðalstræti 14) árið 1899 og náði lóð hans þá suður að lóðinni nr. 18 og í sjó fram. Eldri bræður höfðu þá gert mikla fyllingu framan við suðurhluta spítalalóðarinnar, og norðan við þá fyllingu var vik, sem Sigtryggur fékk að fylla í árið 1899. Um þessar mundir, var verið að ákveða framtíðarlegu gatna bæjarins og reis af því misklið milli byggingarnefndarinnar og amtmanns. Í byggingarnefnd áttu þá sæti Eggert Laxdal verslunarstjóri, Jón Chr. Stephánsson timburmeistari, Guðmundur Hannesson læknir og Snorri Jónsson timburmeistari. Vildu byggingarnefndarmenn, að Fjörugatan yrði sem beinust, og að sá hlykkur, sem þó yrði að vera á henni, yrði við norð-austurhorn spítalans. Amtmaður var á öðru máli. Sigtryggur Jónsson fór fram á það, að fá að byggja nýtt hús sunnan spítalans, sem ekki samræmdest hugmyndum byggingarnefndarmanna. Deilu þessari lauk með því, að þeir sóttu allir um lausn úr byggingarnefndinni. Bæjarstjórn veitti þeim lausn úr starfi og kaus í þeirra stað Friðrik Kristjánsson, Aðalstein Halldórsson, Bjarna Einarsson og Sigtrygg Jónsson. Snorri Jónsson gerði þá athugasemd við kosninguna, að hann teldi óheppilegt að kjósa Sigtrygg Jónsson, þar sem hans bygging hefði gefið tilefni til þess að nefndin segði af sér. Byggingarleyfið fékk Sigtryggur frá hinni nýju nefnd hinn 25. maí árið 1900. Á næsta fundi sótti Sigtryggur um að fá að gera tveggja álna breiðar tröppur við austurhliðina á húsinu ásamt palli meðfram húshliðinni. Ofan á pall þennan vildi hann láta súlur ganga úr efsta lofti, svo að það gæti orðið tveim álnum breiðara en neðri hluti hússins. Byggingarnefnd samþykkti óskir hans, en áskildi, að frá þessu yrði þannig gengið, að það yrði til þrýði fyrir bæinn, enda mætti nota pallinn sem gangstétt, ef á þyrfti að halda. Einnig fékk Sigtryggur leyfi til að hlaða stétt austan við tröppupallinn. Undir húsinu var hár, hlaðinn kjallari. Á neðri hæð var sölubúð, skrifstofa og trésmíðaverkstæði, auk geymslu og forstofu við bakhlið. Á efri hæð var íbúð Sigtryggs og á lofti eitt íbúðarherbergi auk geymslna. Árið 1917 fékk Sigtryggur leyfi byggingarnefndar til þess að þilja af forstofu á miðjum ganginum austan á húsinu og við það fékk húsið það útlit sem það hafði lengi. Húsið komst í eigu Útvegsbanka Íslands árið 1934 og var þá selt í hlutum og skipt í fjórar íbúðir. Árið 1989 kviknaði í húsinu og brann efri hæð þess mjög illa. Um tíma virtist sem húsinu yrði ekki bjargað en árið 1992 keyptu húsið tvenn hjón, Ólafur Óskarsson og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir og Auðunn Eiríksson og Hrefna Rúnarsdóttir og tóku til óspilltra málanna við endurreisn hússins. Gerðar voru tvær íbúðir, sín á hvorri hæð og allt húsið endurnýjað hólfi á gólf á vandaðan hátt. Lokið var við gerð hússins að utan árið 1993 og 1994-1995 stóðu yfir viðgerðir innanhúss. Húsið er stórt og stæðilegt, óvenjulegt að gerð og setja svalirnar sérkennilegan svip á það. Húsið er vel viðað og traustbyggt.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Kristján Sigurðsson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Prentsmiðja

Íbúðarhús



Aðalstræti 17 árið 1907.



Aðalstræti 17 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Portbyggt ris
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kvistir Port Ris Útitröppur

Helstu breytingar

1919	tröppuskúr
1934	Breytt í íbúð
1934	Inngöngutröppur
1934	Útlitsbreyting
?	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

?

Saga

Kristján Sigurðsson, verslunarstjóri hjá Höepfnersverslun og kaupmaður, lét byggja húsið árið 1899. Árið 1901 fluttist Oddur Björnsson prentari frá Kaupmannahöfn til Akureyrar til að taka við nýstofnaðri Prentsmiðju Norðurlands en hann hafði lengi dvalið ytra við prentið. Kom hann með nýja prentsmiðju, hraðpressu og fallegra letur en áður hafði þekktst og setti upp prentsmiðjuna í norðurhluta hússins sem hann hafði á leigu hjá Kristjáni. Frá og með 1904 eignaðist Oddur prentsmiðjuna og hét hún Prentsmiðja Odds Björnssonar (POB) eftir það. Ekki er ólíklegt, að Kristján hafi látið byggja húsið beinlínis fyrir prentsmiðju. Burðarbitar undir gólfi 1. hæðar eru miklum mun sterklegri en venjulegt var og virðist húsið að þessu leyti hafa verið smíðað til að þola þungar vélar. Á efri hæð hússins var skrifstofa og þar bjuggu prentnemar. Suðurhluti hússins var frá upphafi íbúð. Prentsmiðja Odds Björnsson (POB) var í húsinu til 1932 en eftir það var norðurenda hússins breytt í íbúð. Í upphafi 20. aldar bjó Einar H. Kvaran skáld í húsinu og ritstýrði blaðinu Norðurlandi. Í suðurhlutanum Björn Grímsson til 1967 en hann lét byggja skúr við austurhlíð hússins með bakdyrastiga. Síðar var stíginn fjarlægður og gert baðherbergi á efri hæð skúrsins. Árið 1934 keypti Stefán Jóhannesson smiður norðurhlutann og breytti honum í íbúð. Hann lét flytja inngang, sem áður var á framhlíð hússins, á norðurgafli.

Húsinu er skipt eftir miðju í tvær íbúðir sem hver um sig er kjallari, hæð og ris. Gluggar hafa verið endurnýjaðir í upprunalega mynd með römmum.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Sigurður Hjörleifsson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Læknastofa

Íbúðarhús



Aðalstræti 19, Sæmundsenshús árið 1920.



Aðalstræti 19 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, stokkverk
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvílyft Kjallari Inng.skúr Útitröppur Útskot

Helstu breytingar

1917	Breytt í íbúð
1935	Ný klæðning
?	Gluggabreyting
?	Svalir

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1905 lét Sigurður Hjörleifsson læknir smiðina Jónas Gunnarsson og Sigtrygg Jóhannesson byggja fyrir sig þetta hús en forveri þess hafði brunnid árið 1904. Húsið var byggt úr plönkum, eins og fleiri hús, sem þeir félagar smíðuðu um aldamótin 1900. Byggingarstíllinn, efnisnotkun og skraut, minnti í flestum greinum á Aðalstræti 15. Sigurður hafði læknastofu og biðstofu í tveim herbergjum á neðri hæð hússins vestanmegin. Inn af læknastofunni var svefnherbergi hjónanna, en íbúðin var að öðru leyti á efri hæðinni. Hallgrímur Davíðsson, verslunarstjóri, keypti húsið árið 1917 og fluttist þangað. Húsið var lengi vel nefnt eftir Pétri J. Sæmundssyni, tengdafaður hans og kallað Sæmundsenhús. Fram til u.þ.b. 1935 var lárétt borðaklæðning á veggjunum og lárétt skrautbönd, svipuð þeim sem eru á Aðalstræti 15. Í gluggum eru krosspóstar, en rammar hafa verið teknir úr þeim og tvöfalt gler sett í staðinn. Húsið er plankabyggt úr 3" x 8" plönkum með tvöfaldri nót.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Júlíníus Jónasson og Jónatan Jóhannesson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Óþekktur



Aðalstræti 20 árið 1985.



Aðalstræti 20 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Portbyggt ris
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kjallari Ris Útitróppur

Helstu breytingar

1952	Þakhækkun
1952	Viðbygging
?	Gluggabreyting
1977?	Ný klæðning
1935	St. útidyratröppur

Hönnuðir breytinga

Sigurður Hannesson
Sigurður Hannesson

Saga

Um vorið 1897 tóku Júlíníus Jónasson og Jónatan Jóhannesson til óspilltra málanna að grafa í bratta brekkuna fyrir grunn og kjallara að húsi sínu. Húsið byggðu þeir í sameiningu sama ár og bjó hvor í sínum enda. Hús þetta var allóvenjulegt að þessu leyti, að það var sem tvö, mjög lítil, sambyggð hús, parhús, þó með sömu lögun og venjuleg hús. Lítil skúr var við miðja vesturhlið hússins. Árið 1935 voru settar nýjar steinsteypar útidyratröppur í stað timburtrappa.

Árið 1952 var suðurendi hússins stækkaður um 4 metra til vesturs og þakhæð var hækkuð upp í fulla lofthæð og litlar svalir settar á vesturgafli en þessar breytingar virðast ekki hafa verið samþykktar fyrr en árið 1969. Við það fékk húsið þá lögun sem það hefur enn.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Guðlaugur Pálsson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 21 árið 1985



Aðalstræti 21 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyptr
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteyptr
Útlit Einlyft
Kjallari
Ris
Bílskúr

Helstu breytingar

1942 Útlitsbreyting
Gluggabreyting
Ný klæðning
Jon

Hönnuðir breytinga

Óþekktur

Saga

Aðalstræti 21 er byggt á landuppfyllingu, eins og önnur hús austanmegin Aðalstrætis. Það er byggt allnokkru seinna en önnur hús við götuna. Engin gögn hafa þó fundist, sem benda til þess, að þarna hafi staðið hús fyrir. Árið 1942 fékkst leyfi frá byggingarnefnd til að breyta húsinu á þann hátt að gluggar á framhlið kjallara voru stækkaðir og tveir gluggar á hæðinni voru fjarlægðir. Upphaflega voru rammar í gluggum sem nú er búið að fjarlægja.

Varðveislumat

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi Anna Erlendsdóttir

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Aðalstræti 22 árið 1985. Ljósmynd M-STÆ5-811.



Aðalstræti 22 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Tvílyft
 Ris
 Útitröppur

Helstu breytingar

? Ný klæðning
 1947 Gluggabreyting
 1980? Stigahús
 1991 Viðbygging
 1991 Bakhús innréttað

Hönnuðir breytinga

Þorgeir Jónsson arkitekt
 Þorgeir Jónsson arkitekt

Saga

Anna Erlendsdóttir kaupkona, lét byggja húsið árið 1898 og rak verslun á neðri hæðinni, en íbúð hennar var á þeirri efri. Alfred Jónsson kaupmaður byggði bakhúsið árið 1926 og var þar fjós og fjárhús með heylofti yfir. Í brunavirðingu árið 1916, eru taldar tvær íbúðir í húsinu. Alfred Jónson eignaðist helming hússins árið 1929 og allt húsið árið 1950. Gluggum breytti hann árið 1947 og þá hefur húsið þegar verið klætt steinblikki. Við norðurgafhl hússins var byggt steinsteypst stigahús fyrir báðar íbúðirnar. Ekki hafa fundist bókanir í fundagerðarbókum byggingarnefndar um leyfi til byggingar stigahússins en til er ósamþykkt og óundirrituð teikning frá 1980.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Páll J. Árdal og Guðbjörn Björnsson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 24 skreytt í tilefni af komu Friðriks VII til Akureyrar



Aðalstræti 24 árið 2011. Viðgerðir standa nú yfir á húsinu.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Hraunað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvílyft
	Ris
	Útitróppur

Helstu breytingar

?	Bakhús breytt í íbúð
?	Gluggabreyting
1922	Viðbygging
1990	Viðbygging
1990	Svalir
2001	Uppmæling
2010?	Hurð í stað glugga

Hönnuðir breytinga

Bjarni Reykjalin	arkitekt
Bjarni Reykjalin	arkitekt
Þröstur Sigurðsson	
?	

Saga

Húsið er byggt á uppfyllingu sem rutt var fram úr brekkunni. Árið 1883 flutti Páll Árdal Jónsson til Akureyrar og tók við kennslu við barnaskólann, sem hann gegndi til ársins 1926. Páll sat í bæjarstjórn um tíma, og var ritstjóri blaðsins Stefnis. Páll fékk útmælda lóð og byggingarleyfi fyrir húsinu árið 1901. Guðbjörn Björnsson, smiður og kaupmaður, gekk í félag með Páli um húsbýgginguna. Virðist húsið ekki hafa verið fullsmíðað fyrr en árið 1903. Árið 1905 fengu þeir keypta viðbótarlóð vestan við hús þeirra og sama ár byggir Guðbjörn þar bakhúsið, sennilega sem verkstæði. Ekki er ljóst, hvenær bakhúsinu var breytt í íbúð, en í brunavirðingu árið 1917, er það kallað íbúðarhús. Lítil skúr var byggður vestan við húsið og árið 1922 stækkuðu þeir hús sitt og gerðu viðbyggingu vestur úr því, jafnháa húsinu. Páll Árdal rak um tíma verslun í húsinu og til er auglýsing úr blaðinu Norðurlandi frá 1906 sem sýnir vel að þetta var sannkölluð krambúð þ.e. þarna fékkst margvíslegur varningur til heimilisnota bæði matvara, fatnaður og byggingavörur. Ekki er vitað hvað Páll rak verslun lengi í húsinu né hvort hún var í öllu húsinu en þó er líklegt að svo hafi verið.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Jónatan Jóhannesson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Einar Jóhannesson



Aðalstræti 28 árið um 1930. Það er byggt á nyrstu lóðinni í Fjöru.



Aðalstræti 28 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttáð
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Tvílyft
	Ris
	Svalir
	Kvistir
	Útskot

Helstu breytingar

?	Gluggabreyting
1950	Skipt í tvær íbúðir
?	Útlitsbreyting
1997	Útidyratröppur
1997	Nýr inngangur

Hönnuðir breytinga

Bergur Steingrímsson
Bergur Steingrímsson

Saga

Jónatan Jóhannesson frá Úlfsbæ í Bárðardal og verslunarmaður hjá Höepfnersverslun keypti gamalt torf- og timurhús sem stóð á þessari lóð árið 1925. Hann reif það sama ár og byggði sér húsið sem nú stendur og þar bjó hann og Kristbjörg kennari, dóttir hans um árabil. Ein íbúð var í húsinu fyrstu áratugina, en lítil íbúð var gerð á neðri hæðinni um 1950.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi /Stefán Jóhannesson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Tómas Búi Böðvarsson



Laxagata á leið heim í Aðalstræti árið 1986.



Aðalstræti 30 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Steinblikk
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Einlyft
 Ris

Helstu breytingar

1986 Endurbygging

Hönnuðir breytinga

Tómas Búi Böðvarsson

Saga

Samkvæmt húsavirðingabók Akureyrar 1878 stóð hér áður timburhús sem byggt var um 1850 af Magnúsi Jónssyni skipstjóra. Það hús var rífið. Stofninn af því húsi sem hér stendur er nokkuð víðföllum. Húsið var upphaflega byggt við Ráðhústorg 7 árið 1929 en árið eftir var það flutt á Laxagötu 1 og mun húsið hafa verið dregið þangað á ís. Áfengis og tóbaksverslun ríkisins keypti húsið og lóðina árið 1986 til að rýma fyrir vörumóttöku fyrir verslun ÁTVR. Stefán Jóhannesson trésmíðameistari keypti húsið með það fyrir augum að flytja það á lóðina við Aðalstræti 30. Húsið var svo flutt í einu lagi og sett niður á steiptan kjallara við Aðalstræti 30 sama ár. Það var endurbyggt hólf í gólf og bætt á það kvistum til að auka nýtingu á rishæðinni og byggt var sólstofa meðfram bakhliðinni.

Samkvæmt upplýsingum frá Stefáni þá var húsið endurgert frá grunni. Gert var við húsgrindina og sett ný einangrun í alla vegg. Þegar steinblikkið var tekið utan af húsinu kom í ljós að grindin var klædd með plægðum viði og er hann enn undir núverandi útveggjaklæðningu. Gluggasetningu í risi var breytt frá upphaflegri með því að tveimur litlum tígulgluggum í suðurstafni var lokað og einn gluggi var settur á miðjan norðurstafn í stað tveggja áður auk þess sem nýjum glugga var bætt á norðurhlíðina.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Friðrik Kristjánsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Óþekktur



Aðalstræti 32 árið 1985.



Aðalstræti 32 árið 2011. Unnið er að endurbyggingur hússins .

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Port Ris Geymsla Gripahús Hlaða

Helstu breytingar

1898	Bakhús/hlaða
1900?	Viðbygging
1930?	Viðbygging
1934?	Gluggabreyting
1934?	Ný klæðning
2005?	Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Saga

Byggingarár hússins er nokkuð á reiki en í fasteignamati er byggingarárið skráð 1888 og mun það ekki vera fjarri lagi. Hússins er ekki getið í húsavirðingabókum Akureyrarkaupstaðar árin 1878 og 1882 en þá voru öll hús í kaupstaðnum virt vegna húsaskatts. Árið 1892 er það tilgreint í húsavirðingabókum og sagt vera hús Friðriks Kristjánssonar verslunarmanns. Því er lýst sem íbúðarhúsi úr timbri, portbyggt og það sé 15 álnir á lengd og 7 álnir á breidd með úthýsum en ekki er þess getið að húsið sé nýbyggt. Eftir þessum heimildum að dæma virðist sem húsið sé byggt á tímabilinu 1883-1892. Árið 1898 var Friðriki Kristjánssyni veitt leyfi til að byggja hlöðu aftan við íbúðarhúsið 15 x 6 álnir á stærð og skömmu eftir aldamótin 1900 var húsið stækkað til suðvesturs.

Jón Pálsson, trésmiður frá Hallgilsstöðum í Hörgárdal og kona hans Kristín Ólafsdóttir, eignuðust húsið árið 1929. Hann stækkaði eldhúsið fljótlega eftir það með útskoti. Um 1940 byggði hann svo smíðahús fyrir aftan íbúðarhúsið og er innangengt á milli. Áður fyrr bjuggu allt að 13 manns í húsinu, þau leigðu risíbúðina og stundum stofu niðri. Á kreppuárunum tóku þau við fátæku fólki sem átti erfitt. Frá því árið 1934 leigði Jóhanna Jónsdóttir efri hæðina í húsinu. Hún flutti í Aðalstræti 32 með föður sínum og nýfæddum syni og leigði hjá Kristínu í 67 ár en þær náðu báðar yfir 100 ára aldri. Þá hafði Kristín búið í húsinu yfir 80 ár.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Ólafur Sigurðsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Óþekktur



Aðalstræti 34, Davíðsbær árið 2011.



Aðalstræti 34, Davíðsbær árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Portbyggt ris
Þakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Port Einlyft Ris

Helstu breytingar

?	Viðbygging
?	Ný klæðning
?	Gluggabreyting
?	Ný klæðning
?	Gluggabreyting
?	Þakgluggi

Hönnuðir breytinga

Saga

Páll Pálsson tómthúismaðurinn byggði sér torfhús á þessari lóð árið 1857. Hann seldi svo Davíð Sigurðssyni og erfingjum hans húsið árið 1860. Árið 1877 reif Ólafur, bróðir Davíðs, torfhúsið og byggði það hús sem enn stendur. María Davíðsdóttir giftist Jakobi Gíslasyni kaupmanni, og bjuggu þau í húsinu um og eftir aldamótin 1900. Árið 1898 byggði Jakob hlöðu bak við íbúðarhúsið. Árið 1916 virðist sem skúr hafi verið kominn við bakhlið hússins og var útihúsið áfast við hann. Á undanförunum árum hafa farið fram miklar endurbætur á húsinu og verið að færa það sem næst upphaflegu útliti.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Geir Vigfússon

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 36



Aðalstræti 36 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Portbyggt ris
Þakklæðning	Torf
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Port Ris

Helstu breytingar

1936	Viðbygging
?	Ný klæðning
1968	Ný klæðning
1968	Gluggabreyting
1980	Gluggabreyting
1917	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Saga

Fyrsti eigandi húss á þessari lóð var Geir Vigfússon, tómthúismaður en hann kom til Akureyrar árið 1848. Geir endurbætti bæ sinn, sem gerður var úr torfi, árið 1859. Árið 1877 reif hann gamla bæinn og byggði sér nýjan bæ með torfþaki til bráðabirgða, sem sennilega er fremsti hluti þess húss, sem nú er á lóðinni. Margar viðbyggingar eru vestan við húsið frá ýmsum tímum. Árið 1917 byggði Árni Jónsson (væni) einlyftan geymsluskúr með skápaki sem var að nokkru leyti áfastur við íbúðarhúsið en þó töluvert lengri. Kristján Geirmundsson byggði skúr úr timbri og steini bak við húsið árið 1936 og bílskúr byggði hann á suðurmörkum lóðarinnar sama ár. Kristján sótti um leyfi til byggingarnefndarinnar til að byggja nýtt einbýlishús á lóð sinni. Hann fékk heimild nefndarinnar og skipulagsstjóra til byggingarinnar og skyldi vera 17 metra breiður forgarður fyrir framan húsið. Ekki varð úr því að húsið risi, en þó var grafið fyrir nýbyggingu úr brekkunni nokkru fyrir ofan og sunnan (við) gamla húsið, og er þar allmikill stallur í brekkuna. Helgi Hallgrímsson, náttúrufræðingur, átti húsið árið 1963 til 1968. Hann bjó þar í nokkur ár, en húsið stóð að miklu leyti ónotað tvö seinustu árin. Þegar Helgi keypti húsið, var það klætt tjörupappa að utan, bæði þak og veggir og mun það hafa verið þannig a.m.k frá 1916. Núverandi eigandi, Guðmundur Sigurpálsson, endurnýjaði klæðningu og glugga á vesturhlíð og klæðningu á suðurgafli árið 1968. Gluggar á suðurgafli voru endurnýjaðir árið 1980. Húsið er mikið breytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Pétur og Friðrik Þorgrímssynir

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Óþekktur



Aðalstræti 38 árið 1907, skreytt í tilefni af konungskommuni.



Aðalstræti 38 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Portbyggt ris
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Port Ris Kjallari Útitröppur Þakkhús

Helstu breytingar

?	Ný klæðning
?	Gluggabreyting
?	Ný klæðning
?	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Saga

Þar sem nú er bakhúsið á lóðinni stóð áður torfbær sem Grímur Laxdal bókbindari byggði upphaflega en seldi til Ara Sæmundssonar árið 1843. Ari var borgfirskur að ætt og hafði numið prentið í Viðey. Hann var aðstoðarmaður Borgens sýslumanns meðan hann var á Akureyri og umboðsmaður Munkaþverárklaustursjarða í mörg ár. Kona hans var Sigríður Grímsdóttir, og kjörsonur þeirra Pétur Sæmundsen, sem lengi var verslunarþjónn á Akureyri. Ari fluttist að Hvassafelli og tók þá Þorgrímur Þorvaldsson við húsi Ara og var síðasti ábúandinn þar. Þorgrímur hafði lært að dansa hjá B. A. Steincke verslunarstjóra og var eftir það helsti danskennari bæjarins. Synir Þorgríms voru Pétur verslunarmaður og Friðrik úrsmiður. Þeir bræðurnir byggðu sér þetta íbúðarhús árin 1892-1893, sem þótti einna smekklekast þeirra húsa, er þangað til höfðu verið byggð í Fjörinni. Úrsmiðaverkstæði Friðrik var í rishæð hússins.

Heimili Péturs og Friðriks þótti hið mesta menningarheimili og tóku þeir mikinn þátt í félagslífi. Árið 1901 rifu þeir torfbæinn á baklóðinni og byggðu geymsluhús fyrir vestan hús sitt. Þar var einnig í sama húsi fjós, hesthús og hlaða. Árið 1961 keypti Sverrir Hermannsson smiður og fjölskylda húsið og Sverrir hafði lengst af smiðaverkstæði sitt og safn í bakhúsinu en hann safnaði ótal smáhlutum sem nú eru varðveittir á Smámunasafninu í Eyjafjarðarsveit en það er tileinkað minningu Sverris Hermannssonar.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Ari Sæmundsson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Annað



Aðalstræti 40 árið 1985.



Aðalstræti 40 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Torf
Undirstaða Hlaðnar úr grjóti
Útlit Einlyft
Ris
Gripahús

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Heimildir gefa til kynna að húsið gæti hafa verið byggt um 1848 en í fasteignamati er ártalið 1851. Ari Sæmundsson var amtsbókavörður frá 1854-1864 og var þá Amtsbókasafnið geymt í húsinu og gekk húsið þá undir nafninu Bibliotekið eða Biblotekshúsið. Seinna var húsið kallað Edilonshús eftir eiganda sínum Edilon Grímssyni bátasmið. Eftir frásögn Friðriks P. Þorgrímssonar sem bjó í Aðalstræti 38 var þetta upprunalega lítið timburhús og var bókaeymslan í suðurenda hússins en á lofti yfir henni var svefnherbergi Péturs Sæmundssens. Stofan var svo oft notuð sem líkhús. Líklegt er að Edilon Grímsson hafi lengt húsið til norðurs en í húsavirðingabók Akureyrarkaupstaðar árið 1878 segir að helmingur hússins sé um 30 ára gamall sem gæti þýtt að elsti hluti þess sé frá því um 1848 en ekki 1851. Upphaflega var húsið með torfþaki en árið 1892 var kominn pappi á þakið og enn síðar kom bárujárn. Árið 1890 bjuggu fjórar fjölskyldur í húsinu og framfleyttu sér á sjómennsku, daglaunavinnu, skósmíði, söngkennslu og orgelleik. Orgelleikarinn var Magnús Einarsson sem var mikilvirtur í tónlistarlífi bæjarbúa.

Frá því að núverandi eigendur tóku við húsinu, hefur því verið breytt ótal sinnum. Stór kvistur hefur verið gerður á austurhlið þaksins, útbygging gerð á suðurgafli og margt fleira svo húsið er mikið breytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Sigurður Sigurðsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Óþekktur



Aðalstræti 42 árið 1885.



Aðalstræti 42 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Torf
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Ris

Helstu breytingar

?	Viðbygging
?	Viðbygging
?	Ný klæðning
?	Gluggabreyting
?	Nýbygging
2011	Viðbygging
2011	Bílskúr

Hönnuðir breytinga

Logi Einarsson
Logi Einarsson

Saga

Nákvæmt byggingarár þess húss liggur ekki fyrir. Talið er að Sigurður Sigurðsson smiður hafi byggt húsið þegar hann kom til Akureyrar um 1850 en Ari Sæmundsson mun hafa látið honum í té lóð undir húsið og garð. Í húsavirðingabók Akureyrarkaupstaðar árið 1878 er húsinu lýst og þar segir að það sé um 30 ára gamalt og allt mjög af sér gengið og skemmt. Samkvæmt því gæti húsið verið byggt um 1848 en í fasteignamati er byggingarárið 1852. Árið 1866 keypti sonur hans, Sigurður og alnafni húsið en hann fluttist síðar til Ameríku. Talið er að húsið hafi um tíma verið í eigu Elínar Gunnarsen, sem einnig átti Aðalstræti 44 og rak þar gistihús, sem nefnt var Elínarbaukur. Þá munu hafa verið gistiherbergi í húsinu. Kristján Jósefsson verslunarmaður var eigandi hússins um aldamótin 1900. Hann byggði stóra miðjukvistinn á húsið og frá þeim tíma hefur meginlögum hússins haldist lítið breytt. Í upphafi var þak hússins með torfi en veggir klæddir með timbri en um 1916 var húsið pappaklætt, bæði þak og veggir, um tíma var það klætt járn en nú er það klætt með lárétrri timburklæðningu.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Kristján Tómasson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Veitingahús



Aðalstræti 44 árið 1985.



Aðalstræti 44 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Torf
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft

Helstu breytingar

?	Ný klæðning
?	Gluggabreyting
1997	Endurgerð uppr.l. útlits
1997	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Finnur Birgisson	Arkitekt
Finnur Birgisson	Arkitekt

Saga

Byggingarár hússins liggur ekki fyrir en í fasteignamati er húsið sagt byggt árið 1840. Í húsavirðingabók Akureyrarkaupstaðar árið 1878 er húsið talið vera um 24 ára gamalt sem bendir til að það hafi verið byggt í kringum 1854. Fyrsti eigandi þess er líklega Kristján Tómasson tómthúismaður og Helga Egilsdóttir yfirsetukona. Árið 1859 er Elín Einarsdóttir Gunnarssen þar til heimilis en hún átti eftir að spila stórt hlutverk í sögu veitingahúsa á Akureyri. Árið 1873 kaupir hún húsið af erfingjum Kristjáns og tveimur árum seinna er hún komið með veitingaleyfi og húsið nefnt Elínarbaukur eftir henni. Bauksnafnið er dregið af dönskum beyki, Jensen sem rak veitingahús á Akureyri um langan tíma en veitingahúsið hans nefndist baukur og yfirfærðist það nafn yfir á önnur veitingahús í bænum. Í júní 1877 fékk Elín svo fullkomið leyfi til að veita ferðafólki og sjómönnum gistingu, mat, kaffi, te, öl, súkkulaði, vín, púns og aðra áfenga drykki eins og það var orðað í leyfi bæjarstjórnar en um leið var tekið fram að hún mætti ekki líða næturslark né ólögmeta spilamennsku en slíkt virðist hafa verið töluvert stundað á Akureyri um þetta leyti. Sonur hennar, Einar Gunnarsson seldi húsið Hallgrími Helgasyni beyki um 1915. Hallgrímur fékk leyfi byggingarnefndarinnar til þess að byggja skúr vestan við húsið árið 1920. Átta árum seinna hækkaði hann svo skúrinn um eina hæð og fékk húsið þá lögun sem það hafði í marga áratugi eða allt til fram yfir 1990 þegar það var rífið og nýtt bakhús byggt í staðinn eftir teikningum Finns Birgissonar arkitekts.


Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Ingimundur Eiríksson

Hönnun Ingimundur Eiríksson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús



Aðalstræti 46 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Torf
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Ris Kjallari Port Kvistir

Helstu breytingar

1859	Viðbygging
	Hækkun/portbyggt
	Kvistur
	Viðbygging
	Gluggabreyting
1961	Endurbætur
2003	Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Óþekktur	
Óþekktur	
Óþekktur	
Óþekktur	
Óþekktur	
Sverrir Hermannsson	
Finnur Birgisson	Arkitekt

Saga

Steinn Kristjánsson járnsmiður flutti til Akureyrar árið 1851 og keypti þá hús og smiðju Ingimundar Eiríkssonar járnsmiðs frá Rauðará við Reykjavík, sem búið hafði á Akureyri í nokkur ár. Ekki er finnanleg byggingarheimild fyrir húsunum en heimildir segja að árið 1849 hafi Ingimundi verið úthlutuð lóð undir hús sín sem voru íbúðarhús, fjós og smiðja. Það gæti bent til að elsti hluti hússins sem nú er á lóðinni sé byggður ekki síðar en 1849. Árið 1859 stækkaði Steinn húsið, lengdi það til norðurs og reif um leið eldhús úr torfi, sem sambyggt var íbúðarhúsinu. Seinna var húsið hækkað og bætt við það porti, auk þess sem stór kvistur með mænispaki var gerður þvert yfir húsið. Ekki er ljóst, hvenær þessi breyting var gerð á húsinu, en í brunavirðingu frá 1916, má sjá, að þá hefur kvisturinn verið á húsinu. Friðbjörn Steinsson bóksali eignaðist allt húsið eftir daga föður síns og stundaði þar bókband og bóksölu.

Stúkan Ísafold sem markaði upphaf Góðtemplarareglunnar á Íslandi var stofnuð í þessu húsi á heimili Friðbjarnar árið 1884. Eftir hans daga gekk húsið kaupum og sölum, uns Góðtemplarareglan keypti húsið árið 1961 og stofnaði þar minjasafn um sögu Góðtemplarareglunnar á Íslandi. Á árunum 2003-2009 stóð Góðtemplarareglan fyrir umfangsmiklum viðgerðum á húsinu undir leiðsögn húsafriðunarnefndar ríkisins og að þeim lokum afhenti reglan Akureyrarbæ húsið til eignar og umsjónar árið 2010. Í því er nú sýning um sögu Góðtemplarareglunnar og Leikfangasetur Guðbjargar Ringsted.

Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús, var friðað samkvæmt þjóðminjalögum í A-flokki árið 1977.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Björn Jónsson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Prentsmiðja



Aðalstræti 50 um aldamótin 1900



Aðalstræti 50 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kjallari Ris Kvistir

Helstu breytingar

1887?	Viðbygging
	Inngönguskúr
	Viðbygging
	Gluggabreyting
	Ný klæðning
200?	Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Jón Chr. Stephánsson?
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur

Saga

Björn Jónsson (1802-1886) hafði verið bóndi í Dunhaga, Möðruvöllum í Hörgárdal og víðar. Hann flutti til Akureyrar skömmu fyrir 1858 og var um skeið verslunarstjóri Gudmannsverslunar. Árið 1849 gekkst hann fyrir stofnun félags, í þeim tilgangi að koma upp prentsmiðju, er skyldi vera almenn eign Norður- og Austuramtsins og sama ár keypti hann húsið við Aðalstræti 50 á uppboði en það var nánast fullbyggt. Ekki er vitað hver það var sem hóf byggingu hússins en var svo ólássamur að missa það á uppboð 1849.

Konungsleyfi til stofnunar prentsmiðju fékkst árið 1852. Jón Sigurðsson, forseti, keypti prentsmiðjuna úti í Danmörku og kom hún heim sama sumar. Henni var komið fyrir í norðurenda hússins og í ársbyrjun 1853 hófst útgáfa fyrsta blaðsins á Akureyri. Hét það Norðri. Dóttir Björns, Þorgerður, giftist Jóni Chr. Stephánssyni og bjuggu þau í næsta húsi fyrir sunnan Björn.

Ekki munu miklar breytingar hafa verið gerðar á húsinu í tíð Björns. Árið 1870 fékk hann leyfi byggingarnefndar til þess að flytja svarðarhús á lóð sína bak við íbúðarhúsið, en skúr þessi stóð áður á lóð Indriða, gullsmiðs, Aðalstræti 66.

Séra Matthías Jochumsson fékk veitingu fyrir Akureyri árið 1886 og flutti hann norður árið eftir. Hann keypti húsið með stuðningi bæjarins. Að sögn Þórðar Friðbjarnarsonar, fyrsta safnvarðar Minjasafnsins á Akureyri, er talið að séra Matthías hafi fengið nágranna sinn, Jón Chr. Stephánsson, til þess að byggja skúrinn vestan við húsið áður en Matthías flutti norður. Árið 1897 byggði Matthías fjós vestan við hús sitt. Séra Matthías bjó í Aðalstræti 50 til ársins 1903, er hann flutti í nýbyggt hús sitt, Sigurhæðir, við Hafnarstræti. Þá eignaðist húsið Kristján Nikulásason söðlasmiður og lögregluþjónn. Þórður Friðbjarnarson eignaðist húsið árið 1944 en húsið hefur verið í eigu afkomenda hans eftir hans dag. Núverandi eigandi Anna Guðný Sigurgeirsdóttir hefur staðið fyrir miklum endurbótum á húsinu sl. ár og búið er að færa það sem næst upprunalegu útliti.

Aðalstræti 50 var friðað samkvæmt þjóðminjalögum árið 1977.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Vilhelmina Lever?

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 52 upp úr 1900.



Aðalstræti 52 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Torf
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Ris

Helstu breytingar

1840	Flutningur
1860	Viðbygging
1863?	Viðbygging/skúr
?	Ný klæðning
?	Gluggabreyting
1988	Endurgerð uppr.l. útlits
1988	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Jón Chr. Stephánsson	
Jón Chr. Stephánsson	
Hjörleifur Stefánsson	arkitekt
Hjörleifur Stefánsson	arkitekt

Saga

Uppruni þessa húss hefur verið nokkuð óljós og sögusagnir eru um að elsti hluti þess, suðurhlutinn hefði verið fluttur til Akureyrar frá Skjaldarvík. Það fylgir ekki sögunni hver flutti húsið, hvenær eða hver bjó fyrstur í því á Akureyri. Raunar benda heimildir til þess að ekkert hús hafi verið á þessari lóð fram yfir 1850. Vitað er að Vilhelmina Lever flutti til Akureyrar frá

Syðra - Krossanesi árið 1852 en hún hafði áður búið á Akureyri og m.a. rekið þar verslun. Leiða má líkum til að hún hafi byggt húsið eða komið með það með sér til kaupstaðarins árið 1852. Hún fékk leyfi til veitingareksturs og árið 1853 seldi hún veitingar til gesta og gangandi. Hún seldi húsið árið 1859 til Sveins Skúlasonar. Sveinn Skúlason fluttist til Akureyrar frá Kaupmannahöfn sumarið 1856 og tók við ritstjórn Norðra af Birni Jónssyni. Björn bjó í næsta húsi fyrir norðan Aðalstræti 52 og þar var prentsmiðjan einnig til húsa. Stuttu eftir að Sveinn keypti húsið réðst hann í að stækka húsið til norðurs og flutti prentsmiðjuna úr Aðalstræti 50 í hús sitt þar sem hún var til 1861. Hann fékk Jón Chr. Stephánsson timburmeistara í verkið fyrir sig og endaði í stórskuld við hann. Útgáfa Norðra gekk illa og í maí 1862 seldi Sveinn Jóni Chr Stephánssyni húsið sitt og allt kaupverðið gekk upp í skuldir

Jón Chr. Stephánsson var kvæntur Þorgerði Björnsdóttur. Hann var bæði snikkari og stórskipasmiður, þótti mikilhæfur maður og kenndi fjölda sveina. Jón hafði smíðastofu í norðurenda húss síns þar sem prentsmiðjan hafði verið um tíma og við norðurgaflinn gerði hann lítinn skúr, þar sem hann hafði ljósmyndavinnustofu. Jón smíðaði nokkur af merkustu húsum bæjarins. Hann var mikill áhugamaður um trjárækt og hóf ræktun framan við hús sitt um 1890, fyrsta trjagarð á Akureyri, að því að sagt hefur verið.

Í húsi Jóns bjó oft fjölmenni, þótt húsið hafi verið lítið. Sveinar hans bjuggu á loftinu og um tíma bjó þar einnig Tómas Davíðsson, barnaskólakennari, með fjölskyldu sinni.

Á eftir Jóni eignaðist Baldvin Jónsson húsið og á eftir honum Jóhannes Ólafsson, en dóttir hans, Rósa, og maður hennar Halldór Jakobsson eignuðust það 1939 og áttu það til alla tíð. Til marks um hve þröngt var búið, má nefna, að á árunum 1915-1923, bjuggu þrjár barnmargar fjölskyldur samtímis í húsinu. Núverandi eigandi Hallgrímur Indriðason hefur endurbyggt húsið á vandaðan hátt og byggt viðbyggingu eftir teikningum Hjörleifs Stefánssonar arkitekts.

Húsið var friðað samkvæmt þjóðminjalögum árið 1977.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Jósep Grímsson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Nonnahús



Nonnahús árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Pakgerð	Risþak
Pakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kvistir Kjallari

Helstu breytingar

	Viðbygging
	Útlitsbreyting
1970	Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Stefán Jónsson og Guðrún

Saga

Heimildir benda til að Jósef Grímsson gullsmiður hafi byggt húsið líklega 1853-54 en vitað er að hann kom til Akureyrar árið 1852 og árið 1855 er hann og fjölskylda hans til heimilis í húsinu. Árið 1857 tók hann lán gegn veði í húsinu sem gæti hafa leitt til þess að árið 1858 seldi hann Páli Magnússyni söðlasmið húsið. Árið 1859 fékk Páll heimild til þess að rífa burt torfstofu í suðurenda húss, er stóð á bak við íbúðarhús hans, lengja það um stofuþykktina og tyrfa það aftur enda var hann að stofnsetja verslun í húsinu. Fleira sést ekki bókað í fundargerðum byggingarnefndarinnar um þetta hús. Verslunarreksturinn gekk ekki sem skyldi og 1861 reyndi hann að selja húsið en án árangurs. Í þeirri auglýsingu kom fram að krambúð væri í norðurendanum. Ekki náði hann að selja húsið en leigði það til margra ára. Vilhelma Lever fluttist í húsið 1863 og hafði þar veitingasölu í eitt ár og árið 1865 flutti Sveinn Þórarinsson amtsmannsskrifari í húsið ásamt fjölskyldu sinni. Hann var faðir séra Jóns Sveinssonar, Nonna, prest og rífhöfundar sem þekktastur er fyrir Nonnabækur sínar og við hann er húsið kennt. Eftir lát Sveins var fjölskyldan leyst upp og Nonni fór til Frakkland í nám. Árið 1871 tókst Páli loks að selja húsið til Peter Chr. Petráeus en hann fór til Vesturheims árið 1873 og þá keypti Bernhald A. Steincke húsið og leigði það út. Edilon Grímsson, skipstjóri fluttist í það 1873 og síðan Pétur Sæmundsen faktor, sonur Ara Sæmundssonar. Yfirleitt bjuggu amk tvær fjölskyldur í húsinu og þannig var fram undir aldamótin 1900. Þá byggði eignaðist Davíð Sigurðsson snikkari húsið en byggði sér síðan nýtt íbúðarhús framan við en notaði Nonnahús sem verkstæði og hafði líkkistusmiði í suðurhluta hússins. Seinast var búið í Nonnahúsi 1944. Sigríður Davíðsdóttir dóttir hans eignaðist húsið eftir hans dag og var eigandi hússins 1948-1952, en gaf þá Zontaklúbbi Akureyrar húsið, í því skyni að gera þar safn til minningar um séra Jón Sveinsson.

Um 1970 fór fram meiri háttar viðgerð á húsinu undir leiðsögn Stefáns Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur arkitekta. Árið 2007 færði Zontaklúbbur Akureyrar Akureyrarbæ húsið og Nonnasafnið að gjöf en þá hafði Zontaklúbburinn rekið safnið frá 1957.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Davíð Sigurðsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun



Aðalstræti 54



Aðalstræti 54 og 54A árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Portbyggt ris
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kvistir Port Ris Kjallari Inng.skúr

Helstu breytingar

1905	Viðbygging
	Ný klæðning
	Gluggabreyting
1944	Inngönguskúr

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið við Aðalstræti 54 og 54A er í raun tvö sjálfstæð hús. Syðra húsið og það eldra byggði Davíð Sigurðsson, smiður árið 1896 á framlóðinni framan við Nonnahús sem hann átti einnig. Nýja húsið þótti bæði stórt og glæsilegt. Árið 1905 stækkaði hann húsið og byggði þá norðan við það tvílyft hús sem nú er númer 54A. Þar var verslun hans og smíðahús. Á haustin upp frá þessu fylltist búðin hjá Davíð af alls kyns vörum sem strandferðaskipin færðu honum. Þarna ægði öllu saman í verslunarhillunum, skóm, lömpum, ritföngu, tóbaki og klæðaströngum og guð má vita hverju. Í þetta hús var sett upp fyrsta símtækið þegar talsíminn hóf innreið sína á Akureyri árið 1906.

Árið 1929 voru innréttadar þar tvær íbúðir í norðrhúsinu en seinna var breytt í eina íbúð. Í dag eru húsin alveg aðskildar eignir og ekki innangengt á milli þeirra. Í suðurhúsinu var lengi ein íbúð en seinna eignaðist Zontaklúbbur Akureyrar húsið og þar er nú samkomusalur á neðri hæð en lítil íbúð í risi.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Svalbarðsstrandarsókn?

Upphafleg notkun Kirkja

Hönnun Þorsteinn Danielsson frá Skípalóni



Minjasafnskirkjan nýkomin á lóð Minjasafnsins árið 1970.



Minjasafnskirkjan árið 2011. Ljósmynd H.G.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Ris Útitröppur

Helstu breytingar

1971	Flutningur
1972	Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Þorsteinn Gunnarsson	arkitekt
----------------------	----------

Saga

Minjasafnskirkjan var upphaflega byggð á Svalbarði austan megin Eyjafjarðar árið 1846. Kirkjuna byggði sá kunningi listamaður og kirkjusmiður Þorsteinn Danielsson frá Skípalóni. Hún er gott dæmi um íslenskar sveitakirkjur sem reistar voru á Íslandi um miðbik níttjándu aldar. Þær voru flestar, að sögn fyrrum þjóðminjavarðar Kristjáns Eldjárn, íburðarlausar og litlar en þó stílhreinar og varðveittu mörg einkenni og hlutföll eldri kirkna á Íslandi. Árið 1957 voru ekki lengur not fyrir þessa litlu kirkju á Svalbarði og gerðist hún nokkuð hrörleg. Árið 1965 fékk stjórn Minjasafnsins á Akureyri heimild til að veita henni viðtöku. Var þá afráðið að gera við hana og flytja hana á grunn gömlu Akureyrarkirkjunnar sem hafði verið rifin skömmu eftir síðari heimsstyrjöldina. Kirkjan var síðan flutt á vagni til Akureyrar haustið 1970. Haustið 1972 eftir miklar viðgerðir nálgadist sú stund að kirkjan yrði messufær, en fyrst varð að finna henni viðeigandi nafn. Hlaut hún þá nafnið Minjasafnskirkjan og var vígð á ný 10. desember 1972. Síðan hefur kirkjan gegnt sínu tvíþætta hlutverki sem safnhús og guðshús. Kirkjunni fylgdu altaristafla máluð af Jóni Hallgrímssyni frá Naustum og önnur kirkjuklukkan, hin er líklega komin frá Miklagarðskirkju í Eyjafirði. Aðrir munir hafa verið gefnir kirkjunni af velunnurum hennar og nokkrir eru í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Einn dýrmætasti gripur kirkjunnar er ljósahjálmurinn sem ber ártalið 1688, en erfitt er að fullyrða um uppruna hans. Getum hefur verið leitt að því að hann hafi verið fluttur á níttjándu öld úr Hrafnagilskirkju í gömlu Akureyrarkirkjunni og hafnað að lokum í Minjasafnskirkjunni.

Minjasafnskirkjan er friðuð samkvæmt þjóðminjalögum.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Balduin Ryel
Hönnun Sveinbjörn Jónsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Minjasafnið árið 1985



Minjasafnið 2011

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyptr
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning Pappi
Undirstaða Steinsteyptr
Útlit Tvílyft
 Kjallari
 Svalir
 Útskot
 Útitróppur

Helstu breytingar

? Útlitsbreyting
 1977 Viðbygging
 198? Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Stefán Jónsson arkitekt
 Stefán Örn Stefánsson arkitekt

Saga

Páll Briem, amtmaður, og Sigurður Sigurðsson, búnaðarmálastjóri, frá Draflastöðum höfðu forgöngu um stofnun Trjáræktarstöðvar sunnan kirkjunnar. Bæjarstjórn lagði til ókeypis lóð undir stöðina og girti hana. Áður en stöðin var afgirt, var þar grasbali og leikvöllur barna. Sigurður, búnaðarmálastjóri, réð fyrirkomulagi garðsins og hafði stjórn hans á hendi. Jón Chr. Stephánsson tók við stjórn og umhirðu garðsins og annaðist hann á meðan hans naut við. Síðan rak Ræktunarfélag Norðurlands stöðina. Balduin Ryel keypti stöðina eftir að Akureyrarbær hafði hafnað forkaupsrétti sínum árið 1933. Eftir að skipulagsstjórn hafði veitt undanþágu frá staðfestum skipulagsupprætti, þar sem ekki var reiknað með húsi á þessum stað, fékk Balduin heimild byggingarnefndarinnar til að reisa hús það, sem þar stendur enn og Sveinbjörn Jónsson, byggingameistari teiknaði og byggði árið 1933-1934. Líklega er þetta eitt fyrsta fúnksjónalíska húsið, sem byggt var á Akureyri. Þegar Minjasafnið á Akureyri var stofnað, árið 1962, var Kirkjuhvöll, en svo nefndist húsið, keypt og breytt í safnhús. Viðbygging við húsið var gerð á árunum 1977-1980 eftir teikningum Stefáns Jónssonar arkitekts.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Hallgrímur Kristjánsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Óþekktur



Aðalstræti 62 um 1900.



Aðalstræti 62 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kjallari Ris Kvistir

Helstu breytingar

Ný þakklæðning
Ný klæðning
Gluggabreyting
Gluggabreyting
Inngönguskúr

Hönnuðir breytinga

Saga

Nákvæmt byggingarár hússins er á huldu. Í sumum heimildum er talið að Hallgrímur Kristjánsson, gullsmiður og gestgjafi, hafi byggt húsið um 1846 en aðrar heimildir benda til að húsið sé nokkuð yngra og Hallgrímur hafi ekki byggt það fyrr en upp úr 1850. Vitað er að Hallgrímur keypti torfhús af Grími Laxdal árið 1849 þegar hann flutti til Akureyrar en það hús er líklega það sem stóð á lóð Aðalstrætis 64, Míunabær og er nú löngu horfið. Árið 1855 sótti hann um leyfi til veitingareksturs. Árið 1859 lét Hallgrímur af veitingasölu og gerðist kaupmaður. Árið 1881 var sonur hans, Einar, talinn eigandi ásamt föður sínum. Einar var verslunarstjóri Jónassensverslunar.

Magnús J. Kristjánsson, síðar verslunarmaður og ráðherra, var um skeið leigjandi í húsinu, og árið 1899 fékk Magnús leyfi byggingarnefndarinnar til þess að byggja bakhús á lóðinni, að stærð 12x19 álnir. Hús þetta er nú horfið. Samkvæmt upplýsingum frá Stefaníu Ármannsdóttur var húsið var klætt steinblikki skömmu eftir 1930. Sökkull var steypur undir húsið 1985 og ári síðar var gólf hússins lækkað um þrjá þumlunga, klæðning rifin á veggjum og veggir og loft klædd plötum og nýir gluggar smíðaðir.

Húsið var friðað sökum aldurs samkvæmt þjóðminjalögum árið 1990.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Lárus Thorarensen

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun



Aðalstræti 63 í byggingu árið 1903.



Aðalstræti 63 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Portbyggt ris
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kjallari Port Ris Útitröppur

Helstu breytingar

1907	Inngönguskúr
1933	Inngönguskúr stækk
1933	Viðbygging/sólstofa
1933	Nýr inngangur
1933	Útskot
1933	Ný klæðning
	Ný klæðning
	Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Saga

Lárus Thorarensen, sonur Jakobs Thorarensens er bjó á Kjarna, byggði húsið árið 1904. Ætlun byggingarnefndarinnar var þá, að húsaröð yrði gerð austan Aðalstrætis til suðurs frá húsinu númer 23, það er, að byggt yrði á fyllingu austan við alla götuna. Aðalstræti 63 virðist hafa verið hugsað sem hluti af þeirri húsaröð. Húsið sem Lárus reisti var timburklætt og var aðalinngangur hússins á vesturhliðinni, þar sem nú er bogadregið útskot. Þrem árum seinna, byggði Lárus skúr austan við húsið, þar sem stigi var gerður milli hæða. Sigurður Flóventsson, lyfjafræðingur, eignaðist húsið árið 1918. Árið 1933-34 lét hann byggja nýbygginguna sunnan við húsið og stækka útbygginguna á austurhliðinni, auk þess, sem hann fjarlægði tröppurnar við vesturhliðina og gerði þar bogadregið útskot. Að lokum var húsið múrhúðað. Nú er búið að fjarlægja múrhúðun af eldri hluta hússins og færa glugga til upprunalegs horfs.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Inga Sólnes
Hönnun Haukur Viktorsson

Upphafleg notkun



Aðalstræti 65 árið 2011.



Aðalstræti 65 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Einlyft
Ris
Útskot
Bílskúr
Anddyri

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1986 voru samþykktar teikningar af húsinu eftir Hauk Viktorsson en Inga Sólnes lét byggja það árið 1987.

Varðveislumat

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi Grímur Laxdal

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Óþekktur



Aðalstræti 66 árið 1885.



Aðalstræti 66 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Ris

Helstu breytingar

Viðbygging

1880? Miðjukvistur

Ný klæðning

Gluggabreyting

Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Saga

Heimildir sýna að Grímur Laxdal bókbindari og veitingamaður byggði húsið árið 1843. Það var fyrsta veitingahúsið á Akureyri og væntanlega byggt sem slíkt. Grímur var stórtækur í húsbýggingum á Akureyri. Hann byggði fjögur hús, tvö úr torfi og tvö úr timbri. Auk þess að reka veitingarekstur voru þau hjónin Grímur og Hlaðgerður með nokkurs konar sjúkraheimili þar sem læknisþurfi aðkomumenn gátu leitað skjóls meðan héraðslæknirinn reyndi að lækna þá. Árið 1851 eignaðist Indriði Þorsteinsson gullsmiður húsið og fékk það þá nafnið Indriðahús. Árið 1865 seldi hann húsið til Ásmundar Benediktssonar en kaupin gengu til baka og árið 1872 seldi hann Akureyrarbæ húsið til að hýsa barnaskóla bæjarins og til húsnæðis handa þurfamönnum. Barnaskólinn var þarna til húsa fram að 1877, er hann fluttist í gömlu Havsteensbúðina sem stóð áður í Hafnarstræti 7. Á þessum árum var húsið jafnframt notað fyrir söng, skemmtanir, dans og fleira.

Á meðan skólinn var haldinn í húsinu bjuggu þurfamenn á loftinu en eftir að hann flutti bjuggu stundum 6 til 8 fjölskyldur samtímis í húsinu. Eitt árið eru þar sem handbendi bæjarins: Jón háleggur, Fjöru-Páll, Friðfinnur Kærnested, Jón askur, Jón Reinholt, Björn vasi, Indriði tindur, og Jón mæða.

Árið 1880 keypti Sigurður Sigurðsson, járnsmiður, húsið og bjó þar til dauðadags árið 1927. Bæjaryfirvöld settu það skilyrði fyrir sölunni, að hann leigði bæjarstjórninni helming loftins eða meira, ef hann gæti, sem húsnæði fyrir þurfamenn. Sigurður standsetti húsið og gerði stóra kvistinn á austurhlöðinni. Hann byggði sér smíðju sunnan við húsið en hann var um langt skeið einn fremsti iðnaðarmaður bæjarins og smíðaði m.a. plóga sem hentuðu íslenskum aðstæðum mun betur en innfluttu plógarnir. Húsið á sér ef til vill merkilegri sögu en flest önnur hús í fjörunni og er gott dæmi um hús sem hefur í gegnum tímann gegnt margskonar hlutverki. Síðustu ár hefur húsið gengið í gegnum miklar endurbætur sem hafa miðast við að færa það til þess horfs sem það var um 1880.

Húsið var friðað sökum aldurs samkvæmt þjóðminjalögum árið 1990.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Indriði Þorsteinsson?

Upphafleg notkun Annað

Hönnun Óþekktur



Aðalstræti 66A.



Aðalstræti 66A árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Timbur
Undirstaða Hlaðnar úr grjóti
Útlit

Helstu breytingar

1934 Viðbygging
 Ný klæðning
 Gluggabreyting
 1997 Endurbætur
 1997 Gluggabreyting
 1997 Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

Saga

Byggingarár hússins er ekki á hreinu en byggingarár í fasteignamati er 1845. Húsið hefur lengi gengið undir nafninu Smiðjan, sem gæti bent til þess að húsið hafi upphaflega gegnt hlutverki smiðju en síðar verið breytt í íbúð. Húsið er ekki nefnt árið 1848 þegar virðing er gerð á húsum Gríms Laxdals sem stóðu á þessari lóð og þess er ekki getið í húsavirðingum Akureyrarkaupstaðar árið 1878 né 1882. Árið 1892 er það tiltekið í húsavirðingu og þá er það sagt vera um 35 ára gamalt sem gæti þýtt að það væri byggt um 1857. Það passar við að sama ár er Indriði Þorsteinsson talinn eiga þarna smiðju og heyllöðu og eykur líkur á að húsið gæti verið byggt um 1857 en 1892 hafi verið búið að breyta því í íbúðarhús. Síðar bjó þar Jón Sigurðsson stóri, sem nefndur var. Árið 1893 fékk hann keypta viðbótarlóð að stærð 55 fadma, með því skilyrði, að hann létí hana af hendi til húsbyggingar, ef óskað yrði. Axel Schiöth var eigandi hússins frá 1915. Hann keypti viðbótarspildu vestan við lóðina árið 1917 og sama ár keypti hann einnig viðauka við garð sinn, sem sagður er liggja að Smiðjustíg. Oddur Thorarensen eignaðist húsið og bjó í því til ársins 1923. Viðbygging sunnan og vestan við húsið er úr hlöðnum steini frá 1934.

Húsið var friðað sökum aldurs samkvæmt þjóðminjalögum árið 1990.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Sigfríður Þorsteinsdóttir

Hönnun Finnur Birgisson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 67 árið 2011.



Aðalstræti 67 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Einlyft
Inng.skúr
Ris
Svalir
Bílskúr

Helstu breytingar

Bílskúr

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið er byggt eftir teikningu Finns Birgissonar arkitekts.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Magnús Jónsson
Hönnun Mikael Jóhannesson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 68 árið 1985.



Aðalstræti 68 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Tvílyft
Svalir
Útitröppur
Bílskúr

Helstu breytingar

? Gluggabreyting
2003 Bílskúr

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Haukur Haraldsson tæknifræðingur

Saga

Húsið er byggt eftir teikningum Mikaela Jóhannessonar árið 1953.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Elísabet Geirmundsdóttir og Ágúst Ásgrímsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Elísabet Geirmundsdóttir



Aðalstræti 70 árið 1985.



Aðalstræti 70 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Steining, skeljasandur
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft Kjallari Bílskúr

Helstu breytingar

1991	Einangrað að utan
1991	Múrhúðun
1991	Útlitsbreyting
1991	Þakhækkun
1991	Byggt yfir inngang

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið sem upphaflega stóð á þessari lóð var nefnt Krákshús og var 5,3x5 metrar að grunnfleti. Húsið mun hafa verið rífið árið 1939. Ágúst Ásgrímsson, dóttursonur Hans Guðjónssonar, fékk leyfi til að byggja tvílyft steinsteypuhús á lóðinni árið 1939 eftir teikningum konu sinnar, Elísabetar Geirmundsdóttur. Honum var þó heimilað að byggja aðeins neðri hæðina fyrst, gegn því að efri hæðin yrði gerð innan fimm ára. Ekkert varð úr framkvæmdum í það sinn en árið 1942 fékk hann samþykktar teikningar í byggingarnefnd að því húsi, sem nú stendur á lóðinni. Árið 1991 var húsið einangrað utan og múrhúðað. Sett á það valmaþak og byggt yfir inngang á norðurhlið. Garðinn við húsið prýða nokkur verka Elísabetar en hún hefur verið nefnd Listakonan í Fjörunni.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Soffía Jóhannesdóttir

Hönnun Sveinbjörn Jónsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 72 árið 2011



Aðalstræti 72 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Tvilyft Kjallari

Helstu breytingar

1998 Garðhús

Hönnuðir breytinga

Bjarni Reykjafn arkitekt

Saga

Árið 1873 byggði Bjarni Jónsson, snikkari, lítið timburhús á lóðinni fyrir sig og fjölskyldu sína. Soffía, kona Bjarna, keypti lóðina fyrir framan hús sitt árið 1893, gegn því skilyrði, að hún léti hana af hendi til húsbyggingar fyrir það verð, sem óvilhallir, tilkvaddir menn, álitu hæfilegt. Við fráfall Soffíu Jónsdóttur árið 1914, eignaðist Soffía Jóhannesdóttir kaupkona, dótturdóttir hennar, eignina.

Soffía fékk byggingarheimild fyrir steypuhúsi á lóð sinni árið 1931. Í upphafi átti að vera brotið risþak á húsinu, en henni var heimilað að gera á það flatt þak. Teikningar að húsinu gerði Sveinbjörn Jónsson byggingameistari. Í húsinu bjó lengi Jón Sveinsson sem var bæjarstjóri á Akureyri 1919-1934 og var húsið því nefnt Bæjarstjórahusið. Árið 2010 var lóðin framan við húsið endurhönnuð, reist bílskýli úr steinsteypu og stór blómaker í stöllum upp að húsdryrum.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Jón Sigurðsson (suðurendi) Tryggvi Gunnarsson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Prentsmiðja



Aðalstræti 74 1985.



Aðalstræti 74 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kjallari Ris

Helstu breytingar

1876	Viðbygging
	Kvistur
	Gluggabreyting
	Ný klæðning
	Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Saga

Jón Sigurðsson vaktari eða næturvörður byggði suðurhluta hússins árið 1857 og var það ætlun byggingarnefndarinnar á þeim árum, að á kafla, syðst í Fjörinni, yrði tvöföld húsaröð og var húsi Jóns ætlað að vera í fremri röðinni. Norðurenda hússins byggði Tryggvi Gunnarsson kaupstjóri og síðar bankastjóri fyrir svila sinn Skafta Jósepsson ritstjóra. Skapti hóf útgáfu Norðlings á Akureyri árið 1875 og gaf það út til ársins 1882, en hann fékk þá umráð yfir prentsmiðju Norður- og austuramtsins. Prentsmiðjuna flutti hann í suðurenda hússins og þar var hún starfrækt um tíma líklega allt til 1885 en sjálfur bjó hann í norðurendanum. Húsið var nefnt Skaftahús löngu eftir að Skafti var fluttur burt og fram á 20. öld. Árið 1890 fékk Halldór Pétursson, þáverandi eigandi hússins, lóðarsvæði á leigu sunnan við húsið, en þó aðeins til bráðabirgða, þar sem svæðið var talið byggingarlóð. Sigurjón Friðbjarnarson keypti árið 1915 mjóa lóðarspildu sunnan við sáðgarða hans og árið 1917 keypti hann garðviðauka, að svokölluðum Sölvastíg, sem lá þvert á Aðalstræti til vesturs, fyrir sunnan lóðina nr. 74.

Húsið er mikið breytt frá upphaflegu útliti.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Ingólfur Sigurðsson
Hönnun Gunnar Kr. Friðbjörnsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 76, árið 1985.



Aðalstræti 76 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Stálplötur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteyptar
Útlit Einlyft
Ris
Svalir
Kvistir
Annað

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Líklega er þetta hús það þriðja sem byggt er á þessari lóð. Það fyrsta var byggt 1857 og var flutt út á Oddeyri en árið 1885 reis annað hús í þess stað. Eigandi þess um tíma var Sölvi Ólafsson skipstjóri. Húsið var rífið árið 1981. Þá byggði sonarsonur Sölva, Ingólfur Sigurðsson þetta hús sem nú stendur úr viðum eldra húss sem stóð út í Krossanesi en var selt til niðurrífs. Ingólfur keypti þá timbur úr húsinu og notaði m.a. í burðarvirkið í húsinu.

Varðveislumat

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi Páll Jónsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun



Aðalstræti 80 árið 1985.



Aðalstræti 80 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft
	Ris
	Kjallari
	Gripahús

Helstu breytingar

	Gluggabreyting
1980	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Svanur Eiríksson	arkitekt
------------------	----------

Saga

Ekki er vitað, hvenær fyrst var byggt á þessari lóð. Magnús Jónsson, trésmiður, bjó þar um 1850 með konu sinni Salbjörgu Pálsdóttur. Eftir daga Magnúsar, bjó Salbjörg þar áfram til dauðadags árið 1879 og var húsið lengst af kennt við hana og nefnt Salbjargarbær. Lengi var tví- og þrjúbýli þarna og búið í allstórum torfbæjum. Gömlu torfhúsin munu hafa verið rifin um 1910. Páll Jónsson fékk leyfi byggingarnefndarinnar til að byggja þetta hús árið 1914, samkvæmt framlagðri teikningu og virðist það hafa verið fyrsta steinsteypta íbúðarhúsið í Innbænum. Árið 1917 byggði hann heyllöðu úr steini vestan við íbúðarhúsið. Helgi Pálsson byggði síðan gripahús austan við hlöðuna. Útihúsin voru rifin um eða fyrir 1980. Árið 1983, var gerð viðbygging vestan og norðan við gamla íbúðarhúsið. Nýlega var byggður tvöfaldur bílskúr norðan við húsið.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Kristján Eldjárn Jóhannesson og Helga Aðalbjörg

Hönnun Stefán Jörundsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 80B árið 1985.



Aðalstræti 80B árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Einlyft
Ris

Helstu breytingar

Bílskúr
Tengibyggðing

Hönnuðir breytinga

Saga

Varðveislumat

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi Jón Sveinsson

Hönnun Bárður Ísleifsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Aðalstræti 82 árið 1985.



Aðalstræti 82 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Skeljasandur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft Tvilyft Útitróppur

Helstu breytingar

1989 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Sigtryggur Stefánsson

Saga

Ekki er ljóst, hvenær fyrst var byggt á þessari lóð, en þegar byggingarnefndin tók til starfa árið 1857, stóð þar hús. Árið 1863 bjó þar Jón Tómasson ásamt konu sinni Sigurbjörgu Gunnarsdóttur og seinna tók dóttir þeirra Sigurbjörg við húsinu og bjó þar nær alla sína tíð. Sigurbjörg þótti merkiskona. Algengt var að ferðafólk, sem kom sunnan að til kaupstaðarins, kæmi við í Syðstahúsi og hefði þar fataskipti. Sigurbjörg stóð oft fyrir framan hús sitt og talaði við þá, sem leið áttu um. Árið 1908 byggði Sigurbjörg steinsteyptan skúr bak við bæinn sinn. Í brunavirðingu, árið 1916, segir um Sibbukofa: “A. Torfbær með framþaki, afþiljað er ein stofa og eldhús óþiljað með hlóðum. B. Steinhús með járnþaki, notað aðeins til geymslu.”

Sibbukofi stóð fram til ársins 1949 en var þá rifinn og þar með hvarf síðasti torfbær Innbæjarins illu heilli.

Jón Sveinsson fyrrverandi bæjarstjóri Akureyrar, reisti húsið sem nú stendur á lóðinni, eftir teikningur Bárðar Ísleifssonar, arkitekts, árið 1951. Þar mun um að ræða sömu teikningu og svonefndir prófessorbústaðir við Aragötu og Oddagötu í Reykjavík eru byggðir eftir.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Matthías Þorbergsson

Hönnun Fanney Hauksdóttir

Upphafleg notkun



Búðarfjara 1 árið 2011



Búðarfjara 1 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Einlyft
Ris
Kvistir
Útskot
Svalir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Gatan dregur nafn sitt af Búðarlæknum sem rann niður Lækjargilið og myndaði hina eiginlegu Akureyri sem elsta byggðin stóð á og kaupstaðurinn dregur nafn sitt af. Húsið er byggt á lóð sem var úthlutað í samræmi við deiliskipulag Innbæjarins sem var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 1985 og staðfest af ráðuneyti í febrúar 1986. Húsið er byggt árið 1992 eftir teikningum Fanneyjar Hauksdóttur arkitekts.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Jóhann Baldur Sigurðsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Jóhann Baldur Sigurðsson/Aðalsteinn Viðar Júlíusson



Búðarfjara 3 árið 2011.



Búðarfjara 3 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Stál
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft Ris Kvistir Annað

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Gatan dregur nafn sitt af Búðarlæknum sem rann niður Lækjargilið og myndaði hina eiginlegu Akureyri sem elsta byggðin stóð á og kaupstaðurinn dregur nafn sitt af. Húsið er byggt á lóð sem var úthlutað í samræmi við deiliskipulag Innbæjarins sem var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 1985 og staðfest af ráðuneyti í febrúar 1986. Aðalsteinn Viðar Júlíusson hannaði húsið eftir hugmyndum eigandans, Jóhanns Baldurs Sigurðssonar sem byggði það árið 1990.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Jón Þórðarson
Hönnun Sigurður Ingólfsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Búðarfjara 5 árið 2011.



Búðarfjara 5 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteyptar
Útlit Einlyft
Ris
Útskot

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Gatan dregur nafn sitt af Búðarlæknum sem rann niður Lækjargilið og myndaði hina eiginlegu Akureyri sem elsta byggðin stóð á og kaupstaðurinn dregur nafn sitt af. Húsið er byggt á lóð sem var úthlutað í samræmi við deiliskipulag Innbæjarins sem var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 1985 og staðfest af ráðuneyti í febrúar 1986. Jón Þórðarson lét byggja húsið árið 1989 eftir teikningum Sigurðar Ingólfssonar.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Örn Indriðason
Hönnun Haukur Haraldsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Búðarfjara 7 árið 2011.



Búðarfjara 7 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Einlyft
Kvistir
Ris
Svalir
Útskot

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Gatan dregur nafn sitt af Búðarlæknum sem rann niður Lækjargilið og myndaði hina eiginlegu Akureyri sem elsta byggðin stóð á og kaupstaðurinn dregur nafn sitt af. Húsið er byggt á lóð sem var úthlutað í samræmi við deiliskipulag Innbæjarins sem var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 1985 og staðfest af ráðuneyti í febrúar 1986. Örn Indriðason trésmíðameistari byggði það fyrir sig og fjölskyldu sína árið 1990 eftir teikningum Hauks Haraldssonar tæknifræðings.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Héðinn Björnsson

Hönnun Haraldur Árnason

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Búðarfjara 9 árið 2011.



Búðarfjara 9 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Einlyft
Ris
Kvistir
Annað

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Gatan dregur nafn sitt af Búðarlæknum sem rann niður Lækjargilið og myndaði hina eiginlegu Akureyri sem elsta byggðin stóð á og kaupstaðurinn dregur nafn sitt af.

Húsið er byggt á lóð sem var úthlutað í samræmi við deiliskipulag Innbæjarins sem var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 1985 og staðfest af ráðuneyti í febrúar 1986. Héðinn Björnsson byggði sér það árið 1989 eftir teikningum Haraldar Árnasonar tæknifræðings.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Einar Sveinn Ólafsson

Hönnun Sigurður Kjartansson og Eðvarð Guðmundsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Duggufjara 2 árið 2011.



Duggufjara 2 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Steni klæðning
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Stál?
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft Ris Svalir Útskot Bílskúr

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið er byggt á lóð sem var úthlutað í samræmi við deiliskipulag Innbæjarins sem var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 1985 og staðfest af ráðuneyti í febrúar 1986. Í upphaflegum skipulag- og byggingarskilmálum fyrir þessa lóð var gert ráð fyrir að hús á þessari lóð snéri eins og önnur hús á svæðinu þ.e. með langhlið að Aðalstræti en húsbyggjendur fengu því breytt og snéru stafni að Aðalstræti. Húsið er teiknað af Sigurði Kjartanssyni og Eðvarði Guðmundssyni á ES Teiknistofunni árið 1988 og byggt sama ár.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Hjálmar Freysteinnsson og Sigríður Þórðardóttir

Hönnun Svanur Eiríksson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Duggufjara 4



Duggufjara 4 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Einlyft
Ris
Svalir
Útskot
Kvistir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið er byggt á lóð sem var úthlutað í samræmi við deiliskipulag Innbæjarins sem var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 1985 og staðfest af ráðuneyti í febrúar 1986. Húsið teiknaði Svanur Eiríksson arkitekt.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Kjartan Helgason

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun ?



Duggufjara 4 árið 2011.



Duggufjara 6 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Stál
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft
	Ris
	Svalir
	Kvistir
	Bílskúr

Helstu breytingar

1996	Endurbygging
1996	Útskot
1996	Kvistur
1996	Svalir
1996	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Aðalsteinn Viðar Júlíusson
Sami
sami
Sami
sami

Saga

Húsið er byggt á lóð sem var úthlutað í samræmi við deiliskipulag Innbæjarins sem var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 1985 og staðfest af ráðuneyti í febrúar 1986. Húsið er mikið breytt frá upphaflegu útliti og var það endurbyggt eftir teikningum Aðalsteins Viðar Júlíussonar árið 1996 og 1997.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Bessi Skírnisson

Hönnun Vilhjálmur Hjálmarsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Duggufjara 8 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Stál
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft
	Ris
	Svalir
	Útskot

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið er byggt á lóð sem var úthlutað í samræmi við deiliskipulag Innbæjarins sem var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 1985 og staðfest af ráðuneyti í febrúar 1986. Húsið byggt árið 1989 eftir teikningum Vilhjalms Hjálmarsson arkitekts.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Tryggvi Sveinsson

Hönnun Haraldur Árnason

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Duggufjara 10 árið 2011.



Duggufjara 10 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteyptar
Útlit Einlyft
Ris
Kvistir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið er byggt á lóð sem var úthlutað í samræmi við deiliskipulag Innbæjarins sem var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 1985 og staðfest af ráðuneyti í febrúar 1986. Húsið er teiknað af Haraldi Árnasyni tæknifræðingi og er um hliðstæða teikningu að ræða og á húsum við Naustafjörðu 2 og 4. Húsið er byggt árið 1989 en bílskúr 2007.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Fjóla Guðjónsdóttir og Matthías Björnsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun Haraldur Árnason



Duggufjara 12 árið 2011



Duggufjara 12 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Einlyft
Ris
Svalir
Kvistir

Helstu breytingar

1996 Bílskúr breytt í íbúð

Hönnuðir breytinga

Logi Einarsson

Saga

Húsið er byggt á lóð sem var úthlutað í samræmi við deiliskipulag Innbæjarins sem var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 1985 og staðfest af ráðuneyti í febrúar 1986. Húsið er byggt árið 1995 eftir teikningum Haraldar Árnasonar tæknifræðings. Bílskúr var breytt í íbúð árið 1996 og gluggi settur í stað bílskúrshurðar.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Verslun

Pakkhús



Húsið við Hafnarstræti 2 um aldamótin 1900.



Hafnarstræti 2 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Pakgerð	Portbyggt ris
Pakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kjallari Port

Helstu breytingar

1928	Breytt í íbúð
1938	Breytt í íbúð
	Breytt í íbúð
	Gluggabreyting
	Kvistur
1928?	Inngönguskúr
	Ný klæðning
	Útlitsbreyting
	Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

Saga

Um 1892 hófu bræður tveir, Magnús og Friðrik Kristjánssynir verslun á Akureyri. Verslunarlóðir voru þá engar lausar á Akureyri, svo að þeir fóru þess á leit við bæjarstjórn, að fá að búa til lóð með því að fylla upp leiruna fyrir sunnan spítalann, Aðalstræti 14. Fyllinguna tóku þeir úr brekkunni. Nokkrar deilur urðu um framkvæmd þessa. J.V. Havsteen átti kartöflugarð efst í brekkunni og óttaðist að brekkan myndi síga fram og garðurinn ónýttast. Lét hann leggja lögbann á framkvæmdir þeirra bræðra. Málinu lyktaði þó með sætt. Bræðurnir fengu byggingarleyfi árið 1892 og reistu þá nyrðri hluta þess húss, sem enn er á lóðinni. Þar höfðu þeir verslun sína og skrifstofu á neðra gólf, en vöruheymislu á því efra. Fáum árum seinna, eða árið 1895, fengu þeir leyfi til að stækka lóð sína til suðurs, og aftur tóku þeir mól úr brekkunni fyrir sunnan spítalann til uppfyllingar. Einnig í þetta sinn urðu deilur um framkvæmd þeirra en þeir byggðu sama ár suðurhluta hússins sem nú stendur sem tveggja hæða vöruheymislu. Á tímabili var Magnús Sigurðsson, bóndi og verslunareigandi á Grund, í félagi með þeim bræðrum. Um 1896 var svonefndur Grundarskáli byggður fyrir sunnan og áfastur við pakkhús bræðranna. Þar var vöruheymisla og útibú Grundarverslunar í tvö ár, en þá seldi Magnús á Grund Friðriki og Magnúsi Kristjánssyni sinn hlut í versluninn, en átti áfram vöruheymisluhúsið, þar til það var rífið. Eftir að bræðurnir hættu verslun sinni, hafði Carl Schiøth skrifstofur sínar í elsta hluta hússins, og mátti til skamms tíma lesa nafn hans mótað stórum stöfum á norðurgafli hússins. Fyrsta útibú Landsbanka Íslands á Akureyri var þarna til húsa. Karl Sigurjónsson eignaðist húsin um 1928 og gerði hann sér íbúð á neðri hæð suðurhússins og byggði forstofu sunnan við það. Jakob Molvik keypti efri hæð suðurhússins árið 1938 og innrétaði þar íbúð.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Klemens Jónsson

Hönnun Óþekktur?

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Hafnarstræti nýlega byggt.



Hafnarstræti 3 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Portbyggt ris
Þakklæðning Timbur?
Undirstaða Hlaðnar úr grjóti
Útlit Einlyft
Kjallari
Kvistir
Port
Ris
Útitröppur

Helstu breytingar

1908 Inngönguskúr
1908 Útlitsbreyting
Byggt yfir svalir
Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur

Saga

Á lóð þessari stóð áður fyrsta íbúðarhús Akureyrar byggt 1777-1778 en það brann 19. desember 1901. Þá var Klemenz Jónsson sýslumaður og bæjarfógeti eigandi þess og fór hann eftir brunann til Noregs og keypti efni í nýtt hús. Leiða má líkum að því að húsið hafi komið til landsins frá Noregi en í dagbókum Klemensar kemur fram að hann var þar á ferð í upphafi árs 1902. Sigtryggur Jónsson timburmeistaro tók að sér að byggja húsið fyrir Klemens og reis það á tæpum þremur mánuðum 1902. Árið 1904 tók Klemens við stöðu landritara og fluttist til Reykjavíkur en seldi Jóni Stefánssyni ritstjóra húsið. Árið 1908 var byggt nýtt anddyri við suðurstaftin hússins og þá voru tröppur og dyr á framhlið fjarlægðar og gluggi settur í staðinn. Seinna var svo byggt yfir svalir á efri hæð til að stækka íbúðarflöt rishæðarinnar. Árið 1914 keypti Landssjóður húsið og á árunum 1914-1924 var þar fyrsta Landssímstöðin á Akureyri. Símtöðin var á neðri hæðinni en íbúð á þeirri efri. Eftir það og fram til 1930 rak Friðjón Jensson fyrstu tannlæknastofuna á Akureyri í húsinu. Húsinu var skipt í tvær íbúðir um 1950. Húsið er eitt það fyrsta sem byggt var á Akureyri í svokölluðum sveitserstil og var talið eitt af fegurstu húsum bæjarins á sinni tíð. Jafnvel er talið að húsið sé svokallað kataloghús þ.e. að það hafi verið pantað tilskilið frá Noregi eftir týpu í pöntunarlista/katalog sem gefin voru út þar af helstu húsaverksmiðjum.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Gunnar Thorarensen

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun



Hafnarstræti 6 árið 1985.



Hafnarstræti 6 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Skeljasandur
Þakgerð	Flatt
Þakklæðning	Dúkur
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Tvilyft
	Bílskúr
	Geymsla

Helstu breytingar

Gluggabreyting
Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1900 var Sigtryggi Jónssyni veitt leyfi til að fylla upp og búa til húsgrunn fyrir framan gamla spítalann frá lóðinni Hafnarstræti 2 að lóð bæjarfógeta, Hafnarstræti 3. Ekki virðist Sigtryggur hafa byggt á þessari lóð, en á henni voru sorphaugar innbæjarins um tíma. Gunnar Thorarensen eignaðist lóðina og byggði húsið árið 1942. Bílskúrin byggði hann árið 1962.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Hulda Sigurjónsdóttir og Arthúr Benediktsson

Hönnun Friðjón Axefjörð

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Hafnarstræti 7 árið 1985.



Hafnarstræti 7 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Skeljasandur?
Þakgerð	Valmaþak?
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Bílskúr Tvílyft Anddyri Svalir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á þessari lóð stóð verslunarhús Havsteensverslunarinnar, sem Akureyrarbær keypti árið 1877 og breytti í skóla og rak þar skóla til ársins 1900. Einnig var húsið notað til samkomuhalds og og bæjarstjórn hélt þar fundi til 1897. Ekki er vitað með vissu, hvenær það hús var byggt, en það mun hafa verið á síðari hluta 18. aldar. Árið 1942 seldi Jón Geirsson, læknir, breska setuliðinu húsið til niðurrifs og var það rifði sama ár. Árið 1947 var núverandi hús á lóðinni reist eftir skipulagi frá 1927.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Jón Antonsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun



Hafnarstræti 9 árið 1985



Hafnarstræti 9 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Tvílyft Svalir Útitröppur

Helstu breytingar

Nýr inngangur

Hönnuðir breytinga

Óþekktur

Saga

Á lóð þessari var áður stórt sítunar- og geymsluhús, einlyft timburhús á lágum steingrunni. Ekki er vitað hvenær það hús var byggt, en það mun hafa verið mjög gamalt. Lóð þessi hefur frá fyrstu tíð verið hluti af verslunarstaðnum. Og þarna hefur líklega staðið hús frá því um miðja sautjándu öld. Akureyrarbær keypti lóðina og húsið árið 1934 og var húsið þá rífið. Jóni Antonssyni var leigð lóðin árið 1948 og honum veitt byggingarleyfi. Húsið er byggt samkvæmt fyrsta aðalskipulagi bæjarins frá 1927.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi George A. Kyhn

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Vörugeymsla



Laxdalshús skömu fyrir 1900.



Hafnarstræti 11 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Pakgerð	Risþak
Pakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Ris Kvistir Útitróppur

Helstu breytingar

1978 Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Hjörleifur Stefánsson

arkitekt

Saga

Laxdalshús, sem nú er kallað, mun vera byggt árið 1795 og er elsta húsið á Akureyri. Árið 1792 fékk Hemmert kaupmaður útmælda byggingarlóð en hann var fyrsti verslunarstjóri Kyhnsverslunarinnar og árið 1795 reisti hann þetta íbúðarhús. Varðveist hefur skrifleg heimild um úttekt á húsum verslunarinnar frá árinu 1814, þegar Hans Bagøe tók við forstöðu Kyhnsverslunar. Í norðurenda hússins var þá faktorsíbúðin, tvær stofur. Í suðurenda, eitt herbergi handa verslunarþjóni og annað handa beyki. Í miðju húsinu var eldhús og búr. Loftið var að mestu leyti notað sem vörugeymsla. Upp frá þessu bjuggu í húsinu hinir ýmsu verslunarstjórar sem stýrðu verslunum á Akureyri fyrir hönd eigenda þeirra sem oftast bjuggu í Danmörku. Árið 1817 keypti Jóhann Gudmann verslunina. Aðeins voru tvær verslanir á Akureyri árið 1818, verslun J.L.Busch, sem var á elstu verslunarlóðinni og verslun J. Gudmanns. Þegar Busch dó árið 1822, keypti Gudmann verslun hans. Árið 1857 keypti Friðrik Carl Magnus Gudmann verslun föður síns, en hafði þó verið meðeigandi hans að einhverju leyti áður. Árið eftir kom Höepfner sem verslunarstjóri og fór fljótlega að versla sjálfur og keypti hann þrjár verslanir á fáum árum. Bernhard Steinke hafði eftirlit með Gudmannsverslun á sumrin, frá 1851, og hann var fastur verslunarstjóri árið 1863-1875. Steincke beitti sér fyrir þilskipaábyrgðum, búnaðarfélagum o.fl. Hann kenndi ungu fólki dans og veitti tilsiðni í gítarleik og mun hafa verið frumkvöðull þess, að comedíufélagið var stofnað og sjónleikahald tók að tíðkast á Akureyri.. Hann var fyrsti sáttanefndarmaður á Akureyri og var bókavörður Amtsbókasafnsins. Steincke fluttist af landi brott árið 1875. Eftir dauða Friðrik Gudmanns eignaðist Höepfner einnig verslun hans og rak undir nafninu Gudmanns Eftirfolger, en þá var kaupmönnum ekki heimilt, samkvæmt lögum, að reka tvær sölubúðir í sama kaupstað. Eggert Laxdal, (f. 1846, d. 1923), sá sem húsið dregur nafn sitt af, var afkastamikill maður. Hann tók sæti í bæjarstjórn árið 1877. Árið 1879 var Framfarafélag Akureyrar stofnað fyrir forgöngu Eggerts Laxdals og Friðbjarnar Steinssonar. Kom það á fót sunnudagaskóla fyrir iðnnema og aðra, og efndi til leikfímkennslu og lét halda uppi alþýðufyrirlesturum. Eggert var verslunarstjóri Gudmannsverslunar árin 1875 til 1902 og bjó þá í húsinu sem upp frá því hefur dregið nafn sitt af honum. Þá tók við stjórninni Jóhann Vigfússon gestgjafi og tveim árum seinna tók við henni Hallgrímur Davíðsson. Árið 1918 seldi Hallgrímur, fyrir hönd Carls Höepfners í Kaupmannahöfn, Jóni Stefánssyni, ritstjóra, húsið. Jón hafði þá búið tvö ár í húsinu og bjó hann þar áfram til ársins 1920. Eftir það voru í Laxdalshúsi ýmsir leigjendur. Árið 1942 seldi Jón húsið Guðmundi Bergssyni, fyrrverandi póstmestara í Reykjavík. Hann átti húsið aðeins í eitt ár og seldi það Akureyrarbæ í nóvember 1942. Síðan hefur það verið eign bæjarins og var leigt til íbúðar til ársins 1978. Voru þá tvær íbúðir í húsinu. Laxdalshús var friðað, samkvæmt þjóðminjalögum, í A-flokki árið 1978. Skömmu síðar var hafist handa um viðgerð á húsinu, sem var mjög illa farið. Sverrir Hermannsson, húsasmiðameistari annaðist verkið undir leiðsögn húsafriðunarnefndar. Vorið 1984 var Laxdalshús tekið í notkun á ný og hefur þar verið rekin veitingarekstur með hléum síðan.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Adolf Kristjánsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun



Hafnarstræti 13 árið 1985.



Hafnarstræti 13 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft Kjallari Útitróppur Útskot

Helstu breytingar

1956	Þakhækkun
2010	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Eiríkur Jónsson

Saga

Á þessari lóð var áður verslunarhús Gudmannsverslunar og sneri það gaflí að sjónum. Það var tvílyft hús úr timburstokkum með háu risi. Bak við það var allstórt geymsluhús, einlyft, með háu risi og sneri það einnig í austur-vestur. Verslunarhúsið mun hafa verið reist árið 1793, en geymsluhúsið árið 1795 og bæði tiheyðu þau Kyhnsverslun í upphafi. Norðan við þessi tvö hús var gata milli Hafnarstrætis og Aðalstrætis, sem Breiðigangurinn hét, og láta mun nærri, að húsið, sem nú stendur á lóðinni, hafi verið byggt á götustæðinu. Akureyrarbær keypti bæði verslunarhúsið og geymsluhúsið árið 1933 af Höepfnarsverslun og lét rífa þau. Adólf Kristjánsson fékk lóðina árið 1934 í makaskiptum fyrir lóð austan Hafnarstrætis, og sama ár fékk hann byggingarleyfi fyrir tveggja hæða húsi, enda áttu öll hús við Hafnarstræti að vera tveggja hæða, samkvæmt skipulagi bæjarins frá 1927. Adólf fékk þó heimild til að byggja aðeins kjallara og neðri hæð hússins fyrst um sinn, gegn því að efri hæð og forstofa yrðu gerð innan fimm ára. Ári síðar fékk hann þann frest lengdan í tuttugu ár. Flatt þak var á húsinu fram til 1956, en þá var sett á það nýtt valmaþak úr timbri og járn. Útveggir hússins eru steinsteyptir en milligólf og innveggir eru út timbri.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Karl Jónasson
Hönnun Tryggvi Jónatansson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Hafnarstræti 15 árið 1985.



Hafnarstræti 15 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteipt
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning Pappi
Undirstaða Steinsteiptar
Útlit Tvílyft
Svalir
Bílskúr

Helstu breytingar

bílskúr breytt í íbúð

Hönnuðir breytinga

Saga

Á því svæði, sem nú telst til lóðanna Hafnarstræti 15 og 17, voru áður hús Gudmannsverslunar og seinna Höepfnersverslunar. Öll þessi hús brunnu árið 1912, en þá brunnu alls 12 hús á spildunni milli Hafnarstrætis og Aðalstrætis. Karl Jónsson byggði húsið, sem nú stendur á lóðinni árið 1937 eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar múrarmeistara. Upphaflega var gert ráð fyrir bílskúr í suðurhluta neðri hæðar og sjá má ummerki þess á framhlið hússins þar sem múrað hefur verið upp í hurðargatið. Húsið er byggt er skipulagi bæjarins frá 1927 en það gerði ráð fyrir 2ja hæða húsum á þessu svæði. Á upphaflegu teikningunni er reyndar talað um kjallara og hæð en ekki tvær hæðir en gert ráð fyrir svipaðri lofthæð. Bílskúr við húsið var byggður 1964.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Akureyrarkaupstaður

Hönnun Ágúst Hafsteinsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Hafnarstræti 16, suðurhlið árið 2011.



Hafnarstræti 16, norðurhlið árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	?
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Aðalgeir Kristjánsson

Hönnun Tryggvi Jónatansson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Hafnarstræti 17 árið 1985.



Hafnarstræti 17 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Skeljasandur
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Tvílyft Bílskúr

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Lóð þessi tilheyrði áður Gudmannsverslun og seinna Höepfnersverslunar ásamt næstu lóðum. Á þeim stóðu verslunarhús sem brunnu ásamt mörgum öðrum húsum árið 1912. Akureyrarbær eignaðist lóðina árið 1933, en Aðalgeiri Kristjánssyni var úthlutað henni árið 1945. Hann byggði svo húsið árið 1949 eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar múrarmeistara. Það í byggt í anda skipulagsins frá 1927 sem gerði ráð fyrir stakstæðum 2ja hæða íbúðarhúsum úr steinsteypu á þessu svæði. Á upprunalegu teikningunni er reyndar talað um kjallara og hæð en einungis munar 10 sm á lofthæðinni milli hæðanna.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Otto Frederik Tulinius

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Hafnarstræti 18 nýbyggt.



Tuliniusarhús árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvílyft Kjallari Svalir Anddyri Ris

Helstu breytingar

1915	Kvistur
	Útlitsbreyting
	Svalir stækkaðar
	Gluggabreyting
	Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Haraldur Árnason	tæknifræðingur
------------------	----------------

Saga

Ottó Tulinius, kaupmaður lét byggja húsið árið 1902 og voru þeir Sigtryggur Jóhannesson og Jónas Gunnarsson yfirsmiðir. Sölubúð var á neðri hæðinni þvert yfir húsið við suðurgaflinn, vörugeymsla var vestan megin við norðurgaflinn, en skrifstofa að austan. Á efri hæðinni var íbúð og í risinu voru íbúðarherbergi. Tulinius lét mikið til sín taka í verslun og útgerð á Akureyri og hann rak verslun í húsinu til ársins 1920 en þá flutti hann til Kaupmannahafnar en rak áfram umsvif hér í samvinnu við son sinn Carl. Í krepunni lenti hann í þrot og missti Tulinius húsið upp í veðskuldur. Árið 1931 komst húsið aftur í eigu sonar hans og var í eigu afkomenda um nokkurt skeið. Um 1940 hafði breska setuliðið á Akureyri afnot af húsinu til íbúðar. Um 1975 var húsið komið í mikla vanhirðu og það svo, að raddir heyrðust um, að nauðsynlegt væri að rífa húsið. Um það leyti hófst viðgerð á húsinu og það er nú í góðri hirðu. Húsið hefur sterka skírskotun til norskra sveitserhúsa og hugsanlega gæti það hafa verið flutt til landsins frá Noregi. Húsið hefur lengi verið talið dæmi um verk íslenskra smíða sem höfðu svokölluð katalóghús að fyrirmynd en aðlöguðu húsin að íslenskum aðstæðum. Á grundvelli þess var Tuliniusarhús friðað samkvæmt þjóðminjalögum árið 1978.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Otto Frederik Tulinius

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Pakkhús



Hafnarstræti 18b fyrir brunann 1945



Hafnarstræti 18b árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Pappi
Undirstaða Hlaðnar úr grjóti
Útlit Tvílyft
Ris

Helstu breytingar

1934? Atv.húsn. innr.
1945? Bruni
1945 Endurbygging
1956 Þakbreyting
1956 Kvistur
Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Hjalti Espólin
Hjalti Espólin

Saga

Árið 1912 byggði Ottó Tulinius tvílyft geymsluhúss austan við íbúðar- og verslunarhús sitt, og er það að stofni til sama húss og nú stendur þar enn en þó mikið breytt í útliti. Um 1934 var efri hæð hússins breytt í íbúð eftir teikningum Hjalta Espólíns. Um 1945 skemmdist efri hæð hússins skemmdist mikið í eldsvoða 1945 og var húsið endurbyggt þá sem einnar hæðar íbúðarhús, með bárujármsklæddu valmaþaki. Aftur var húsinu breytt árið 1956, og nú í þá mynd, sem það enn hefur. Gert var risþak í stað valmaþaksins og stór miðjukvistur gerður þvert yfir húsið.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Carl Höepfner

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Vörugeymsla



Hafnarstræti 19



Hafnarstræti 19 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Tvílyft Ris Kvistir

Helstu breytingar

1915	Bakhús
	Útlitsbreyting
	Gluggabreyting
1992	Bruni
1992	Endurbýgging
2000	Endurbætur
2007	Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Saga

Á þessari lóð stóð áður verslunarhús Levers sem byggt var árið 1818. Síðar var því breytt í íbúðarhús og árið 1862 keypti Carl J. Höepfner húsið. Árið 1913 byggði Carl Höepfner tvílyft vörugeymsluhús úr steinsteypu á lóðinni og var þá gamla íbúðarhúsið rífið. Var þetta fyrsta meiriháttar steinsteypuhúsið sem byggt var í Innbænum og glæsilegt hús. Tveim árum síðar byggði Höepfner sláturhús bak við pakkhúsið, einnar hæðar með álmu norður með brekkunni. Lengi var efnagerð Akureyrar starfrækt í húsunum. Árið 1992 skemmdist bakhúsið töluvert í bruna en var endurbýgt. Í fasteignaskrá er það sagt byggt úr holsteini.

Í gegnum árin urðu breytingar á útliti framhússins t.d. var gluggum breytt töluvert frá upphaflegi gerð. Árið 2007 hófust miklar endurbætur á húsinu og þær miðuðst við að færa húsið í sem næst upprunalegt horf að utan. Gluggar voru færðir til upprunlegs horfs og aðalinngangur fluttur á upprunalegan stað. Á suðurhlíð var bætt við gluggum í sama stíl og aðrir og tveimur gluggum var breytt í svalaútgang.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Carl Höepfner
Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús
 Verslun



Hafnarstræti 20 um 1915.



Hafnarstræti 20 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Hlaðnar úr grjóti
Útlit Tvílyft
 Kjallari
 Kvistir
 Útitróppur
 Útskot
 Ris

Helstu breytingar

1961 Inngönguskúr
 ? Útlitsbreyting
 1994 Endurbætur
 2004 Atv.húsn. innr.
 2005 Innanhúsbreytingar

Hönnuðir breytinga

Aðalsteinn Viðar Júlíusson
 Jón Róbert Karlsson byggingafræðingur
 Ríkharður Oddsson

Saga

Á þessari lóð stóð upphaflega þakkhús byggt árið 1893 og var það í eigu Höepfnerverslunar. Það var rífið árið 1911. Sama ár hóf Höepfnerverslunin byggingu nýs verslunar- og íbúðarhús. Sigtryggur Jónsson byggingameistari var fenginn til að taka verkið að sér og reisti hann glæsilegt stórhýsi eftir danskri teikningu sem líklega hefur komið frá aðaleigendum verslunarinnar í Kaupmannahöfn. Húsið reis sumarið 1911 og í byrjun júlí var haldið mikil reisugildi á Akureyri þar sem kampavínið rann í stríðum straumum og húsið var skreytt fánum og blómskrúði í tilefni dagsins. Verslunin var kölluð hvíta búðin, enda máluð í ljósum litum, gólf dúklögð og búðin lýst með gasluktum sem var ekki algengt á þessum tímum í verslunum á Akureyri. Í vöruskrá Höepfnerverslunar frá 1911 má sjá að allur viður í húsið kom tilsniðinn frá Noregi en innréttingar og annar búnaður komið frá Kaupmannahöfn. Hallgrímur Davíðsson, verslunarstjóri, bjó á efri hæðinni frá 1912-1933 er rekstri Höepfnerverslunar var hætt. Seinna bjó þar Steinn Steinsson bæjarstjóri 1934-1956. Seinna eignaðist Kaupfélag Eyfirdinga húsið og rak þar verslun í marga áratugi eða frá 1938-1990. Eftir það var rekin verslun í nokkur ár en nú er verslunarrýmið notað fyrir skrifstofur. Höepfnerhúsið er síðasta stórhýsið sem reis í Innbænum. Útlit hússins er nokkuð framandi og -öðruvísi en tíðkaðist á Akureyri á þessum tíma. Það er með sterkum barrokeinkennum sem koma meðal fram í háu valmaþakinu, skorsteinum og gluggagerðinni. Skreytingar benda fremur til dansks en norks uppruna en svipuð hús þekktust þó í Noregi og einkum eftir 1905 og eru þar talin bera með sér dönsk og sænsk áhrif. Höepfnershúsið var friðað samkvæmt þjóðminjalögum árið 1978.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Jón Tómasson og Tómas Jónsson

Hönnun Mikael Jóhannesson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Hafnarstræti 21 árið 1985.



Hafnarstræti 21 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Hlaðið úr steiptum steini
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Tvílyft
Svalir
Útitröppur

Helstu breytingar

2003 Nýjar dyr og gluggi

Hönnuðir breytinga

Tómas R. Bøðvarsson

Saga

Árið 1871 byggði E.E. Möller faktor hlöðu á þessum slóðum og árið 1887 byggði hann fjós vestan hlöðunnar. Spilda þessi var hluti af lóð þeirri, sem Hans Lever byggði árið 1818, og komst síðar í eigu Höepfnersverslunar. Akureyrarbær eignaðist landið árið 1933 ásamt ýmsum öðrum lóðum Höepfnersverslunar. Tómas Jónsson og Jón Tómasson byggðu húsið, sem nú stendur á lóðinni, árin 1956-1957, eftir teikningu Mikael Jóhannessonar. Húsið er næst óbreytt í útliti fyrir utan að sett var ný hurð og gluggi á norðurhlíð um 2003.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Kristján Eldjárn Jóhannesson

Hönnun Haraldur Árnason

Upphafleg notkun Verslun



Hafnarstræti 22 árið 2011.



Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, Stál
Klæðning Timbur
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteyptar
Útlit Einlyft
Ris
Kvistir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1986 var samþykkt deiliskipulag fyrir þetta svæði og átti þar að vera lóðir fyrir þjónustu, verslun og smáiðnað. Ekki voru sett ákvæði um lóðastærðir eða húsagerðir heldur ákveðið að móta þessi atriði eftir því sem tilfærni gæfi til. Þessu skipulagi var svo breytt árið 1989 og svo aftur 1992 og þá voru samdir ítarlegir byggingaskilmálar sem voru svo endurskoðaðir árið 1995 þar sem ljós kom að þeir tryggðu ekki að nýbyggingar sem risu austan Hafnarstrætis féllu nægilega vel að gömlu húsnum vestan götunnar. Þetta hús er byggt á lóð þar sem áður stóð tunnuverkstæði Espólínbræðra. Húsið er byggt eftir teikningum Haraldar Árnasonar.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Carl Höepfner

Hönnun



Hafnarstræti 23 líklega um 1920.

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Bakarí



Hafnarstræti 23 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Pappi?
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kjallari Ris Kvistir Útitröppur Anddyri

Helstu breytingar

1928	Viðbygging
	Gluggabreyting
	Atv.húsn. innr.
1987?	Íbúð í risi

Hönnuðir breytinga

Sigtryggur Jónsson
Óþekktur
Óþekktur
Sigtryggur B. Stefánsson

Saga

Á þessari lóð byggði Vilhelmina Lever hús líklega um 1835. Árið 1861 eignaðist Páll Th. Johnsen húsið og stækkaði það en varð gjaldþrota árið 1867 og keypti Carl Höepfner þá verslunarhúsið. Árið eftir stofnaði hann fyrstu brauðgerð á Akureyri og fékk hingað til lands, frá Danmörku, Hendrik Schiöth og konu hans, Önnu, til að veita brauðgerðinni forstöðu. Brauðgerðarhúsið brann til grunna í febrúarmánuði árið 1903 og sama ár var byggt á grunni þess nýtt brauðgerðar- og íbúðarhús, sem nú stendur, Schiöthshúsið. Axel Schiöth, sonur Hendriks og Önnu, tók við rekstri brauðgerðarinnar af föður sínum og keypti húsið af Höepfnerverslun árið 1928. Þá var brauðgerði á jarðhæðinni en íbúð á aðlhæðinni en í risi voru herbergi og geymslur. Á sama tíma var byggð viðbygging sunna og vestan við húsið. Um og fyrir 1940 var ölstofa í brauðgerðarhúsinu og var þar bruggað öl. Á boðstólnum voru tvær gerðir öls, fint öl og ófinna. Ekki er ljóst, hvenær hætt var að baka í Schiöthshúsi. Á sjöunda áratugnum skiptist húsið í nokkra eignahluta og því breytt í fjölbýlishús. Knattspyrnufélag Akureyrar (KA) var stofnað í húsinu árið 1928.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Axel Schiöth

Hönnun

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Vörugeymsla



Hafnarstræti 23B árið 1985



Hafnarstræti 23B árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Tvílyft

Helstu breytingar

1968	Breytt í íbúð
1978?	Breytt í íbúð
	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Eiríkur Jónsson
Óþekktur

Saga

Axel Schiöth bakari byggði húsið sem íbúðarhús og vörugeymsla árið 1926. Í fyrstu var íbúð á efri hæðinni og vörugeymsla á þeirri neðri, en árið 1968 var neðri hæðinni breytt og bætt við íbúðina. Um tíma var brugghús Axels Schiöths á neðri hæð hússins en 1996 var svo innréttað sér íbúð í hluta neðri hæðar.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Búseti Norðurlandi hsf

Hönnun Höskuldur Sveinsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Hafnarstræti 24 árið 2011.



Hafnarstræti 24 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteypur
Útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1986 var samþykkt deiliskipulag fyrir þetta svæði og átti þar að vera lóðir fyrir þjónustu, verslun og smáiðnað. Ekki voru sett ákvæði um lóðastærðir eða húsagerðir heldur ákveðið að móta þessi atriði eftir því sem tilfærni gæfi til. Þessu skipulagi var svo breytt árið 1989 og svo aftur 1992 og þá voru samdir ítarlegir byggingaskilmálar sem voru svo endurskoðaðir árið 1995 þar sem ljós kom að þeir tryggðu ekki að nýbyggingar sem risu austan Hafnarstrætis féllu nægilega vel að gömlu húsnum vestan götunnar. Byggingarfélagið Búseti byggði þetta fjölbýlishús eftir teikningum Höskuldur Sveinssonar arkitekts.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Kristján Sigurðsson

Hönnun

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Hafnarstræti 25 nýbyggt.



Hafnarstræti 25 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvilyft Ris Inng.skúr Útitröppur Kvistir

Helstu breytingar

1960	Breytt í íbúð
	Gluggabreyting
	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Saga

Lóðin mun upphaflega hafa tilheyrt þeirri lóð, sem nú er númer 23 við Hafnarstræti og Wilhelmina Lever keypti úr Eyrarlandi árið 1835. Sigtryggur Jóhannesson og Jónas Gunnlaugsson, byggingameistarar, keyptu lóðina af ekkjufrú Höepfner árið 1904 ásamt næstu lóðum fyrir norðan. Grafa þurfti úr brekkunni og fylla fyrir framan hana til að fá nægilegt rými fyrir húsið. Kristján Sigurðsson keypti lóðina árið 1908 en hann var verslunarstjóri Höepfnarsverslunar árin 1904-1911. Sama ár og hann lét af verslunarstjórn fyrir Höepfnarsverslun, byggði hann sér hús það, sem nú stendur á lóðinni við Hafnarstræti. Rak hann verslun á neðri hæð hússins, en bjó á efri hæðinni. Neðri hæð hússins var breytt í íbúð árið 1960. Þá var verslunargluggum á neðri hæð breytt og þeir minnkaðir. Einnig hefur gluggum efri hæðar verið breytt og krosspóstar og rammar fjarlægðir.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Glerhús hf
Hönnun Fanney Hauksdóttir

Upphafleg notkun Verslun



Hafnarstræti 26 árið 2011.



Hafnarstræti 26 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Glerhús
Klæðning Gler
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Gler
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Einlyft
Ris
Útskot

Helstu breytingar

2008 Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1986 var samþykkt deiliskipulag fyrir þetta svæði og átti þar að vera lóðir fyrir þjónustu, verslun og smáíðnað. Ekki voru sett ákvæði um lóðastærðir eða húsagerðir heldur ákveðið að móta þessi atriði eftir því sem tilfærni gæfi til. Þessu skipulagi var svo breytt árið 1989 og svo aftur 1992 og þá voru samdir ítarlegir byggingaskilmálar sem voru svo endurskoðaðir árið 1995 þar sem ljós kom að þeir tryggðu ekki að nýbyggingar sem risu austan Hafnarstrætis féllu nægilega vel að gömlu húsnum vestan götunnar. Þetta glerhús er byggt sem blómaverslun árið 1993 en 2008 var því breytt að innan til að hýsa starfsemi keiluhallar.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Ýmsir eigendur
Hönnun Haraldur S. Árnason

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Hafnarstræti 28 árið 2011.



Fá mynd af bakhlið!!

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Tvílyft
Útitröppur
Svalir
Ris

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1986 var samþykkt deiliskipulag fyrir þetta svæði og átti þar að vera lóðir fyrir þjónustu, verslun og smáiðnað. Ekki voru sett ákvæði um lóðastærðir eða húsagerðir heldur ákveðið að móta þessi atriði eftir því sem tilfærni gæfi til. Þessu skipulagi var svo breytt árið 1989 og svo aftur 1992 og þá voru samdir ítarlegir byggingaskilmálar sem voru svo endurskoðaðir árið 1995 þar sem ljós kom að þeir tryggðu ekki að nýbyggingar sem risu austan Hafnarstrætis féllu nægilega vel að gömlu húsunum vestan götunnar. Í nýjum bygginga og skipulagsskilmálum voru hlutföll nýbygginga tekin til athugunar og þau færð nær hlutföllum húsa vestan Hafnarstrætis. Breytingar voru gerðar á þakhalla, þaklit og nýtingarhlutfalli lóðanna breytt. Húsið sem hér stendur var byggt árið 1996 og tók einmitt mið af þessum nýjum byggingarskilmálum fyrir þetta svæði. Það var m.a. mjókkað til að færa það nær hlutföllum húsa vestan Hafnarstrætis.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi

Hönnun

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Hafnarstræti 29 árið 1985.



Hafnarstræti 29 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvílyft Inng.skúr Ris Kjallari

Helstu breytingar

Breytt í íbúð
Gluggabreyting
Inngönguskúr

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur

Saga

Sigtryggur Jóhannesson og Jónas Gunnarsson, byggingameistarar, keyptu lóðina árið 1904 ásamt næstu lóðum til beggja handa. Guðlaugur Pálsson keypti lóðina, og byggði húsið sem þar er, árið 1907. Á neðri hæð var verslun, en íbúð á þeirri efri. Ári seinna afsalaði Guðlaugur ábyrgðarmönnum sínum húsinu, Einari Árnasyni o.fl. Árið 1917 keypti Stefán Sigurðsson húsið og eftir 1940 skiptist það milli nokkurra eigenda. Gluggum í húsinu hefur verið breytt þannig að póstar hafa verið fjarlægðir úr hluta þeirra og lögun sumra þeirra breytt.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Ýmsir
Hönnun Haraldur S. Árnason

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Hafnarstræti 30 árið 2011.



Hafnarstræti 30 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteypt
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstaða Steinsteyptar
Útlit Tvílyft
Ris
Útitröppur
Svalir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1986 var samþykkt deiliskipulag fyrir þetta svæði og átti þar að vera lóðir fyrir þjónustu, verslun og smáiðnað. Ekki voru sett ákvæði um lóðastærðir eða húsagerðir heldur ákveðið að móta þessi atriði eftir því sem tilfærni gæfi til. Þessu skipulagi var svo breytt árið 1989 og svo aftur 1992 og þá voru samdir ítarlegir byggingaskilmálar sem voru svo endurskoðaðir árið 1995 þar sem ljós kom að þeir tryggðu ekki að nýbyggingar sem risu austan Hafnarstrætis féllu nægilega vel að gömlu húsunum vestan götunnar. Í nýjum bygginga og skipulagsskilmálum voru hlutföll nýbygginga tekin til athugunar og þau færð nær hlutföllum húsa vestan Hafnarstrætis. Breytingar voru gerðar á þakhalla, þaklit og nýtingarhlutfalli lóðanna breytt. Húsið sem hér stendur var byggt árið 1996 og tók einmitt mið af þessum nýjum byggingarskilmálum fyrir þetta svæði. Það var m.a. mjökkað til að færa það nær hlutföllum húsa vestan Hafnarstrætis.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Tréttak ehf
Hönnun Haraldur Sveinbjörnsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Hafnarstræti 31 árið 2011.



Hafnarstrætishúsaröð 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Hlaðið úr frauðplastkubbum
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Þrílyft
Ris
Svalir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Þessi lóð var mjög lengi óbyggð. Á henni stóð svonefndur Rauði-stólpi sem markaði norðurmörk verslunarstaðarins. Í deiliskipulagi fyrir Innbæinn frá 1986 var lagt til að lóðin væri notuð til að byggja bílskúra fyrir nærliggjandi hús en æskilegast væri að byggja tveggja hæða íbúðarhús í skarðið. Það var svo árið 1999 sem Tréttak byggði þetta hús eftir teikningum Haraldar Sveinbjörnssonar.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Páll Þorkelsson

Hönnun

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Hafnarstræti 33 árið 1985.



Hafnarstræti 33 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvilyft Inng.skúr Útitröppur Svalir Ris Kjallari

Helstu breytingar

Svalir teknar
Ný klæðning
Breytt í íbúð

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur

Saga

Ekki finnst byggingarheimild fyrir húsinu í fundargerðarbókum bygginganefndar, en vitað er að Páll Þorkelsson kaupmaður er talinn fyrsti eigandi hússins 1903. Líklega hefur þessi lóð verið meðal þeirra, sem Jónas Gunnarsson og Sigtryggur Jóhannesson keyptu af ekkjufrú Höepfner árið 1904 og jafnvel líklegt, að þeir hafi byggt húsið fyrir Pál árið 1903-1904. Páll rak verslun á neðri hæðinni í nokkur ár en á árunum 1911-1920 voru Sigtryggur Jóhannesson og Jónas Gunnarsson eigendur hússins. Seinna var versluninni breytt í íbúðarhúsnæði.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Höfði ehf
Hönnun Fanney Hauksdóttir

Upphafleg notkun Þvottahús



Hafnarstræti 34 árið 2011.



Hafnarstræti 34 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Steinsteypa og stál
Klæðning Stálplötur
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteypur
Útlit Einlyft
Ris

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1986 var samþykkt deiliskipulag fyrir þetta svæði og átti þar að vera lóðir fyrir þjónustu, verslun og smáiðnað. Ekki voru sett ákvæði um lóðastærðir eða húsagerðir heldur ákveðið að móta þessi atriði eftir því sem tilfærni gæfi til. Þessu skipulagi var svo breytt árið 1989 og svo aftur 1992 og þá voru samdir ítarlegir byggingaskilmálar. Húsið er byggt 1993 samkvæmt þágildandi byggingarskilmálum en þeir voru svo endurskoðaðir árið 1995 þar sem ljós kom að þeir tryggðu ekki að nýbyggingar sem risu austan Hafnarstrætis féllu nægilega vel að gömlu húsunum vestan götunnar. Í nýjum bygginga og skipulagsskilmálum voru hlutföll nýbygginga tekin til athugunar og þau færð nær hlutföllum húsa vestan Hafnarstrætis. Breytingar voru gerðar á þakhalla, þaklit og nýtingarhlutfalli lóðanna breytt.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Sigtryggur Jóhannesson og Jónas Gunnarsson

Hönnun

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Hafnarstræti 35 árið 1985.



Hafnarstræti 35 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvílyft Kjallari Inng.skúr Ris Útitröppur Útskot

Helstu breytingar

	Ný klæðning
	Gluggabreyting
1928	Inngönguskúr
	Útlitsbreyting
1960	Breytt í íbúð

Hönnuðir breytinga

Saga

Jónas Gunnarsson og Sigtryggur Jóhannesson keyptu lóðina af Akureyrarbæ árið 1905 og ári seinna byggðu þeir húsið. Árið 1907 seldu þeir Jóhanni Raguelsyni eignina. Jóhann var verslunarmaður og rak söluturn auk verslunar í kjallara hússins. Guðbjörn Björnsson, timburmeistari og verslunarmaður, keypti húsið árið 1919 og bjó þar og rak verslun í kjallaranum. Árið 1926 opnaði Guðríður Norðfjörð hárgreiðslustofu í þessu hús, sem jafnframt var allskyns snyrtingar- og fegrunarstofa, þar sem Akureyringum gafst kostur á að fá eytt vörtum sínum, bóllum og líkþornum. Árið 1928 byggði Guðbjörn forstofubyggingu vestan við húsið. Um 1960 skiptist húsið í fjórar íbúðir og svo er enn.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Sigurður Sigurðsson

Hönnun

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Hafnarstræti 37 árið 1985.



Hafnarstræti 37 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn?
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvilyft Kjallari Ris

Helstu breytingar

Ný klæðning
1940? Íbúð í kjallara
Gluggabreyting
Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Saga

Jónas Gunnarsson og Sigtryggur Jóhannesson timburmeistarar byggðu sennilega húsið, eins og flest önnur í röðinni norðan við Schiöthshúsið. Ekki hefur fundist byggingarheimild í fundargerðarbókum byggingarnefndarinnar, en af gömlum ljósmyndum má ráða, að það er byggt um leið og önnur hús í þessari röð, líklega 1903 samkvæmt fasteignamati. Húsið var byggt fyrir Sigurð Sigurðsson bóksala. Í kjallaranum var bókabúð og skrifstofa, á neðri hæðinni var bókbandsverkstæði við bakhliðina, en stofur við framhlið og íbúðarherbergi á efri hæð. Árið 1923 keypti Þorsteinn M. Jónsson, bóksali, húsið og rak verslun í kjallaranum til ársins 1935 þar til hann varð skólastjóri Gagnfræðaskóla Akureyrar. Eftir 1940 var húsinu skipt í þrjár íbúðir. Gluggum hússins hefur verið breytt, póstar fjarlægðir. Glugga- og hurðastaðsetning í kjallara er breytt frá upphaflegri mynd en af gömlum ljósmyndum má sjá að inngangur í kjallara er á miðjum vegg og gluggar til hliðar.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Vilborg Grönvold

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun



Hafnarstræti 39 árið 1985.



Hafnarstræti 39 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn?
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvilyft Ris Kjallari

Helstu breytingar

	Inngönguskúr
	Gluggabreyting
1968	Tvær íbúðir
	Tröppur

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1902 seldi bærinn Helga og Ólafí Guðmundssyni lóðina með því skilyrði, að þeir fylltu sjálfir upp fram af lóð sinni undir götu. Ekki er ljóst, hvort þeir gerðu uppfyllinguna eða ekki, en ýmislegt bendir til þess, að Sigtryggur Jóhannesson og Jónas Gunnarsson, timburmeistarar, hafi keypt lóðina og byggt húsið, um leið og önnur hús í röðinni, norðan við Schiöthshúsið. Um það skal þó ekki fullyrt. Innréttingu á neðri hæð hússins smíðaði Jón Þorvaldsson. Fyrsti skráði eigandi hússins er Vilborg Grönvold. Páll Skúlason eignaðist húsið árið 1916, en því var skipt í tvær íbúðir árið 1968.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Hallgrímur Einarsson

Hönnun

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Annað



Hafnarstræti 41 árið 1907



Hafnarstræti 41 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn?
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvílyft Kjallari Svalir Ris Útitröppur Annað

Helstu breytingar

Útlitsbreyting
1992? Endurgerð uppr.l. útlits
2005 Atv.húsn. innr.

Hönnuðir breytinga

Ólöf Flygenring

Saga

Hallgrímur Einarsson, ljósmyndari, byggði húsið árið 1903 og hafði þar ljósmyndastofu sína og heimili. Hallgrímur var fyrstur manna til að gera ljósmyndun að atvinnu sinni á Akureyri. Hann lærði iðn sína í Kaupmannahöfn árin 1894-1895. Næstu ár var hann ljósmyndari á Seyðisfirði, en flutti til Akureyrar árið 1901. Ljósmyndastofu sína í Hafnarstræti rak hann til dauðadags árið 1948. Hann var einn fremsti ljósmyndari landsins á sínum tíma og eftir hann liggur mikið magn ómetanlegra ljósmynda af Akureyrarbæ og ýmsum atburðum og mannamyndum. Tveir af sonum hans, Kristján og Jónas, ráku ráku ljósmyndastofuna eftir hans daga en heildarsafn þeirra er varðveitt á Minjasafninu á Akureyri. Ljósmyndastofan var á efri hæð hússins, og í norð-vesturhorninu var stórt atelier, með mjög stórum glugga á vesturvegg, og glerþaki yfir. Við austurhlíð hússins var biðstofa og inn af henni vinnustofa. Í kjallara var lítil verslun og skrifstofa að götunni, en geymslur að vesturhlíðinni. Eftir að Kristján og Jónas létust, skiptist húsið í þrjá eignarhluta, og voru þá jafnframt þrjár íbúðir í húsinu. Nú hefur einn af afkomendum Hallgríms, og nafni hans, Hallgrímur Óskar Guðmundsson eignast allt húsið og hefur gert það upp í upprunalega mynd m.a. endurbyggt timburverönd og tröppur á suðurhlíð eins og var í upphafi og endurgert svalir. Gert er ráð fyrir möguleika á tveimur íbúðum í húsinu.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Karl Ásgeirsson og Jón Þorvaldsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun



Hafnarstræti 45 árið 1985.



Hafnarstræti 45 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Tvílyft Kjallari

Helstu breytingar

1985 Forstofa og tröppur
Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Óþekktur

Saga

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Örn, Jón og Haukur Péturssynir

Hönnun Sigurður Hannesson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Hafnarstræti 47 árið 1985.



Hafnarstræti 47 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Skeljasandur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Þrílyft Kvistir Ris Svalir Bílskúr Útskot

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið gengur undir nafninu Bakkahöllin en það var byggt árið 1947 eftir teikningum Sigurðar Hannessonar.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Páll Briem

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun



Hafnarstræti 49 árið 1985.



Hafnarstræti 49 árið 2011

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kjallari Port Ris Kvistir

Helstu breytingar

	Viðbygging
	Gluggabreyting
1992	Endurbætur
1992	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Finnur Birgisson	Arkitekt
Finnur Birgisson	Arkitekt

Saga

Páll Briem amtmáður keypti árið 1895 hluta af svokallaðri Barðslaut úr landi jarðarinnar Eyrarlands, sem var þá í eigu Akureyrarbæjar, þó svo að hún hafi þá enn verið utan bæjarmarka. Allt land milli bæjarhlutanna Innbæjarins/Akureyrar og Oddeyrar, taldist þá til Hrafnagilshrepps og var fyrir utan lögsögu byggingarnefndar Akureyrar. Hann samdi við Snorra Jónsson timburmeistara að byggja þar fyrir sig stórhýsi úr timbri með steinlímdu kjallara undir öllu húsinu og vatnsbrunni þar niðri. Verkinu átti að vera lokið eigi síðar en 14. maí 1896 en í fasteignamati er byggingarárið 1895. Guðlaugur Guðmundsson sýslumaður eignaðist húsið árið 1906 og fengu þá bæði húsið og hvammurinn nafn af sýslumanninum og var talað um Sýslumannshúsið og Sýslumannshvamminn. Sigurður Fanndal eignaðist húsið um 1915 og rak þar gistiheimili um fárra ára skeið. Árið 1921 eignaðist Steingrímur Jónsson frá Gautlöndum sýslumaður og bæjarfógeti á Akureyri húsið og bjó í því til æviloka 1956 en þá komst það í eigu Akureyrarbæjar. Skátafélag Akureyrar eignaðist húsið árið 1969 og breytti því í félagsheimili og nefndu það Hvamm. Því hefur verið mjög mikið breytt að innan frá fyrri gerð.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Akureyrarkaupstaður

Hönnun Bergsteinn Björnsson

Upphafleg notkun Skólahús



Barnaskólinn



Hafnarstræti 53 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kjallari Ris Kvistir Útitröppur Inng.skúr

Helstu breytingar

	Inngönguskúr
1930	Breytt í bókasafn
	Breytt í íbúð
1980	Endurbætur
2006	Endurbygging
2006	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Tryggvi Tryggvason

Saga

Þegar byggðin tók að vaxa á Oddeyrinni, varð nauðsynlegt að koma þar á skóla í einhverri mynd. Um tíma var þar kennsla á vegum bæjarins, en íbúar Oddeyrar færðust undan því að taka þátt í kostnaði, sem af skólarekstri bæjarins á Akureyrar stafaði. Árið 1895 ákvað bærarstjórnin að byggja nýtt skólahús og var Snorra Jónssyni timburmanni, falið að gera teikningar að húsinu og áætlun um byggingu þess. Húsinu var valinn staður á Torfunefi og framkvæmdum átti að ljúka fyrir 1898. Ekkert varð þó úr framkvæmdum í þetta sinn og var málið aftur tekið til umræðu 1898. Ný samþykkt var gerð í bærarstjórn það ár um sameiginlega skólabyggingu fyrir allan bæinn, og voru Páll Briem amtmaður, Friðrik Kristjánsson kaupmaður og Björn Jónsson kosnir til að annast framkvæmd verksins. Ekki voru menn á eitt sáttir um það, hvar skólinn skyldi standa. Vildu bæði Oddeyringar og Innbæingar hafa hann sem næstan sér. Nefndin lagði það til, að skólinn skyldi vera sem næst miðju vega milli bærarhlutanna, og samþykkti bærarstjórn það með naumum meirihluta. Var vegalengdin milli nyrsta og syðsta húss bæjarins mæld og húsinu valinn staður miðja vega á milli þeirra, að því er segir í grein í Stefni árið 1900. Á fyrsta fundi bærarstjórnar, árið 1899, var rætt nánar um fyrirkomulag barnaskólans. Ákveðið var, að skólstofurnar yrðu þrjár og skyldu rúma samtals 100 börn, er hvert um sig skyldi hafa 100 kúbikfet andrúmslofts. Var nefndinni falið að fá nýjar teikningar að húsinu. Þrjár tillögur voru gerðar og á grundvelli þeirra gerði Bergsteinn Björnsson teikningar að húsinu, sem bærarstjórn samþykkti að byggja eftir. Á teikningunum var ráð fyrir því gert, að skólinn yrði stækkaður síðar, ef þörf yrði á. Leitað var eftir tilboðum í smíðina, og var að lokum gengið að tilboði Bjarna Einarssonar. Bæjarfógeti vígði húsið hinn 18. október árið 1900 og þótti það þá bera af öllum skólahúsum landsins að hans sögn. Í Stefni birtist löng grein um hinn nýja barnaskóla þann 7. nóvember og þar kom fram að í húsinu væri fullkominn ofnakynding með loftþípum og auk þess var vatnsleiðsla inn í húsið sem þótti fullkomið á þessum tíma. Fyrstu árin eftir að skólinn tók til starfa, var gosdrykkjaverksmiðja í kjallaranum. Annars var kjallari skólans notaður til íbúðar, en árið 1922 var honum að hluta til breytt í kennsluhúsnæði. Kennst var í húsinu til ársins 1930, þegar nýr barnaskóli, uppi á brekkunni, var tekinn í notkun. Þá fékk Amtsbókasafnið húsið til afnota og var þar til húsa í 17-18 ár. Davíð Stefánsson frá Fagraskógi bjó í húsinu flest árin, sem safnið var þar. Um tíma rak Akureyrarbær saumastofu í gamla barnaskólanum. Seinna var skólinn svo notaður til íbúðar og var honum þá um tíma skipt í þrjár íbúðir. Búið var í húsinu fram undir árslok 1980 og skömmu síðar var hafin viðgerð á húsinu að utan. Leikfélag Akureyrar hafði leikmunadeild sína í húsinu alveg fram til ársins 2006 en þá var húsið selt til einkafyrirtækis. Í framhaldi var ráðist í gagngerar endurbætur á húsinu og það endurbyggt hólf í gólf í samræmi við kröfur Húsafriðunarnefndar. Að utan er það sem næst upprunalegu útliti en að innan var húsið lagað að þeirri starfsemi sem þurfti. Byggt var við húsið að sunnan til að bæta aðstöðuna. Árið 2007 tók Saga Capital Fjárfestingabanki til starfa í húsinu og var þar til ársins 2011 en nú eru skrifstofur í húsinu.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Góðtemplarareglan á Akureyri
Hönnun Guðbjörn Björnsson og Guðmundur Ólafsson

Upphafleg notkun Samkomuhús
 Annað



Samkomuhúsið um 1920.



Samkomuhúsið árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Pakgerð Risþak
Pakklæðning Bárújárn?
Undirstaða Hlaðnar úr grjóti
Útlit Tvílyft
 Kjallari
 Ris
 Turn
 Útitróppur

Helstu breytingar

1920 Viðbygging
 1945 Viðbygging
 2002 Endurbýgging
 2002 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Gísli Kristinsson og Páll
 Gísli Kristinsson og Páll

Saga

Árið 1902 reisti Góðtemplarareglan á Akureyri samkomuhús á þessum stað en það hús varð skjótt of lítið svo að árið 1906 seldu þeir gamla húsið til flutnings og réðust í byggingu á Samkomuhúsinu sem nú stendur. Leitað var eftir teikningum og lýsingum frá nokkrum aðilum og valdi bygginganefnd hússins teikningu eftir smiðina Guðbjörn Björnssonar og Guðmund Ólafsson. Þeir tóku að sér að byggja húsið og tóku eldra húsið upp í greiðslu. Smíði hússins gekk vel. Hafist var handa við smiðina sumarið 1906 og húsið var vígt á Þorláksmessu 1906 og hafði þá verið rúmt hálft ár í smíðum sem bendir til þess að húsið hafi komið tilensniðið frá útlöndum. Samkomusalurinn í húsinu var sannkallaður hátíðarsalur og svo rúmgóður að hann rúmaði þriðjung bæjarbúa og var lengi stærsti samkomusalur landsins. Góðtemplarareglan stóð ekki alveg ein og óstudd að byggingu hússins því gerður var samningur við bæjaryfirvöld um leiguafnot af ákveðnum hluta hússins og lögðu þau fram tæpan 1/3 af kostnaði við byggingu hússins í fyrirframgreidda leigu. Bæjaryfirvöld áttu að fá sal til funda, bókhlaðsal og lestrarsal fram af honum með forstofu auk þess sem bæjaryfirvöldum var tryggður réttur til að halda almennar samkomur í stærri sal hússins.

“Húsið er notað endrum og eins til leiksýninga og fyrir fundarhöld og samkomur ásamt veitingum. Leiksviðið er lýst með steinoliulömpum, en samkomusalurinn með Luxlömpum.” Í desembermánuði árið 1916 ákvað bæjarstjórnin að kaupa húsið fyrir 28.000 krónur og var gengið frá kaupunum 1917. Húsið var áfram notað til leiksýninga og samkomuhalds, en nú voru auk þess bæjarstjórnarfundir haldnir þar. Í kjallaranum var húsvarðaríbúð og auk þess bókhlaða, póstafréttisla og skrifstofur. Um 1920 var byggð einnar hæðar viðbót norðan við húsið, anddyri og stigi. Árið 1945 var gerð viðbótarbygging vestan við húsið, búningsherbergi og fleira. Sýningarsalurinn í húsinu var í upphafi glæsilegur með svalir á þrjá vegu og boga yfir leiksviðinu. Á veggjum voru málaðar spjaldaklæðningar. Freymóður Jóhannesson málaði tvær gyðjumyndir sem voru sín hvoru megin við bogann yfir leiksviðinu. Önnur þeirra er nú varðveitt á Minjasafninu á Akureyri. Sýningarsalurinn í Samkomuhúsinu hélst óbreyttur fram undir 1950 en þá var ráðist í miklar breytingar á honum. Hliðarsvalirnar voru teknar burt og skrautlegt tréverk var ýmist fjarlægt eða þá hulið sléttum plötum, Boginn yfir leiksviðinu var tekinn burt og gólfíð gert hallandi og sett fóst sæti frá Stálhúsgagnagerð KEA.

Árið 2002 hófust viðamiklar endurbætur á húsinu. Eldri viðbygging vestan við frá 1945 var rifin og byggð var ný steinsteipt viðbygging á tveimur hæðum vestan við húsið sem hýsir aðstöðu leikara. Klæðningar og gluggar voru endurnýjaðir og einangrun bætt. Turnin var endurbýggður og auk þess voru gerðar miklar endurbætur innanhúss m.a. sett lyfta í húsið. Borgarasalurinn sem áður hýsti bæjarstjórnarfundir var stækkaður og endurbættur og leiksalurinn var endurbættur og sett ný sæti. Þessum endurbótum lauk árið 2004. Leikfélag Akureyrar hefur frá stofnun 1917 haft höfuðstöðvar sínar í húsinu. Samkomuhúsið var friðað samkvæmt þjóðminjalögum árið 1978.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi Frederic Harry Jones

Hönnun



Hafnarstræti 63

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Samkomuhús



Hafnarstræti 63 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvilyft Einlyft Kjallari Útitröppur

Helstu breytingar

Viðbygging
Gluggabreyting
Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Saga

Enski trúboðinn Frederic Harry Jones lét byggja þetta hús árið 1901 og nefndi það Sjónarhæð. Hann stofnaði söfnuð sem kenndur er við húsið og starfar enn.

Við söfnuðinum tók Arthur Gook 1905 og stýrði honum lengi. Arthur Gook rak allmikla útgáfustarfsemi auk þess að stýra söfnuðinum. Hann mun fyrstur hafa kennt Akureyringum knattspyrnu er hann kenndi við Gagnfræðaskólann veturinn 1908-1909. Árið 1928 stofnaði hann útvarpsstöð, þá fyrstu á Norðurlandi og lét þá reisa tvö há og mikil möstur á sithvorum barmi Barðsgils en eftir að ríkisútvarpið var stofnað 1930 var honum synjað um rekstrarleyfi fyrir útvarpsútsendingar sínar. Auk þess var hann mikilvirkur ljósmyndari, stundaði smáskammtalækningar og tannlækningar ásamt konu sinni. Sjónarhæðasöfnuðurinn er enn með starfsemi sína í húsinu, samkomusal í norðurenda og íbúð í suðurenda. Söfnuðurinn rekur sunnudagaskóla fyrir börn og rekur einnig sumarþúðir við Ástjörn.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Stephan Stephensen

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Lækjargata 2 um aldamótin 1900. Húsið var fyrst einlyft



Lækjargata 2 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft
	Ris

Helstu breytingar

1902	Hækkun
	Ný klæðning
1950	Ný klæðning
	Ný klæðning
	Endurbætur
	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur

Saga

Stephan Stephensen byggði þetta hús í tveimur áföngum sem viðbyggingu sunnan við Frökenarhús (nú Lækjargötu 2a) sem hann hafði fest kaup á 1881. Fyrst byggði hann neðri hæð og ris árið 1894 en árið 1901 kviknaði í húsinu í miklum brunu sem grandaði mörgum elstu húsunum á Akureyri en fyrir snarræði og harðfylgi björgunarmanna að tókst að bjarga húsinu. Árið 1902 fékk Stephan leyfi til að stækka húsið. Hann reif þá rishæðina sem var töluvert skemmd eftir brunann og byggði heila hæð ofan á í staðinn. Húsið hefur verið klætt með ýmsum utanhússklæðningum í gegnum tíðina. Upphaflega var það með láréttum panel, en eigi síðar en 1916 var búið að klæða það með steinskífum. Ekki er ólíklegt að þær hafi verið settar á fljótlega eftir brunann 1901. Um 1950 var steinskífunum skipt út fyrir asbestplötur sem voru settar á framhliðar en bakhlið var enn með skífum. Húsið hefur nú verið endurbætt og aftur verið klætt með timburklæðningu.

Húsin Lækjargata 2 og 2a voru ein íbúð fram yfir 1940 en þá seldi Pétur Guðmundsson Kristni Jónssyni Frökenarhús og þá voru þau gerð að tveimur einbýlishúsum. Lækjargata 2 er 79,4 fermetrar að stærð.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Margrét Thorarensen

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Lækjargata 2A árið 1882. Tjaldað er með hvítu við suðurstafn



Lækjargata 2A Frökenarhús árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Timbur
Undirstaða Hlaðnar úr grjóti
Útlit Einlyft
Ris
Kvistir

Helstu breytingar

kvistur
Gluggabreyting
Útlitsbreyting, útihurð
1956 Ný klæðning
Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Saga

Byggingarár þessa húss hefur verið á reiki en heimildir benda þó til að það sé byggt af Margréti Thorarensen árin 1839-1840 en þá hafði hún búið á Akureyri í nokkur ár. Í febrúar 1840 skrifar frændi hennar Bjarni Thorarensen til Gríms Jónssonar að Margrét frænka hans sé að byggja sér hús á Akureyri. Það staðfestist þegar skoðaður er reikningur Margrétar í Gudmannsverslun á Akureyri árið 1840. Hún var greinilega að taka út efni í húsbyggingu og í júní 1840 tók hún einnig út timbur í girðingu umhverfis nýja húsið sitt. Margrét var ógift og fékk húsið nafnið Frökenarhús. Árið 1881 eignaðist Stephan Stephensen húsið og byggði sunnan við það viðbyggingu á tveimur hæðum í tveimur áföngum. Húsið var upphaflega timburklætt og með timburþaki og smárúðugluggum en það var múrhúðað að utan árið 1956. Þak var upphaflega með rennisúð en síðar var sett bárujárn og nú er stallað stál á þakinu. Kvistir á framhlið eru breyttir frá upphaflegri mynd, þeir voru minni og ekki báðir jafnstórir eins og nú er. Gluggar eru mikið breyttir og af myndum að dæma var ekki hurð á framhlið hússins en ekki er ósennilegt að hurðin hafi verið sett þegar húsið var gert að sér íbúðarhúsi um eða uppúr 1940. Stór skúr er áfastur húsinu að vestan og er hann að nokkru leyti hlaðinn úr steinsteiptum steinum. Þetta hús og Lækjargata 2 voru ein íbúð fram yfir 1940 en þá seldi Pétur Guðmundsson Kristni Jónssyni Frökenarhús og þá var þeim skipt í tvö íbúðarhús. Húsið er ekki stórt, grunnflötur neðri hæðar er rúmí 50 fermetrar og 25 fermetrar í risi.

Varðveislumat

Hús er friðað (blátt)

Fyrsti eigandi E.E. Möller

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Hlaða



Lækjargata 2B skömmu fyrir 1920.



Lækjargata 2B árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft
	Ris

Helstu breytingar

1920	Breytt í íbúð
1920	Endurbygging
1920	Útlitsbreyting
1993	Endurbygging

Hönnuðir breytinga

Logi Einarsson

Saga

Húsið var upphaflega byggt sem hlaða fyrir eigendur Gamla Möllershúss. Gamla Möllershús stóð áður á svipuðum slóðum og Aðalstræti 8 er nú en brann árið 1901. Ekki er vitað hvaða ár hlaðan er byggð. Af ljósmynd frá 1882 að dæma stóð hún á milli Möllershúss og Frökenarhúss, Lækjargötu 2a en aðeins vestar en þau. Árið 1880 var farið að huga að leggja veg upp Búðargilið en menn voru ekki á eitt sáttir hvar gatan skyldi liggja. Á endanum ákvað bæjarstjórnin að hagkvæmnast væri að leggja veginn upp frá þessari heyhlöðu en þar með strandaði málið. Bæjarbúum blöskraði þessi óráðsía með fjármuni bæjarsjóðs og vegalagning um Búðargilið var slegið á fresti í bili. Árið 1884 ákvað bæjarstjórnin engu að síður að kaupa hlöðuna til að rýma fyrir hinum nýja vegi upp Búðargilið. Það fór svo að hlaðan var ekki rifin heldur var henni smokrað inn á núverandi lóð. Huganlega getur það verið skýringin á því hvers vegna hún snýr stafni en ekki langhlið að götu sem er fremur óvenjulegt. Talið er að hlöðunni hafi verið breytt í íbúðarhús um 1920 enda eru til teikningar frá því ári sem sýnir húsið eins og það er í dag. Það hefur verið endurgert og nú sómir gamla hlaðan sér vel í þessari sérkennilegu þyrpingu húsa á horni Lækjargötu og Aðalstrætis.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Sigfús Jónsson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Verslun



Lækjargata 3 árið 1991.



Lækjargata 3 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Portbyggt ris
Þakklæðning	?
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Port Kvistir Ris Útitróppur Kjallari

Helstu breytingar

1947?	Inngönguskúr
	Skipt í tvær íbúðir
	Gluggabreyting
2002	Hækkun, nýr kjallari
2002	Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Opus Teiknistofa
Tómas Böðvarsson, Opus

Saga

Sigfús Jónsson snikkari frá Nunnuhóli fluttist til Akureyrar um 1876 og keypti Lilliendahlsbæinn svokallaða sem stóð á þessari lóð. Nokkrum árum síðar, hóf hann þar litla verslun og var upp frá því nefndur borgari. Árið 1896 reif Sigfús gamla Lilliendahlsbæinn og byggði húsið, sem enn stendur á lóðinni. Tveim árum síðar, byggði hann “myndaskúr” að húsabaki, líklega fyrir stjúp dóttur sína, Önnu Magnúsdóttur, sem fékkst við ljósmyndagerð. Anna fékkst ekki bara við ljósmyndun, hún keypti kvenhattaverslun árið 1910 og rak hana undir nafninu Baldursbrá í Lækjargötu 3. Þar voru til sölu nýmóðins hattar fyrir dómur, unglunga og telpur og þar fengust einnig helstu tískublöðin og ýmislegt til útsauma. Eftir daga Sigfúsar var húsinu skipt í tvær íbúðir, og um tíma bjuggu þar samtímis Sigurður Hlíðar dýralæknir og Ole Hertervig, sá er bruggaði fjallagrasalímonaði í kjallara barnaskólans. Um 1945 var neðri hæðinni skipt í tvær íbúðir. Árið 1947 var gerð lítil forstofubýgging við suðurhlíð hússins. Upp úr 1990 var húsið orðið illa farið og niðurnýtt og virtist bíða endaloka sinna. Þá keypti Örn Indriðason húsasmíðameistari húsið og hóf endurreisn þess árið 2001. Hann seldi það ekki fullklárað til Önnu Svövu Traustadóttur og Karls Hjartarsonar árið 2002 sem héldu ótrauð áfram við endurbyggingu þess. Þau lyftu húsinu og steiptu nýjan kjallara undir húsið þar sem gamli steinhláðni kjallarinn var alveg ónothæfur. Þau útbjuggu litla íbúð í kjallararnum og bjuggu þar meðan þau unnu að endurgerð eldri hluta hússins. Húsið er nú klætt aftur liggjandi panel eins og var í upphafi á húsinu og gluggar eru í upprunalegum stíl þó með tvöföldu gleri. Auk þess að endurbyggja húsið hafa eigendur lagt mikla rækt og metnað í frágang utanhúss. Þau hlutu viðurkenningu Húsverndarsjóðs Akureyrarbæjar árið 2003 fyrir endurbyggingu hússins.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Stefán Thorarensen

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Hlaða



Ljósmynd af húsinu frá því skömmu fyrir 1920



Lækjargata 4 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	?
Þakklæðning	?
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Kjallari

Helstu breytingar

1920	Hækkun
1923	Viðbygging
	Gluggabreyting
	Ný klæðning
	Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur

Saga

Þetta hús mun líklega að stofni til vera heyhlaða sem Stefán Thorarensen flutti á lóð vestan við húsið sitt í Aðalstræti 6 árið 1870. Ekki er vitað hvort hlaðan var þá nýbyggð. Þegar Hinrik Schiöth keypti Aðalstræti 6 af Stefáni mun hlaðan hafa fylgt með í kaupunum. Henrik breytti henni í krambúð og vörugymsluhús. Árið 1920 var húsið hækkað um eina hæð og í brunavirðingu sama ár var skrifstofa og vörugymsla á neðri hæðinni og risi var vörugymslupláss. Árið 1923 fékk Carl Schiöth sonur Hinriks leyfi til að byggja tvílyftan steinsteypuskúr áfast við vesturhlíð hússins og átti það að vera forstofa. Ekki er ólíklegt að forstofubyggingin hafi verið liður í að breyta húsinu í íbúðarhús því í brunavirðingu árið 1928 eru íbúðir á báðum hæðum og 8 herbergi í risi. Húsið var upphaflega klætt lárétrri timburklæðningu en var seinna klætt bárujárni sem nú hefur verið skipt út fyrir timburklæðingu. Húsið skemmdist í eldi árið 1936 og var nokkuð endurbætt eftir það. Nú er ein íbúð í húsinu. Það hefur á síðustu árum verið endurgert af natni. Húsið er 247,7 ferm. að stærð.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Þórður Thorarensen og Jakob Gíslason

Hönnun Jón Chr. Stephánsson?

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Lækjargata 6 árið 1985.



Lækjargata 6 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Timbur
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Tvílyft Kjallari Ris

Helstu breytingar

Inngönguskúr
Ný klæðning
Gluggabreyting
Svalir
Ný svalahurð
1999 Endurgerð uppr.l. útlits

Hönnuðir breytinga

Óþekktur	Arkitekt
Óþekktur	
Óþekktur	
Óþekktur	
Óþekktur	
Óþekktur	
Finnur Birgisson	

Saga

Páli Árdal var árið 1886 útmæld lóð sem átti að standa 10 álnir fyrir vestan hlöðu Stefáns bæjarfógeta, Lækjargötu 4. Ekkert varð úr því að Páll byggði á lóðinni heldur tóku þeir Þórður Thorarensen gullsmiður og Jakob Gíslason söðlasmiður við henni og létu byggja húsið 1886. Hús þeirra var ekki með hefðbundnu sniði. Það var steipt í bindin þ.e. kalksteypa var í húsgrindinni og að utan var húsið klætt nýstárlegri klæðingu sem voru lágrétt strikuð borð sem voru felld inn í lok sem negld voru framan á veggjastoðir. Ekki ósvipað byggingarlag hafði verið notað nokkrum árum áður við byggingu ráðhússins 1874 og sama ár og Lækjargata 6 var byggð reis samskonar hús við Aðalstræti 12 sem hét Jensensbaukur. Það hús byggði Jón Chr. Stephánsson húsasmiðameistar og því er ekki ólíklegt að hann hafi einnig komið að byggingu Lækjargötu 6. Árið 1899 var vegur lagður milli húsanna við Lækjargötu 4 og 6 og minnkaði lóð hússins við það. Seinna var húsið klætt að utan með bárujáni og það augnstungið þ.e. póstar og grindur fjarlægðar úr gluggum. Árið 1981 fór fram húsakönnun á þessu svæði og í framhaldi af henni var gert deiliskipulag fyrir svæðið. Samkvæmt því átti húsið að víkja til að breikka gatnamót Spítalavegar og Lækjargötu. Árið 1998 skemmdist húsið í eldsvoða og í framhaldi af því fóru bæjaryfirvöld fram á að rífa húsið. Húsafríðunarnefnd og Minjasafnið á Akureyri létu kanna ástand hússins og töldu byggingarsögulegt gildi þess ótvírætt. Húsafríðunarnefnd lagðist gegn niðurrífi og um tíma var framtíð þess í óvissu. Að lokum varð niðurstaðan sú að Akureyrarbær seldi húsið árið 1999 með þeim kvöðum að það yrði endurbyggt í samræmi við skilmála húsafríðunarnefndar. Guðrún Jónsdóttir og Sölvi Ingólfsson hafa endurbyggt húsið í sem næst upprunalegri mynd nema forstofa með svölum ofan á er við vesturgöfl. Þau fengu viðurkenningu húsverndarsjóðs Akureyrar árið 2012 fyrir endurgerð og í umsögn segir að húsið hafi verið gert upp af mikilli natni, spili stórt hlutverk í fallegri og sjarmerandi götumynd og sé bænum til mikils sóma.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Jónas Kráksson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Lækjargata 7 um 1915.



Lækjargata 7 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Ris

Helstu breytingar

1907	Viðbygging
1907	Hækkun
1921	Endurbætur f. bruna

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur

Saga

Árið 1877 keypti Jónas Kráksson lóðina af Sigfúsi Jónssyni og byggði þar hús í félagi við Jón Kol, 8x6 álnir að grunnfleti, einlyft með risi, er sneri austur-vestur. Það hús er stofninn að því húsi sem enn stendur. Hallgrímur Kristjánsson keypti húsið af þeim og síðar bjuggu þar dóttir hans, Oktavía, og maður hennar Jón Steingrímsson. Árið 1907 fékk Hallgrímur leyfi til að breikka húsið til suðurs um álnir og jafnframt að snúa risi hússins frá norðri til suðurs í stað þess að láta það snúa frá austri til vesturs. Árið 1921 skemmdist húsið mikið í bruna og var þá endurbyggt að miklu leyti óbreytt. Þá voru útveggir timburklæddir og pappaklætt þak á húsinu. Síðar var húsið múrhúðað utan og bárujárn sett á þakið. Af heimildum að dæma er erfitt að átta sig á hvað er eftir af upprunalega húsinu.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Jóhannes Jónsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun



Húsið fyrir miðri mynd er Lækjargata 9 um 1905.



Lækjargata 9 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Pappi?
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Ris Kjallari

Helstu breytingar

1897	Viðbygging
	Múrhúðun
	Gluggabreyting
	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur

Saga

Árið 1894 mældi byggingarnefndin út fyrir húsi að stærð 10x8 álnir, handa Jóhannesi Jónssyni en hann vildi flytjast til Akureyrar til að stunda smíðar, aðallega skipasmíðar. Húsið skyldi vera í línu með götunni upp gilið og í stefnu við austurgafli á húsi Hafliða Þorsteinssonar, Lækjargötu 9a. Jóhannes byggði húsið árið 1895. Tveim árum seinna byggði Jóhannes 6 álna langan skúr vestan við íbúðarhúsið, jafnbreiðan því. Húsið er nú múrhúðað.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Hafliði Þorkelsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun



Lækjargata 9A um 1915. Það er lengst til hægri á myndinni.



Lækjargata 9A árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Ris Inng.skúr Kjallari

Helstu breytingar

1897	Viðbygging
	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Óþekktur

Saga

Ekki er ljóst, hvenær var fyrst byggt á þessari lóð en vitað er að áður stóð þar torfbær líklega í eigu Rögnvaldar Ólafssonar. Í kringum 1870 keyptu Hafliði Þorkelsson og Jóhannes Jónsson torfhúsið og í manntali árið 1880 búa þeir þar báðir með fjölskyldur sínar auk einnar fjölskyldu í viðbót alls 16 manns. Árið 1894-95 byggði Jóhannes húsið nr. 9 við Lækjargötu á sömu lóð, og má telja að Hafliði hafi um svipað leyti byggt húsið nr. 9a, þó að ekkert verði um það sagt með vissu. Víst er þó, að árið 1897 er Hafliði einn skráður eigandi lítills timburhúss á þessari lóð, og það ár lengdi hann það um 8 álnir til vesturs. Grunnflötur þess húss, sem hann bjó í fyrir lenginguna, var um 12 fermetrar. Húsið hefur haldist lítið breytt frá þessum tíma og er enn mjög sérstakt vegna smæðar sinnar og hve heilsteipt það er, þótt byggt hafi verið í áföngum.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Sigurður Pétursson

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Litla húsið fremst til vinstri er Lækjargata 11 um 1915



Lækjargata 11 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Torf
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft
	Ris
	Inng.skúr

Helstu breytingar

Inngönguskúrar
1930? Þakhækkun
1930? Kvistur
1930? Viðbygging
Gluggabreyting
Múrhúðun

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur

Saga

Árið 1874 fékk Sigurður Pétursson trésmiður úthlutað þessari lóð fyrir húsið sitt. Í húsavirðingabók Akureyrarkaupstaðar árið 1878 er hús Sigurðar sagt fárra ára gamalt og með torfþaki. Kristján Sigurðsson, kaupmaður, sonur hans, bjó þar síðan og fékk lóðina stækkaða til suðurs árið 1908. Sveinn Bergsson keypti húsið af Kristjáni en ekki er vitað hvaða ár. Í brunavirðingu árið 1916 segir að tveir litlir skúrar séu sinn á hverri hlið hússins og sjást þeir vel á ljósmynd af húsinu frá því um 1915. Árni Þorleifsson eignaðist húsið árið 1918 og stækkaði það og breytti því mikið um 1930. Hann hækkaði húsið og byggði á það portbyggt ris og setti stóran kvist á suðurhlíð. Auk þess byggði hann skúr norðan við húsið. Síðar var húsið klætt utan með asbestplötum. Húsið er 94,6 ferm. að stærð.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

Fyrsti eigandi Pálína Guðjónsdóttir

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun



Lækjargata 11A (t.v.) um 1915. Hluti af ljósmynd.



Lækjargata 11A árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Ris Tvilyft

Helstu breytingar

	Hækkun og breikkun
	Viðbygging
	Gluggabreyting
1992	Ný klæðning
1992	Þakbreyting

Hönnuðir breytinga

	Óþekktur
	Óþekktur
	Óþekktur
	Haraldur S. Árnason
	Haraldur S. Árnason

Saga

Byggingarsaga hússins er óljós. Líklegt er að Pálína Guðjónsdóttir hafi byggt fyrst lítið steinhús í gömlu smiðjustæði Sigurðar Péturssonar en ekki hefur fundist byggingarheimild fyrir húsinu en í fasteignamati er það sagt byggt árið 1907. Árið 1916 er húsinu lýst sem litlu tvílyftu íbúðarhúsi með lágu risi og passar það við ljósmyndina af húsinu frá því um 1915. Þá er Aðalbjörg Þorkelsdóttir eigandi hússins. Á neðri hæð var þá ein stofa og forstofa en á efri hæð ein stofa, eldhús og geymsla. Byggt hefur verið við húsið í áföngum, það breikkað og hækkað auk þess sem einlyft viðbygging hefur verið byggð til suðurs og við þessar viðbyggingar hefur gluggum verið breytt. Um 1992 var farið í miklar endurbætur á húsinu, það var einangrað að utan með steinull og klætt bárujárni og nýtt þak var sett ofan á eldra þak og það einnig klætt bárujárni. Húsið er því mikið breytt frá upphaflegri mynd en segja má að suðvesturhliðin sé langhlið gamla hússins og gluggi á suðurhlið virðist enn vera á upphaflegum stað miðað við gamlar ljósmyndir. Það er nú 96 ferm. að stærð.

Um áratugaskeið var litill íbúðarskúr, nefndur Dísukofí, úr timbri áfastur við austurhlið en í mati árið 1916 var það hús talið ónýtt og var það síðar rífið.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Sigurður Sumarliðason

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Lækjargata 14 árið 1985.



Lækjargata 14 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Múrsteinshús
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Bárújárn?
Undirstaða Steinsteyptar
Útlit Einlyft
Kjallari
Ris

Helstu breytingar

1926 Viðbygging
1926 Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Saga

Sigurður Sumarliðason, skipstjóri, keypti 158 fermetra lóð af bænum árið 1914 og byggði húsið, sem þar stendur, úr múrsteinum, sem hann flutti til landsins á skipi sínu. Árið 1926 byggði hann steinsteyptan skúr við norðurhlíð húss síns og breytti gluggaskipan á kjallaranum.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Benedikt Ólafsson og Sigurbjörn Sveinsson?

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Lækjargata 18.



Lækjargata 18 og 18A árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur□?
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Timbur?
Undirstaða	Hlaðnar úr grjóti
Útlit	Einlyft Port Ris Kjallari

Helstu breytingar

Viðbygging
Gluggabreyting
Ný klæðning
Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur
Óþekktur

Saga

Byggingarár hússins er óljóst þar sem ekki finnast nein byggingarnefndarleyfi fyrir því en þess er getið í húsavirðingabókum Akureyrar árið 1882 og í fasteignamati er byggingarárið 1880. Líklegt er að Benedikt Ólafsson hafi byggt húsið og hugsanlega Sigurbjörn Sveinsson trésmiður með honum þó að hans sé ekki getið sem eiganda í húsavirðingabókum. Í manntali árið 1880 er Sigurbjörn og fjölskylda hans til heimilis í húsi Benedikts sem þá hýsir fjórar fjölskyldur alls 15 manns.

Skúrar voru byggðir vestan við húsið skömmu eftir aldamótin 1900 og stór skúr var byggður norðan og vestan við Lækjargötu 18A.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Guðmundur Vigfússon

Hönnun

Upphafleg notkun Hlaða

Gripahús



Lækjargata 22 árið 1985.



Lækjargata 22 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning ?
Þakgerð ?
Þakklæðning ?
Undirstaða Hlaðnar úr grjóti
Útlit

Helstu breytingar

1916 Breytt í íbúð
1917 Breytt í íbúð
1928 Hækkun
1953 Viðbygging
1938 Viðbygging
Gluggabreyting
Múrhúðun
2011 Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1906 fékk Guðmundur Vigfússon, skósmiður, heimild byggingarnefndarinnar til að byggja heyskúr og fjós á lóð Jóns Jónssonar í Lækjargötu. Árið 1916 var búið að breyta vesturhluta hússins í íbúðarhús. Þá bjó þar Bjarni Bjarnason og keypti hann eignina af Guðmundi Vigfússyni. Eystri hluti hússins var þá hesthús og heyhlaða Júlíusar Jóhannessonar. Sveinn Jónsson, sokkasmíður, keypti hesthúsið og breytti því í íbúðarhús árið 1917. Hús hans var einlyft, með háu risi, á háum kjallara. Árið 1928 var eystri hlutinn hækkaður um eina hæð og árið 1938 var gefið leyfi til að byggja 2ja hæða viðbyggingu við vesturgafinn. Gunnar Konráðsson byggði stofu við húsið árið 1953, 5x4 m að grunnfleti. Húsið er margvíslega samsett af viðbyggingum í gegnum áratugina og er gott dæmi um hvernig hús voru löguð af þörfum fólks á hverjum tíma.

Varðveislumat

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

Fyrsti eigandi Jón Sigurpáll Hansen

Hönnun Haraldur Árnason

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Naustafjara 2 árið 2011.



Naustafjara 2 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur

Klæðning Timbur

Þakgerð Risþak

Þakklæðning Stál

Undirstaða Steinsteyptar

Útlit Einlyft

Ris

Kvistir

Bílskúr

Helstu breytingar

1996 Tengibygging

Hönnuðir breytinga

Haraldur Árnason

tæknifræðingur

Saga

Húsið er byggt eftir teikningum Haraldar Árnasonar tæknifræðings.

Varðveislumat

Fyrsti eigandi Jón Björnsson
Hönnun Haraldur Árnason

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Naustafjara 4 árið 2011.



Naustafjara 4 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Stál
Undirstaða Steinsteyptar
Útlit Einlyft
Ris
Kvistir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið er byggt eftir teikningum Haraldar Árnasonar tæknifræðings.


Varðveislumat

Fyrsti eigandi Guðmundur Vigfússon

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Skósmiðastofa



Spítalavegur 1 skreytt í tilefni af konungskomu árið 1907.



Spítalavegur 1 árið 2011.

Upphafleg gerð húss

Tegund Timbur, stokkverk
Klæðning Timbur
Þakgerð Risþak
Þakklæðning Pappi?
Undirstaða Hlaðnar úr grjóti
Útlit Tvílyft
Kjallari
Ris
Útitróppur

Helstu breytingar

1907 Viðbygging
Gluggabreyting
1936 Breytt í íbúð
Svalir
2009 Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Óþekktur

Saga

Húsið reisti Guðmundur Vigfússon skósmiður árið 1903. Hann hafði numið skósmiðaiðn í Danmörku en hafði verið skósmiður á Sauðárkróki áður en hann kom til Akureyrar. Árið 1907 lengdi hann húsið til suðurs með tvílyftri viðbyggingu. Aðalhúsið var úr timbri, plankabyggt, með lárétrri vatnslæðningu og framhlið viðbyggingarinnar en hinsvegar var suðurgafli og vesturhlið viðbyggingarinnar úr steinsteypu. Ekki er ósennilegt að Sigtryggur Jónsson hafi byggt húsið fyrir Guðmund en vitað er að hann breytti húsinu töluvert að innan fyrir Guðmund. Þegar húsið var nýbyggt var það talið vera við Eyrarlandsveg nr. 1 en það átti gatan frá Aðalstræti upp brekkurnar og alla leið út á Torfunef á að heita. Fljótlega var farið að nefna þennan hluta götunnar Spítalaveg og frá og með 1906 taldist húsið vera Spítalavegur 1.





Guðmundur var með skóverkstæði sitt og ver slun á neðri hæðinni í viðbyggingunni. Hann var annálaður skósmiður og skóverslun hans var sú fyrsta sem var stofnuð á Akureyri árið 1890. Guðmundur bjó með fjölskyldu sinni í aðalhúsinu en einnig bjuggu þar lærlingar hans meðan á námi þeirra stóð.

Árið 1936 lét Guðrún Guðmundsdóttir, ekkja Guðmundur, breyta ver slunarplássinu í íbúð og lengi hafa verið þrjár íbúðir í húsinu, ein á hvorri hæð í aðalhúsingunni og ein í viðbyggingunni. Í gegnum árin hefur ytra útlit hússins verið einfaldað. Upphaflega voru skrautbönd framn á húsinu en þau hafa nú verið einfölduð að útliti. Gluggum hefur verið breytt með því að fjarlægja ramma úr þeim og skipt hefur verið um útidyrarhurðir. Útidyratröppur eru nokkuð breyttar frá upphaflegri mynd. Á bakhlið hússins hafa verið settar nýjar hurðir til að tengja húsið betur við baklóðina.

Varðveislumat

Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)



- Skýringar
-  Húsið er friðað.
 -  Einstakt hús, húsaröð, götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd.
 -  Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd.
 -  Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss.

Heimildaskrá:

Óprentaðar heimildir:

Þjóðskjalasafn:

B.III.35. Hin umboðslega endurskoðun: Húsavirðingabækur Akureyrarkaupstaðar og Eyjafjarðarsýslu 1878-1903

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (Hskjs. Ak):

A-5/126 Lóðir og lönd. Nýjar skipulagstillögur

A-109a/1 Skipulagsmál, fundargerðir skipulagsnefndar 1948-1961

A109a/2 Skipulagsmál, fundargerðir skipulagsnefndar 1961-1970

A-1/207 Skjöl frá bæjarstjórn, bæjarstjóra og bæjargjaldkerfa. Innkomin bréf

A-109/b/14. "Lýsing á skipulagi Akureyrarkaupstaðar" Greinargerð með uppdrættinum frá 1927 með reitanúmerum og lýsingum á hverjum reit. Undirritað í Reykjavík 12. júlí 1926 af Guðmundi Hannessyni og Guðjóni Samúelssyni. Aftast er viðauki á lýsingu á skipulagi og er hann dagsettur í Rv. 30 ágúst 1927 og undirritaður af Geir. Zoega, Guðmundi Hannessyni og Guðjóni Samúelssyni.

A-109/b/11 Aðalskipulag Ak. 1990-2010, staðfestur uppdráttur.

A-109/b/10 Aðalskipulag Ak. 1990-2010, greinargerð með uppdr. tekin saman af Finni Birgissyni. Skipulagsdeild Ak. 1991.

A-109/b/13 Aðalskipulag Ak. 1998-2018, Tillaga

Fundargerðir byggingarnefndar 1863-(vérlitað)

Brunavirðingabækur Brunabótafélags Íslands 1917-

Fundargerðir bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar 1862-(vérlitað)

Manntöl Akureyrarkaupstaðar

Óskráð eldri kort yfir Akureyri

Skipulags- og byggingardeild Akureyrarbæjar:

Teikningasafn: Húsateikningar

Skipulagskort

Prentaðar heimildir:

Aðalskipulag Akureyrar 1972-1993. Rv. 1974

Aðalskipulag Akureyrar 1990-2010. Greinargerð tekin saman af Finni Birgissyni. Ak. 1991

Aðalskipulag Akureyrar 1998-2018. Greinargerð. Ak. 1998

Af norskum rótum. Gömul timburhús á Íslandi. Rv. 2003

Guðmundur Hannesson: *Um skipulag bæja,* Rv. 1916.

Jón Hjaltason: „Um uppruna gömlu húsanna í Fjörinni“. Sútur 32, 1992.

Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar I-V.* Ak. 1990-20

Hjörleifur Stefánsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Oddeyri, húsakönnun,* Akureyri 1995.

Hjörleifur Stefánsson: *Akureyri, Fjaran og Innbærinn, Byggingarsaga,* Rv.1986.

Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar,* Ak. 1948.

Páll Líndal: „ Um skipulag í Akureyrarbæ og öðrum bæjum hér á landi“. *Norðurland 13. feb. 1904.*

Páll Lýðsson: *Bæirnir byggjast,* Reykjavík 1982.

Steindór Steindórsson: *Akureyri, höfuðborg hins bjarta norðurs.* Rv. 1993.

Zóphónías Pálsson: *Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938-1988.* Rv. 1990.

Höfundar ljósmynda:

Eðvarð Sigurgeirsson (E.S.)

Gísli Ólafsson (G.Ó.)

Hallgrímur Einarsson (H.E.)

Hörður Geirsson (H.G.)

Sverrir Pálsson (S.P.)

Vígfús Sigurgeirsson (V.S.)